ML í lögfræði

Vinnumansal og annars konar hagnýting á vinnumarkaði

Er tilefni til breytinga á almennum hegningarlögum?

Maí, 2023

Nafn nemanda: Sigurbjörg Birta Berndsen

Kennitala: 181296-2249

Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Útdráttur

Vinnumansal og annars konar hagnýting á vinnumarkaði: Er tilefni til breytinga á almennum hegningarlögum?

Meginefni ritgerðar þessarar er vinnumansal og annars konar brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði sem felst í hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Leitað er svara við því hvort breytinga sé þörf á íslenskri löggjöf svo betur sé unnt að sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Í því skyni er ítarlega fjallað um inntak og skilyrði beitingar mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hvernig vinnumansal fellur að ákvæðinu. Jafnframt er dómaframkvæmd íslenskra dómstóla er ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga varðar rakin. Þá er fjallað um ákvæði íslenskra laga er kveða á um einhvers konar viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði, en flest eiga þau það sameiginlega markmið að sporna gegn félagslegum undirboðum og hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Sérstaklega er vikið að nýlegum breytingum á refsilöggjöf Norðurlandanna, en þar hafa ný ákvæði verið lögfest í hegningarlög í því skyni að auka vernd þeirra sem alvarlega eru hagnýttir til vinnu.

Helstu niðurstöður ritgerðar þessarar eru að tilefni kunni að vera til breytinga á íslenskri löggjöf í því skyni að betur sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Rannsókn og saksókn vinnumansalsmála á Íslandi er ýmsum vandkvæðum bundin, þar sem skilyrði mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a almennra hegningarlaga eru einkar flókin og sönnunarkröfur þungar. Þannig kann oft að vera óljóst hvort háttsemi falli að verknaðarlýsingu 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga. Þá er algengt að ekki takist að færa sönnur á að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Í slíkum tilvikum geta þó önnur ákvæði laga er kveða á um refsingu eða viðurlög við brotum á vinnumarkaði mögulega komið til álita. Aftur á móti eru slík viðurlög og refsingar fremur væg og e.t.v. ekki til þess fallin að sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga til vinnu með skilvirkum hætti. Í ljósi alls framangreinds telur höfundur að tilefni sé til breytinga á almennum hegningarlögum í því skyni að betur tryggja að þeir sem alvarlega hagnýta einstaklinga til vinnu og sniðganga réttindi þeirra samkvæmt lögum og kjarasamningum verði gerð viðeigandi refsing í samræmi við alvarleika slíkra brota. Leggur höfundur fram tillögu að slíkri breytingu, en fyrirmynd hennar er sótt til nýlegs ákvæðis sænsku hegningarlaganna.

Abstract

Human Trafficking for the Purpose of Labour Exploitation and Other Forms of Exploitation on the Labour Market: Is there a Need for Amendments to the Icelandic Penal Code?

The main topic of this thesis is human trafficking for the purpose of labour exploitation and other offences according to Icelandic law that involve the exploitation of workers. The object of the thesis is to examine whether there is a need for amendments to Icelandic law in order to better prevent serious exploitation of workers. For that purpose the content and conditions of paragraph 1 of Article 227 a of the Icelandic Penal Code No. 19/1940, which criminalizes human trafficking, are discussed in detail. Icelandic judgements regarding the Article are also examined. Furthermore, provisions in Icelandic law that entail some form of sanctions or punishment for labour market violations and have the common objective of preventing the exploitation of workers on the Icelandic labour market, are examined. Recent amendments to the penal legislation in the Nordic countries are discussed, where new provisions have been enacted to increase the protection for individuals who are exploited on the labour market.

The main findings of the thesis indicate a need for changes to Icelandic legislation in order to better combat serious exploitation of individuals on the labour market. Investigation and prosecution of human trafficking cases for the purpose of labour exploitation are faced with various difficulties, as the conditions of paragraph 1 of Article 227 a of the Icelandic Penal Code are quite complex and the burden of proof is heavy. Thus, it can often be unclear whether conduct falls within the scope of the provision, and whether the conditions of the provisions have been met. In such cases, other provisions in Icelandic law that provide for some form of sanctions or punishments for labour market violations may come into play. However, such sanctions and punishments are relatively mild and may not effectively prevent serious exploitation of workers. In light of all the above, the author is of the opinion that amendments are necessary to the Icelandic Penal Code to better ensure that those who seriously exploit workers and violate their rights according to Icelandic laws and collective agreements are appropriately punished in accordance with the seriousness of their offences. The author proposes such amendments, drawing inspiration from a newly enacted provision in the Swedish Penal Code.

Efnisyfirlit

Lagaskrá v

Dómaskrá ix

1. Inngangur 1

2. Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands er varða mansal 4

2.1. Palermó-samningurinn og bókunin við hann 4

2.2. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali 7

3. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um mansal og beiting þess 10

3.1. Þróun og tilkoma ákvæðis 227. gr. a. almennra hegningarlaga 10

3.2. Núgildandi ákvæði 227. gr. a. almennra hegningarlaga 13

3.3. Verknaðarlýsing 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga 15

3.3.1. Verknaður 16

3.3.2. Verknaðaraðferð 19

3.3.3. Tilgangur verknaðar 22

3.3.4. Samþykki brotaþola 26

3.4. Íslensk dómaframkvæmd er varðar mansal 27

3.4.1. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 105/2010 27

3.4.2. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-190/2010 29

3.4.3. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 224/2010 30

3.4.4. Dómur Landsréttar í máli nr. 324/2022 33

3.5. Barátta Íslands gegn vinnumansali á villigötum? 36

4. Félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði 40

4.1. Ákvæði laga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði 41

4.2. Áherslur stjórnvalda í tengslum við brotastarfsemi á vinnumarkaði 44

4.3. Mörk og skörun við vinnumansal 45

5. Er tilefni til frekari breytinga á almennum hegningarlögum? 50

5.1. Ákall um refsingu við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði 50

5.2. Nýlegar breytingar á Norðurlöndunum 52
5.2.1. Svíþjóð 52
5.2.1.1. Verknaðarlýsing ákvæðis 4:1b sænsku hegningarlaganna 53
5.2.1.2. Skil og mörk við vinnumansal 56
5.2.1.3. Túlkun Hæstaréttar Svíþjóðar á ákvæði 4:1b sænsku hegningarlaganna 58
5.2.2. Danmörk 60
5.3. Ætti Ísland að fara sænsku leiðina? 61
6. Lokaorð 66
Heimildaskrá 70

Lagaskrá

Íslensk löggjöf

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002

Lög um mannréttinasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980

Lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005

Lög um útlendinga nr. 80/2016

Lög um útsenda starfsmenn og skyldur þjónustveitenda nr. 45/2007

Skaðabótalög nr. 50/1993

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Íslensk breytingarlög

Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12 febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal) nr. 40/2003

Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti) nr. 149/2009

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (mansal) nr. 79/2021

Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal) nr. 72/2011

Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum nr. 97/1995

Brottfallin íslensk lög

Lög um útlendinga nr. 96/2002

Dönsk löggjöf

Lbkg nr. 1360 af 28.09.22 (straffeloven)

Lov nr. 696 af 24.05.22 om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven

Norsk löggjöf

Lov om Straff (straffeloven) 5 mai 2005 nr. 28

Sænsk löggjöf

Brottsbalken (1962:700)

Arbetstidslag (1982:673)

Arbetsmiljölag (1977:1160)

Lag (2018:601) om ändring i brottsbalken

Evrópulöggjöf

Directive 2011/36/EU of the European Parliament and of the Council of 5 April 2011 on preventing and combating trafficking in human beings and protecting its victims

Alþingstíðindi

A-deild

Alþt. 1956–1957, A-deild, þskj. 197 – 101. mál

Alþt. 2002–2003, A-deild, þskj. 918 – 567. mál

Alþt. 2006–2007, A-deild, þskj. 80 – 80. mál

Alþt. 2007–2008, A-deild, þskj. 787 – 493. mál

Alþt. 2009–2010, A-deild, þskj. 16 – 16. mál

Alþt. 2009–2010, A-deild, þskj. 915 – 526. mál

Alþt. 2010–2011, A-deild, þskj. 1389 – 785. mál

Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917 – 550. mál

Alþt. 2020–2021, A-deild, 550. mál, umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2017

Alþt. 2020–2021, A-deild, 550. mál, umsögn Rauða krossins á Íslandi við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2313

Alþt. 2020–2021, A-deild, 550. mál, umsögn Vinnueftirlitsins við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2243

Alþt. 2020–2021, A-deild, 550. mál, umsögn Alþýðusambands Íslands við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2268

Alþt. 2020–2021, A-deild, 550. mál, nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal), Þ 151/1541

B-deild

Alþt. 2020–2021, B-deild, 550. mál, 61. fundur (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) skoðað 2. desember 2022

Alþt. 2020–2021, B-deild, 550. mál, 105. fundur (Bergþór Ólason) skoðað 2. desember 2022

Alþt. 2020–2021, B-deild, 550. mál, 105. fundur (Helgi Hrafn Gunnarsson) skoðað 2. desember 2022

Alþt. 2020–2021, B-deild, 550. mál, 107. fundur (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir) skoðað 2. desember 2022

Dönsk lögskýringargögn

Forslag til lov om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven (Styrket indsats mod menneskeudnyttelse) 2021/1 LSF 111

Sænsk lögskýringargögn

Regeringens proposition 2017/18:123

Alþjóðasamningar

Abolition of Forced Labour Convention, 1957 (No. 105) (samþykktur 25. júní 1957, tók gildi 17. janúar 1959)

Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings (samþykktur 3. maí 2005, tók gildi 1. febrúar 2008)

Forced Labour Convention, 1930 (No. 29) (samþykktur 28. júní 1930, tók gildi 1. maí 1932)

International Covenant on Civil and Political Rights (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) 999 UNTS 171

Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime (samþykktur 15. nóvember 2000, tók gildi 25. desember 2003) 2237 UNTS 319

Slavery Convention (samþykktur 26. september 1926, tók gildi 9. mars 1927) 60 LNTS 253

The United Nations Convention against Transnational Organized Crime (samþykktur 15. nóvember 2000, tók gildi 29. september 2003) 2225 UNTS 209

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010

Hrd. 3. júní 2010 í máli nr. 105/2010

Hrd. 23. febrúar 2016 í máli nr. 143/2016

Hrd. 9. mars 2016 í máli nr. 177/2016

Hrd. 8. apríl 2016 í máli nr. 259/2016

Hrd. 30. maí 2016 í máli nr. 403/2016

Hrd. 1. júlí 2016 í máli nr. 478/2016

Dómar Landsréttar

Dómur Landsréttar 4. október 2019 í máli nr. 655/2018

Dómur Landsréttar 17. febrúar 2023 í máli nr. 324/2022

Dómar héraðsdómstóla

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. júlí 2010 í máli nr. S-190/2010

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2021 í máli nr. E-3209/2019

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. apríl 2022 í máli nr. S-2066/2021

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Siliadin g. Frakklandi ECHR 2005-VII 333

Van Der Mussele g. Belgíu (1986) Series A nr. 70

Dómar Hæstaréttar Svíþjóðar

NJA 2022 s. 23

Úrskurðir

Úrskurður félagsmálaráðuneytisins 10. júní 2020 í máli nr. 002/2020

Ákvarðanir

Ákvörðun Hæstaréttar 5. maí 2023 nr. 2023-42

1. Inngangur

Mansal er alvarlegt mannréttindabrot sem verulega vegur að friðhelgi, frjálsræði og mannlegri reisn þolenda þess.[1] Birtingarmyndir og einkenni mansals geta verið margvísleg, en eiga þó það sameiginlegt að einstaklingur er alvarlega hagnýttur geranda til ábata.[2] Þolandi mansals getur þannig t.d. verið hagnýttur til vændis eða á annan kynferðislegan hátt, til nauðungarvinnu, eða til að fremja refsiverðan verknað. Á undanförnum áratugum hefur mansal hlotið aukna athygli, bæði á alþjóðavettvangi og hér á landi. Sú athygli hefur þó einkum beinst að því sem nefnt hefur verið kynlífsmansal, þ.e. hagnýting einstaklings til vændis eða á annan kynferðislegan hátt.[3] Nýlega hefur þó áhersla verið lögð á að uppræta og sporna gegn því sem kallað hefur verið vinnumansal, sem í einföldu máli felst í því að einstaklingur er misnotaður og hagnýttur til vinnu.[4]

Mansal er vaxandi vandamál um heim allan en talið er að um 49.6 milljónir einstaklinga kunni að hafa verið þolendur mansals á heimsvísu árið 2020, þar af 27.6 milljónir þolendur vinnumansals.[5] Með auknum fólksflutningum, m.a. vegna pólitísks óstöðugleika, stríðsátaka, efnahagsþrenginga og áhrifa hnattrænnar hlýnunar, má áætla að þolendum mansals muni fara fjölgandi um komandi ár og áratugi.[6] Ætla má að Ísland sé engin undantekning þar á, en samkvæmt greiningardeild ríkislögreglustjóra eru vísbendingar um að Ísland sé áfangastaður fyrir mansal, einkum vinnumansal. Innan byggingariðnaðarins og ferðaþjónustu á Íslandi, sem er sá iðnaður sem líklegast hefur vaxið hvað hraðast og aukist í umsvifum undanfarna áratugi, séu þannig dæmi um að fólk sé flutt hingað til lands, gert að vinna við slæm kjör og óviðunandi aðstæður og sæti ýmiss konar misneytingu.[7]

Við mansali er lögð refsing í ákvæði 1. mgr. 227. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940,[8] en ákvæðið var lögfest árið 2003. Mansal er því tiltölulega nýtt fyrirbæri innan

---

[1] Dómsmálaráðuneytið, „Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu“ (Dómsmálaráðuneytið mars 2019) 3 <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=08996e0a-5237-11e9-9439-005056bc4d74> skoðað 13. nóvember 2022.

[2] Innanríkisráðuneytið, „Mansal: Áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali“ (Innanríkisráðuneytið apríl 2013) 6.

[3] Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi: Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi“ (Ríkislögreglustjóri desember 2021) 24 <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/12/SKIPULOGTH_BROTASTARFSEMI_Skyrsla.pdf> skoðað 1. nóvember 2022.

[4] Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.

[5] International Labour Organization, Walk Free og International Organization for Migration, *Global Estimates of Modern Slavery: Forced Labour and Forced Marriage* (International Labour Organization september 2022) 2.

[6] United Nations Office on Drugs and Crime (UNODC), *Gobal Report on Trafficking in Persons 2022* (United Nations janúar 2023) 11-12.

[7] Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi á Íslandi: Áhættumatsskýrsla greiningardeildar ríkislögreglustjóra“ (Ríkislögreglustjóri maí 2019) 10 <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/05/Skip.-gl%C3%A6past.-endanleg-2019.pdf> skoðað 24. febrúar 2023.

[8] Hér eftir „hgl.“ eða „almenn hegningarlög“ eftir atvikum.

íslenskrar löggjafar. Ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er nokkuð flókið og skilyrði beitingar þess frekar þung og erfið viðfangs, en ákvæðið sækir einkum fyrirmynd sína til alþjóðasamninga er málefnasviðið varðar. Meðal annars af þeim sökum hefur erfiðlega gengið við rannsókn og saksókn mansalsmála hér á landi og hafa fá mál ratað á borð dómstóla. Þrátt fyrir takmarkaðan árangur Íslands í baráttunni gegn mansali þykir þó ljóst að hér á landi fyrirfinnist samt sem áður mansal, þar á meðal vinnumansal.[9]

Óumdeilt verður að telja að vinnumansal sé meðal alvarlegustu brota sem eiga sér stað á vinnumarkaði. Umræða um annars konar hagnýtingu á vinnumarkaði, sem m.a. lýsir sér í stórfelldum brotum gegn kjarasamningum, alvarlegum brotum gegn öryggi og aðbúnaði á vinnustöðum, illri meðferð og framgöngu fyrirtækja og því sem nefnt hefur verið „launaþjófnaður“, hefur þó farið vaxandi undanfarin ár. Þykir ljóst að hér á landi sé fjöldi fólks sem hagnýttur er til vinnu, einstaklingar sem þó teljast ekki vera þolendur vinnumansals.[10] Slík brot teljast e.t.v. ekki eins alvarleg og vinnumansal eða skilyrði mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. teljast ekki uppfyllt. Önnur ákvæði laga sem gilda á vinnumarkaði og hafa það að markmiði að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum kunna þá að koma til álita.

Þau sem líklegri eru til að verða fyrir hagnýtingu á vinnumarkaði hér á landi, hvort sem um ræðir vinnumansal eða annars konar hagnýtingu á vinnumarkaði, eru að meginstefnu til fólk í viðkvæmri stöðu, líkt og erlent fólk sem hingað kemur til lands í leit að betra lífi. Þekkingarleysi þeirra á réttindum sínum samkvæmt íslenskum reglum og svo bág staða þeirra, m.a. vegna aðstæðna í heimalandi eða aðstæðna sem rekja má til veru þeirra hér á landi, gerir þau sérstaklega berskjölduð fyrir hagnýtingu á vinnumarkaði.[11] Ekki síst í því ljósi er mikilvægt að íslensk löggjöf taki með skilvirkum hætti á brotastarfsemi á vinnumarkaði og hafi tilætluð varnaðaráhrif, enda eiga brot af þessu tagi ekki að líðast í okkar nútímasamfélagi. Borið hefur þó á gagnrýni þess efnis að íslensk löggjöf sé ekki til þess fallin að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með skilvirkum hætti og að breytinga sé þörf í þeim efnum.

---

[9] Sjá t.d. Emilía Sara Ólafsdóttir, „735 fórnarlömb mansals á Íslandi“ *ruv.is* (Reykjavík 19. júlí 2018) <https://www.ruv.is/frettir/erlent/735-fornarlomb-mansals-a-islandi> skoðað 23. apríl 2023.

[10] Hagdeild ASÍ, „Íslenskur vinnumarkaður 2019: Erlent launafólk og brotastarfsemi á vinnumarkaði“ (Aþýðusamband Íslands ágúst 2019) 3 <https://www.asi.is/media/315797/islenskur_vinnumarkadur_2019_brotastarfsemi_130819_2.pdf> skoðað 12. janúar 2023.

[11] Dómsmálaráðuneytið, „Þekkir þú vísbendingar um mansal?“ *Stjórnarráð Íslands* (15. mars 2022) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/03/15/Thekkir-thu-visbendingar-um-mansal/> skoðað 12. apríl 2023; Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi: Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi“ (n. 3) 26.

Meginmarkmið ritgerðar þessarar er að leita svara við því hvort tilefni sé til að gera breytingar á almennum hegningarlögum svo betur sé unnt að sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Í því skyni verður ítarlega fjallað um inntak og beitingu mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og hvernig vinnumansal fellur að ákvæðinu. Jafnframt verður litið til þeirra laga er leggja einhverskonar viðurlög eða refsingar við annars konar brotum sem felast í hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Í öðrum kafla verður stuttlega vikið að þeim alþjóðasamningum er varða mansal og Ísland hefur tekið á sig skuldbindingar samkvæmt. Áhersla verður þar lögð á þær skilgreiningar á mansali sem í samningunum er kveðið á um. Fjallað verður um mansalsákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. í þriðja kafla og þróun ákvæðisins í íslenskri löggjöf. Til þess að gera grein fyrir inntaki 1. mgr. 227. gr. a hgl. verður ítarlega fjallað um verknaðarlýsingu ákvæðisins og hvernig hún fellur að vinnumansali. Jafnframt munu þau mansalsmál er ratað hafa á borð íslenskra dómstóla verða rakin í því skyni að gera nánari grein fyrir túlkun og beitingu mansalsákvæðisins. Þá verður litið til árangurs Norðurlandanna í rannsókn og saksókn vinnumansalsmála auk athugasemda frá sérfræðingahópi Evrópuráðsins gegn mansali[12] í því skyni að greina stöðu málaflokksins hér á landi. Í fjórða kafla verður athygli beint að brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum. Fjallað verður um ákvæði sérlaga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði. Framangreindu til viðbótar verður í fjórða kafla fjallað um skilin á milli vinnumansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og annars konar brota á vinnumarkaði og að hvaða leyti þau kunna að skarast. Í fimmta kafla ritgerðarinnar verður fjallað um nýlegar breytingar á refsilöggjöf Norðurlandanna þar sem alvarleg hagnýting einstaklinga á vinnumarkaði, sem ekki telst vinnumansal, er gerð refsiverð. Verður sjónum einkum beint að nýlegu ákvæði sænskrar refsilöggjafar. Loks verða teknar saman helstu niðurstöður og því velt upp hvort tilefni sé fyrir íslensk stjórnvöld að fylgja fordæmi Norðurlandanna og gera alvarlega hagnýtingu á vinnumarkaði refsiverða í því skyni að tryggja að íslensk löggjöf er málaefnasviðið varðar hafi tilætluð varnaðaráhrif.

[12] Á ensku *Group of Experts on Action against Trafficking in Human Beings* (hér eftir „GRETA“).

2. Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands er varða mansal

Mansal hefur um langa tíð verið þekkt sem alþjóðlegt brot sem ekki virðir landamæri, en með því er átt við að þolendur mansals eru gjarnan fluttir á milli landa og þá getur aðkoma hvers og eins geranda mansals, séu þeir fleiri en einn, átt sér stað innan mismunandi landamæra.[13] Í ljósi þessa fjölþjóðlega eðlis mansals er náið samstarf ríkja mikilvægur liður í því að uppræta og berjast gegn mansali.[14] Það var þó ekki fyrr en í kringum síðustu aldamót að mansal, eins og það er skilgreint í dag, var gert að sérstöku viðfangsefni á alþjóðavettvangi og komið var á samstarfi ríkja við rannsókn og saksókn mansalsmála.[15] Þannig var árið 2000 samþykktur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samningur gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi[16] og bókun við hann um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna.[17] Þá var árið 2005 á vettvangi Evrópuráðsins samþykktur samningur um aðgerðir gegn mansali,[18] en framangreindir samningar hafa verið taldir á meðal mikilvægustu verkfæra í baráttunni gegn mansali á alþjóðavettvangi.[19]

Ísland hefur fullgilt Palermó-samninginn, Palermó-bókunina og Evrópuráðssamninginn og tekið á sig skuldbindingar þeim samkvæmt. Í þessum kafla verður stuttlega vikið að framangreindum samningum. Megináhersla verður lögð á þær skilgreiningar á mansali sem er að finna í Palermó-bókuninni og Evrópuráðssamningnum, en þær gegna mikilvægu hlutverki við túlkun og beitingu mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl.[20]

2.1. Palermó-samningurinn og bókunin við hann

Palermó-samningurinn og Palermó-bókunin voru samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þann 15. nóvember 2000. Palermó-samningurinn tók gildi þann 29. september 2003 og Palermó-bókunin þann 25. desember sama ár. Í dag eru 191 ríki aðilar að Palermó-samningnum

[13] Flosi H. Sigurðsson, „Hlutlæg og huglæg skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um mansal“ (2011) 64 Úlfljótur 555, 564-565.
[14] Anne T. Gallagher, *The International Law of Human Trafficking* (Cambridge University Press 2010) 60.
[15] John Winterdyk, Benjamin Perrin og Philip Reichel, *Human Trafficking: Exploring the International Nature, Concerns and Complexitites* (CRC Press 2011) 1.
[16] The United Nations Convention against Transnational Organized Crime (samþykktur 15. nóvember 2000, tók gildi 29. september 2003) 2225 UNTS 209 (hér eftir „Palermó-samningurinn“).
[17] Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime (samþykktur 15. nóvember 2000, tók gildi 25. desember 2003) 2237 UNTS 319 (hér eftir „Palermó-bókunin“).
[18] Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings (samþykktur 3. maí 2005, tók gildi 1. febrúar 2008) (Hér eftir „Evrópuráðssamningurinn“).
[19] Julia Planitzer og Helmut Sax (ritstj.), *A Commentary on the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings* (Edward Elgar Publishing Limited 2020) 2; John Winterdyk, Benjamin Perrin og Philip Reichel (n. 15) 11.
[20] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 657.

og 181 ríki aðilar að Palermó-bókuninni,[21] þar á meðal Ísland. Ísland undirritaði Palermó-samninginn og Palermó-bókunina þann 13. desember árið 2000. Nær tíu ár liðu þó áður en fullgilding samningsins og bókunarinnar átti sér stað, en samningurinn var fullgiltur af íslenskum stjórnvöldum þann 13. maí árið 2010 og bókunin þann 22. júní sama ár.[22]

Samkvæmt 1. gr. Palermó-samningsins er markmið samningsins að stuðla að samvinnu ríkja um að koma í veg fyrir og berjast gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi með skilvirkari hætti en áður. Svo slíku markmiði verði náð miðar samningurinn m.a. að samvinnu ríkja þegar kemur að rannsókn og saksókn mála af þessu tagi, auk þess að gera ákveðnar lágmarkskröfur til landsréttar aðildarríkjanna. Skuldbinda þau ríki sem fullgilt hafa samninginn sig þannig til þess að gera refsiverða í landsrétti sínum þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum, þvætti ávinnings af glæp, spillingu og hindrun á framgangi réttvísinnar.[23]

Palermó-bókunin er tvímælalaust eitt stærsta skref sem tekið hefur verið í baráttunni gegn mansali á sviði alþjóðalöggjafar og má segja að bókunin marki í raun upphaf baráttunnar gegn mansali á alþjóðavettvangi.[24] Í 1. gr. bókunarinnar er kveðið á um markmið hennar, en það er fyrst og fremst að uppræta og berjast gegn mansali, með sérstaka áherslu á verslun með konur og börn. Þá er markmiðið jafnframt að vernda og aðstoða þolendur mansals með fullri virðingu fyrir mannréttindum þeirra og stuðla að samstarfi aðildarríkjanna í því skyni að framangreindum markmiðum verði náð.[25] Með bókuninni er að auki leitast við að bæta til muna vernd þolenda og vitna í mansalsmálum og auka við þau stuðning, ásamt því að koma á fót ákveðinni forvarnarstefnu.[26] Aðildarríkin hafa í því samhengi tekið á sig margs konar skuldbindingar bókuninni samkvæmt sem ætlað er að stuðla að framangreindum markmiðum.

Svo markmiðum Palermó-bókunarinnar yrði náð var nauðsynlegt að skilgreina hugtakið mansal, en fyrir tilkomu Palermó-bókunarinnar var hvergi að finna alþjóðlega viðurkennda skilgreiningu á hugtakinu. Vöntun á slíkri skilgreiningu olli því að ekki var samhljómur á milli ríkja um mansal og hvað fælist í slíkum brotum, þ.á.m. um skil þess við önnur sambærileg brot. Brýn þörf var því á að koma á alþjóðlega viðurkenndri skilgreiningu á hugtakinu, enda krefst

[21] „Status of Treaties: United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations Treaty office) <https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=XVIII-12&chapter=18&clang=_en> skoðað 3. maí 2023; „Status of Treaties: Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children“ (United Nations Treaty Office) <https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=XVIII-12-a&chapter=18&clang=_en> skoðað 3. maí 2023.
[22] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál
[23] Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 787–493. mál.
[24] John Winterdyk, Benjamin Perrin og Philip Reichel (n. 15) 11.
[25] Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 915–526. mál.
[26] Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 787–493. mál.

rannsókn á og baráttan gegn mansali náins samstarfs ríkja, sem ekki verður komið á nema samhljómur ríki um merkingu hugtaksins.[27] Skilgreiningu á mansali er að finna í a-lið 3. gr. bókunarinnar, en þar segir orðrétt:

> „Mansal“ merkir að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, með því að hóta valdbeitingu eða beita valdi eða með annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða með því að afhenda eða taka við greiðslu eða ábata í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi, með misneytingu þeirra í gróðaskyni að markmiði. Í misneytingu í gróðaskyni felst, sem lágmark, fénýting vændis annarra eða kynferðisleg misneyting í gróðaskyni í annarri mynd, nauðungarvinna eða nauðungarþjónusta, þrælkun eða iðja í líkingu við þrælkun, ánauð eða það að fjarlægja líffæri.[28]

Skilgreining a-liðar 3. gr. Palermó-bókunarinnar á mansali tilgreinir verknað, verknaðaraðferð og tilgang. Verknaðurinn felur í sér að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum. Verknaðaraðferðin, þ.e. sú aðferð sem notuð er til að framkvæma verknaðinn, felur í sér að hóta valdbeitingu eða beita valdi eða annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds, að nýta sér varnarleysi viðkomandi eða afhenda eða taka við greiðslu eða ábata í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi. Tilgangur mansals er svo hvers konar misneyting í gróðaskyni, sem að lágmarki felst í fénýtingu vændis eða kynferðislegri misneytingu í annarri mynd, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælkun eða iðju í líkingu við þrælkun, ánauð eða að fjarlægja líffæri. Svo háttsemi teljist vera mansal þurfa allir þessir þrír þættir að vera til staðar, þ.e. verknaður, verknaðaraðferð og tilgangur.[29] Sé þolandi mansals hins vegar barn er ekki gert að skilyrði að tiltekinni verknaðaraðferð hafi verið beitt, sbr. c-lið 3. gr. bókunarinnar. Í tilviki barna þarf því aðeins að vera uppfyllt skilyrði verknað og tilgang.

Samkvæmt 5. gr. Palermó-bókunarinnar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að gera mansal, eins og það er skilgreint í ofangreindum a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar, refsivert í löggjöf sinni. Þrátt fyrir að skilgreining hugtaksins hafi óumdeilanlega verið skref í rétta átt í baráttunni gegn mansali, hefur hún þó verið ýmsum vandkvæðum bundin í framkvæmd aðildarríkjanna. Hafa í því samhengi ýmsar spurningar vaknað um ákveðin skilgreiningaratriði

[27] UNODC, „The International Legal Definition of Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (United Nations, desember 2018) 1 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2018/Issue_Paper_International_Definition_TIP.pdf> skoðað 10. október 2022.
[28] Alþt. 2009–2010, A-deild, þskj. 915–526. mál.
[29] UNODC, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations 2020) 29 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2020/TiP_LegislativGuide_Final.pdf> skoðað 20. október 2022.

hugtaksins, sem valdið hafa misræmi í framkvæmd ríkja. Slíkt gefur til kynna að umrædd skilgreining hafi mögulega ekki skilað tilætluðum árangri, þ.e. að koma á samræmdri framkvæmd ríkja í mansalsmálum til að auðvelda rannsókn og saksókn slíkra mála.[30]

2.2. Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali

Evrópuráðssamningurinn var samþykktur 3. maí 2005 og tók gildi 1. febrúar 2008. Í dag hafa 48 ríki fullgilt samninginn,[31] sem gerir hann að einum farsælasta samningi í sögu Evrópuráðsins.[32] Ísland undirritaði Evrópuráðssamninginn sama dag og hann var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins, en hann var þó ekki fullgiltur af hálfu Íslands fyrr en þann 23. febrúar árið 2012. Samningurinn öðlaðist svo gildi hér á landi 1. júní 2012.[33]

Evrópuráðssamningurinn er fyrsti sáttmálinn á alþjóðavettvangi sem setur baráttuna gegn mansali í samhengi við mannréttindi og vernd þolenda mansals.[34] Þannig var samningurinn fyrstur sinnar tegundar til að kveða með skýrum hætti á um að mansal sé alvarlegt mannréttindabrot gegn friðhelgi og mannlegri reisn einstaklinga.[35] Evrópuráðssamningurinn leggur því megináherslu á að mansal feli í sér mannréttindabrot og að styrkja þurfi vernd þolenda þess, sem aðgreinir samninginn m.a. frá Palermó-bókuninni, sem eins og áður segir felur einkum í sér að koma á samvinnu milli ríkja um rannsókn og saksókn mansalsmála.[36]

Markmið Evrópuráðssamningsins samkvæmt 1. mgr. 1. gr. hans er að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og tryggja jafnrétti kynjanna. Samningurinn hefur að auki það að markmiði að standa vörð um mannréttindi þolenda mansals, koma á heildstæðu rammafyrirkomulagi til verndar og aðstoðar þolendum og vitnum og tryggja skilvirka rannsókn og saksókn mansalsmála. Í því skyni er samningnum ætlað að stuðla að alþjóðlegu samstarfi í tengslum við aðgerðir gegn mansali. Markmið Evrópuráðssamningsins eru því að mörgu leyti lík markmiðum Palermó-bókunarinnar. Árétta ber þó að Evrópuráðssamningnum er ekki ætlað að keppa við eða koma í stað annarra alþjóðasamninga um mansal, til að mynda Palermó-

---

[30] UNODC, „The International Legal Definition of Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (n. 27) 2.
[31] Council of Europe, „Chart of Signatures and ratifications of Treaty 197“ *(Treaty Office)* <https://www.coe.int/en/web/conventions/full-list?module=signatures-by-treaty&treatynum=197 > skoðað 18. október 2022.
[32] Julia Planitzer og Helmut Sax (n. 19) xxi.
[33] Dómsmálaráðuneytið, „Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali tók gildi á Íslandi 1. júní 2012“ *Stjórnarráð Íslands* (Stjórnarráðið 8. júní 2012) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2012/06/08/SamningurEvropuradsins-um-adgerdir-gegn-mansali-tok-gildi-a-Islandi-1.-juni-2012/> skoðað 14. október 2022.
[34] Julia Planitzer og Helmut Sax (n. 19) 1.
[35] Bernadette Rainey o.fl., *Jacobs, White and Ovey: The European Convention on Human Rights* (7. útg., Oxford University Press 2017) 222.
[36] Julia Planitzer og Helmut Sax (n. 19) 1-2.

bókunarinnar.[37] Þvert á móti er samningurinn byggður á fyrirliggjandi samningum á sama sviði, með það að leiðarljósi að bæta og þróa enn frekar vernd þolenda mansals.[38] Samningurinn hefur þó verið talinn mun ítarlegri en Palermó-bókunin og fela í sér ákveðnar nýjungar í baráttunni gegn mansali. Má í því sambandi nefna að Evrópusamningurinn nær til hvers konar tegundar mansals, óháð því hvort um sé að ræða mansal á milli landamæra eða mansal sem þátt í skipulagðri glæpastarfsemi, sbr. 2. gr. samningsins.[39] Palermó-bókunin gildir aftur á móti eingöngu um mansal fyrir tilstilli skipulagðra glæpasamtaka og mansal sem á sér stað milli landa.[40] Að auki er í Evrópuráðssamningnum sérstaklega kveðið á um vitna- og upplýsingavernd og um refsiábyrgð lögaðila, en slík ákvæði er ekki að finna í Palermó-bókuninni. Telja má þó eina mikilvægustu nýjungina og styrkleika Evrópuráðssamningsins vera að með honum var komið á fót sérstöku eftirlitskerfi, sérfræðingahóp Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, gjarnan nefndur GRETA, til að tryggja að ákvæðum samningsins sé framfylgt.[41] Eftirlit GRETA felst einkum í öflun upplýsinga og vettvangsheimsókna til þeirra landa sem aðilar eru að samningnum. Á grundvelli þeirra upplýsinga gefur GRETA út svokallaðar úttektarskýrslur fyrir hvert og eitt aðildarríki að samningnum, þar sem m.a. eru gerðar tillögur til úrbóta um hvernig styrkja megi framkvæmd samningsins og það gagnrýnt sem betur mætti fara. Með framangreindum hætti eru hverju og einu ríki veittar sérhæfðar leiðbeiningar í því skyni að betur takast á við og uppræta mansal.[42] Úttektarskýrslur GRETA hafa haft mikil áhrif á stefnumótun Íslands í tengslum við mansal og m.a. verið hafðar til hliðsjónar við þær breytingar sem gerðar hafa verið á mansalsákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl.[43]

Ekki er ætlunin að rekja ítarlega efni Evrópuráðssamningsins. Látið verður við sitja að nefna að með fullgildingu samningsins taka ríki á sig ýmsar skuldbindingar til að tryggja að ákvæðum samningsins sé framfylgt. Þannig skulu ríki m.a. koma á og styrkja skilvirka stefnu og áætlanir til að koma í veg fyrir mansal, efla eftirlit á landamærum, tryggja öryggi og stjórn skilríkja, aðstoða þolendur mansals og gefa út dvalarleyfi til handa þeim að ákveðnum

[37] Slíkt kemur skýrt fram í ákvæði 39. gr. Evrópuráðssamningsins.
[38] Alþt. 2006–2007, A-deild, þskj. 80–80. mál.
[39] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (CETS 197 2005) 7 <https://rm.coe.int/16800d3812> skoðað 18. október 2022.
[40] Sjá í þessu samhengi 4. gr. Palermó-bókunarinnar.
[41] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 54.; sjá í þessu samhengi jafnframt VII. kafla Evrópuráðssamningsins.
[42] „Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali: Eftirlitskerfi“ (Council of Europe) 4, 6 <https://rm.coe.int/16805d58c0> skoðað 21. september 2022.
[43] Dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið, „Svala Ísfeld kjörin í eftirlitsnefnd Evrópuráðsins gegn mansali (GRETA)“ *Stjórnarráð Íslands* (13. desember 2021) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/13/Svala-Isfeld-kjorin-i-eftirlitsnefnd-Evropuradsins-gegn-mansali-GRETA/> skoðað 20. október 2022.

skilyrðum uppfylltum.[44] Tilefni þykir þó til að fjalla sérstaklega um skilgreiningu a-liðar 4. gr. Evrópuráðssamningsins á mansali, en hún er efnislega samhljóða þeirri skilgreiningu á mansali sem fram kemur í a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar. Ástæðan fyrir því er sú að við gerð Evrópuráðssamningsins gegn mansali var talið nauðsynlegt, svo hægt væri að vinna gegn mansali á árangursríkan hátt, að samningurinn innihéldi skilgreiningu á mansali sem þegar væri alþjóðlega viðurkennd. Skilgreining a-liðar 4. gr. Evrópuráðssamningsins felur því í sér sömu þrjá meginþætti og fram koma í skilgreiningu a-liðar 3. gr. Palermó-bókunarinnar á mansali, þ.e. verknað, verknaðaraðferð og tilgang. Verknaðurinn felst í því að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum. Verknaðaraðferðin er að hóta valdbeitingu, beita valdi eða annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða að afhenda eða taka við greiðslu eða ágóða í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings, sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi. Tilgangur mansals er svo hvers konar hagnýting, sem felst a.m.k. í fénýtingu vændis, kynferðislegri misneytingu í annarri mynd, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælkun eða aðgerðum í líkingu við þrælkun, ánauð eða að fjarlægja líffæri. Svo háttsemi teljist vera mansal þurfa allir þessir þrír þættir að vera til staðar, en sé um börn að ræða skiptir ekki máli hvaða verknaðaraðferð er beitt, sbr. c-lið 4. gr. Evrópuráðssamningsins.[45]

Samkvæmt 18. gr. Evrópuráðssamningsins skulu ríki setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að gera þá háttsemi er um getur í 4. gr. refsiverða þegar um ásetning er að ræða. Ríkjum ber þó ekki skylda til þess að færa skilgreiningu mansals samkvæmt 4. gr. orðrétt í löggjöf sína, svo framarlega sem öll sú háttsemi sem fellur undir skilgreiningu 4. gr. sé gerð refsiverð í landslöggjöf ríkja.[46]

[44] Sjá t.d. 5. gr., 7. gr., 8. gr., 12. gr. og 14. gr. Evrópuráðssamningsins.
[45] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 14-15.
[46] Sama heimild 14, 35.

3. Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um mansal og beiting þess

Í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar Íslands sem í kaflanum hér að framan hafa verið raktar, var mansal gert refsivert í almennum hegningarlögum. Er nú í ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. kveðið á um refsingu við mansali, en ákvæðið kom fyrst inn í almenn hegningarlög með lögum nr. 40/2003 sem tóku gildi þann 3. apríl 2003.[47] Síðan þá hefur ákvæðið þrisvar sinnum tekið breytingum, nú síðast með lögum nr. 79/2021.[48]

Í þessum kafla verður fjallað um þróun mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og tilefni þeirrar þróunar. Meginhersla verður lögð á þær breytingar sem gerðar voru á ákvæðinu með lögum nr. 79/2021 og færðu ákvæðið í núverandi mynd. Ítarlega verður fjallað um meginþættina þrjá sem felast í verknaðarlýsingu mansals, þ.e. verknað, verknaðaraðferð og tilgang, í því skyni að gera grein fyrir inntaki ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Sérstaklega verður horft til þess hvernig vinnumansal fellur að verknaðarlýsingu ákvæðisins. Þá verða rakin þau mansalsmál er ratað hafa á borð íslenskra dómstóla og fjallað um stöðu málaflokksins hér á landi.

3.1. Þróun og tilkoma ákvæðis 227. gr. a. almennra hegningarlaga

Eins og hér að ofan hefur verið vikið að var með lögum nr. 40/2003 í fyrsta skipti á Íslandi lögð refsing við mansali. Með 5. gr. umræddra laga var lögfest nýtt ákvæði í almenn hegningarlög, ákvæði 227. gr. a. Ákvæðið kom inn í XXIV. kafla almennra hegningarlaga, er varðar brot gegn frjálsræði manna, enda einkennist mansal gjarnan af því að þolandi þess er sviptur frelsi til að ráða sér og persónulegum högum sínum sjálfur.[49] Ákvæði 227. gr. a. hgl. var svohljóðandi:

> **227. gr. a.** Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi.
>
> 1. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.
> 2. Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.
>
> Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.

[47] Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12 febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum og mansal) nr. 40/2003.
[48] Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal) nr. 79/2021.
[49] Alþt. 2002–2003, A-deild, þskj. 918–567. mál.

Tilefni umræddrar lagasetningar má m.a. rekja til þess að í upphafi árs 2001 var unnin skýrsla á vegum dómsmálaráðuneytisins um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess.[50] Í kjölfarið skipaði dómsmálaráðherra nefnd í apríl árið 2001, sem falið var að fara yfir gildandi refsilög, meðferð og rannsókn þeirra mála sem varða vændi og kynferðislega misnotkun. Ári síðar skilaði umrædd nefnd dómsmálaráðherra skýrslu sinni, en þar lagði nefndin til ýmsar tillögur til breytinga, m.a. að mansal yrði gert að sérgreindu broti í almennum hegningarlögum.[51] Voru þær tillögur nefndarinnar teknar til umræðu í refsiréttarnefnd og frumvarp til laga nr. 40/2003 þar samið. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 40/2003 er vísað til þess að Ísland hafi undirritað Palermó-samninginn og Palermó-bókunina og væri umrædd lagabreyting því liður í fullgildingu þeirra. Ákvæði 227. gr. a. hgl. sækir því fyrirmynd sína einkum til 3. gr. Palermó-bókunarinnar og þeirrar skilgreiningar á mansali sem þar er að finna.[52]

Með 6. gr. laga nr. 149/2009[53] tók ákvæði 227. gr. a. hgl. töluverðum breytingum. Umræddar breytingar voru áframhaldandi liður stjórnvalda í því að fullgilda Palermó-samninginn og Palermó-bókunina, en að auki var með breytingunum leitast við að undirbúa innleiðingu Evrópuráðssamningsins, sem ári áður hafði tekið gildi á vettvangi Evrópuráðsins. Breytingar þær sem gerðar voru á ákvæði 227. gr. a. hgl. með lögum nr. 149/2009 fólust því einkum í því að gera nauðsynlegar breytingar á orðalagi ákvæðisins svo það væri í betra samræmi við 3. gr. Palermó-bókunarinnar og 4. gr. Evrópuráðssamningsins. Fyrirmynd breytinganna var að mestu sótt til mansalsákvæðis 262. gr. a. dönsku hegningarlaganna,[54] en eftir umrædda lagabreytingu var ákvæði 227. gr. a. hgl. svohljóðandi:

> **227. gr. a** Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:
> 1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða með því að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi.

[50] Alþt. 2002–2003 , A-deild, þskj. 918–567. mál; Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess“ (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Rannóknir & greining ehf. 2001) <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Vandi_a_islandi.pdf> skoðað 13. október 2022.
[51] Vændisnefnd, „Skýrsla nefndar sem var falið að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis“ (Dómsmálaráðuneytið 16. apríl 2002) 47, 59 <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/vaendiogklam.pdf> skoðað 13. október 2022.
[52] Alþt. 2002–2003 , A-deild, þskj. 918–567. mál.
[53] Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti) nr. 149/2009.
[54] Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 16–16. mál; Lbkg nr. 1360 af 28.09.22.

2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.
3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr.

Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónuskilríki.
2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.
3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á ákvæði 227. gr. a. hgl. með lögum nr. 149/2009 voru að í stað orðanna „notfæra sér mann“ kom „misnota“. Í þeirri breytingu felst að ekki er gert að skilyrði að tilgangur mansals sé að gerandi sjálfur misnoti eða notfæri sér þolanda í eigin þágu. Einstaklingur getur þannig verið talinn hafa gerst sekur um mansal þótt hann ætli sér ekki sjálfur að misnota þolanda. Þá voru gerðar breytingar varðandi þann þátt verknaðarlýsingarinnar er varðar verknað, og verknaðinum að „afhenda“ bætt við upptalningu ákvæðisins. Jafnframt voru gerðar breytingar á verknaðaraðferðarþættinum þess efnis að í stað orðanna „sem beittur er eða hefur verið beittur“ kom „og við það er beitt eða hefur verið beitt“. Breyting þessi þótti nauðsynleg þar sem fyrra orðalagið kynni að hafa verið túlkað á þann veg að þolandi mansals þyrfti að hafa verið beittur tiltekinni verknaðaraðferð áður en verknaðurinn færi fram. Í frumvarpi til laga nr. 149/2009 sagði að mikilvægt væri að ákvæðið orkaði ekki tvímælis í þessum efnum, enda væri alþekkt að verkaskipting ætti sér stað við mansalsbrotið.[55]

Með lögum nr. 72/2011[56] tók ákvæði 227. gr. a. hgl. breytingum að nýju, en þær breytingar lutu einkum að refsingu vegna brota á ákvæðinu. Með umræddum breytingum var hámark refsingar vegna brota á 1. mgr. 227. gr. a. hgl. hækkað úr átta ára fangelsi í 12 ára fangelsi. Tilefni framangreindrar breytingar á ákvæði 227. gr. a. hgl. var m.a. að árið 2010 féll í Hæstarétti *dómur í máli nr. 224/2010*, þar sem í fyrsta skipti var sakfellt fyrir mansal hér á landi. Hlutu þar fjórir menn fjögurra ára fangelsisrefsingu, en sá sem mestan þátt átti í brotinu hlaut fimm ára fangelsisrefsingu. Var í umræddum dómi rík áhersla lögð á alvarleika brotsins,[57] en dómurinn verður ítarlega reifaður síðar í þessum kafla.

Mansalsákvæði 227. gr. a. hgl. var tekið til endurskoðunar að nýju í kjölfar þess að stjórnvöld birtu áherslur sínar í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu í mars árið 2019. Áhersluskjalið var einkum byggt á fyrri aðgerðaáætlunum ríkisstjórnarinnar gegn

[55] Alþt. 2009–2010, A-deild, þskj. 16–16. mál.
[56] Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal) nr. 72/2011.
[57] Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010.

mansali, sem giltu á árunum 2009–2016. Jafnframt lá til grundvallar skýrsla GRETA sem unnin var í kjölfar úttektar nefndarinnar á stöðu málaflokksins hér á landi árið 2018 og athugasemdir úr TIP-skýrslu bandarískra stjórnvalda[58] um mansal frá árinu 2018.[59] Í umræddu áhersluskjali er stefna stjórnvalda á Íslandi í mansalsmálum kynnt og í því skyni settar fram 10 skilgreindar aðgerðir sem stofnunum og embættum er falin ábyrgð á að fylgja eftir. Á meðal aðgerða í áhersluskjalinu var framkvæmd heildstæðrar endurskoðunar á löggjöf, stjórnvaldsfyrirmælum og öðrum reglum er á málefnasviðinu gilda. Sú endurskoðun átti t.d. að taka til almennra hegningarlaga.[60] Í samræmi við þær aðgerðir sem settar voru fram í framangreindu áhersluskjali stjórnvalda var mansalsákvæði 227. gr. a. hgl. tekið til endurskoðunar að nýju og ákvæðið fært í núverandi mynd.[61]

3.2. Núgildandi ákvæði 227. gr. a. almennra hegningarlaga

Með 1. gr. laga nr. 79/2021 voru töluverðar breytingar gerðar á ákvæði 227. gr. a. hgl., en með breytingum var m.a. leitast við að tryggja með skýrari hætti að íslensk stjórnvöld gætu staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar samkvæmt Palermó-samningnum, Palermó-bókuninni og Evrópuráðssamningnum. Við samningu frumvarpsins var einkum litið til þróunar ákvæða um mansal á Norðurlöndunum, auk þeirra tilmæla sem beint var að stjórnvöldum í skýrslu GRETA frá árinu 2019. Jafnframt var höfð til hliðsjónar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2011/36/ESB um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og verndun þolenda þess,[62] sem og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungarvinnu[63] og nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.[64]

Núgildandi ákvæði 227. gr. a. hgl. er svohljóðandi:

> **227. gr. a.** Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einna eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota annan mann í vændi eða á annan kynferðislegan hátt, í nauðungarhjónaband, í þrældóm eða ánauð, til nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þ.m.t. betls, til að fremja refsiverðan verknað eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 12 ára fangelsi:

---

[58] TIP-skýrslur (e. *Trafficking in Persons Reports)* eru gefnar út af bandaríska utanríkisráðuneytingu á hverju ári og fjalla um stöðu og árangur ríkja í mansalsmálum um allan heim.
[59] Dómsmálaráðuneytið, „Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu“ (n. 1) 2.
[60] Sama heimild 5–9.
[61] Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[62] Directive 2011/36/EU of the European Parliament and of the Council of 5 April 2011 on Preventing and Combating Trafficking in Human Beings and Protecting its Victims. Hér athugast að umrædd tilskipun er ekki tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og því ber íslenskum stjórnvöldum ekki skylda að innleiða hana.
[63] Forced Labour Convention, 1930 (No. 29) (samþykktur 28. júní 1930, tók gildi 1. maí 1932).
[64] Abolition of Forced Labour Convention, 1957 (No. 105) (samþykktur 25. júní 1957, tók gildi 17. janúar 1959); Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.

1. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ofbeldi, nauðung, frelsissviptingu, brottnámi, hótun, ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður, eða með því að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi viðkomandi eða með því að hagnýta sér yfirburðastöðu sína.
2. Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára.
3. Að láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis til misnotkunarinnar hjá manni sem ræður gerðum annars manns.

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 3. tölul. 1. mgr. Beinist brot skv. 1. mgr. gegn barni skal taka það til greina til þyngingar refsingunni.
Sömu refsingu skal hver sá sæta sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í því skyni að greiða fyrir mansali:

1. Að falsa ferða- eða persónsuskilríki.
2. Að annast milligöngu um slík skilríki eða útvega þau.
3. Að halda eftir, fjarlægja, skemma eða eyðileggja ferða- eða persónuskilríki annars einstaklings.

Verknaðurinn samkvæmt verknaðarlýsingu áðurgildandi ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. hélst óbreyttur. Talsverðar breytingar voru hins vegar gerðar á þeim þáttum mansalsákvæðisins er lúta að tilgangi og verknaðaraðferð.[65]

Tilgangur mansals kann að vera misjafn, og tegundir hagnýtingar sömuleiðis, en mansal hefur það sameiginlega markmið að gerandi hagnýtir sér þolanda í fjárhagslegum tilgangi eða á einhvern persónulegan hátt. Með lögum nr. 79/2021 var fleiri hagnýtingartegundum bætt við upptalningu ákvæðisins. Er nú kveðið á um að tilgangur mansals sé að misnota annan mann í vændi eða á annan kynferðislegan hátt, í nauðungarhjónaband, í þrældóm eða ánauð, til nauðungarvinnu eða í nauðungarþjónustu, þ.m.t. betls, til að fremja refsiverðan verknað eða nema á brott líffæri hans. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 79/2021 segir að þörf hafi verið á að breyta hagnýtingartegundum mansals í samræmi við þekktar birtingarmyndir mansals. Sérstaklega hafi verið tekið mið af skýrslu GRETA um Ísland frá því í mars 2019, þar sem kallað var eftir því að í íslenskri löggjöf yrði sérstaklega kveðið á um vernd þolenda mansals sem hagnýttir eru í nauðungarhjónaband, til betls eða til að fremja refsiverðan verknað.[66]

Verknaðaraðferð mansals tók töluverðum breytingum með lögum nr. 79/2021. Fallið var frá tilvísunum í einstök ákvæði almennra hegningarlaga, en fyrir umræddar lagabreytingar var sérstaklega vísað til ákvæðis 225. gr. um ólögmæta nauðung, 226. gr. um frelsissviptingu og 233. gr. um hótun í 1. mrg. 227. gr. a. hgl. Ekki þótti ástæða til að vísa sérstaklega til umræddra ákvæða almennra hegningarlaga, enda væri það til þess fallið að takmarka þau tilvik sem falla ættu undir ákvæðið. Í dæmaskyni er í athugasemdum með frumvarpi því er varð að

[65]Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[66]Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.

lögum nr. 79/2021 vísað til þess að mögulegt sé að beita hótun án þess að slík hótun feli í sér hótun um að fremja refsiverðan verknað, líkt og áskilið er í 233. gr. hgl. Þannig sé t.d. hægt að hóta einstaklingi að hann verði kærður til lögreglu, að hann verði látinn þola eitthvað sem hann er hræddur við eða hóta erlendum ríkisborgara að honum verði vísað úr landi. Þá geti ofbeldi ekki aðeins verið líkamlegt, líkt og áskilið er í 255. gr. hgl., heldur einnig fjárhagslegt eða andlegt.[67]

Með umræddum breytingum á 227. gr. a. hgl. var jafnframt fleiri verknaðaraðferðum bætt við upptalningu ákvæðisins. Var þannig beitingu ofbeldis eða brottnáms bætt við sem verknaðaraðferð í. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Þá var verknaðaraðferðinnni breytt á þá leið að nú segir í 1. mgr. 227. gr. a. hgl. „að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi viðkomandi eða með því að hagnýta sér yfirburðastöðu sína“. Áður var aðeins kveðið á um „að hagnýta sér bága stöðu viðkomandi“. Breyting þessi var talin til þess fallin að auðvelda yfirvöldum að berjast gegn mansali, þar sem orðalagið „að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi“ lýsi þeim aðstæðum sem oft einkenni mansalsbrot gegn flóttafólki, hælisleitendum, farandverkafólki og erlendum ríkisborgurum.[68]

3.3. Verknaðarlýsing 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga

Óhætt er að segja að verknaðarlýsing 1. mgr. 227. gr. a. hgl. sé nokkuð torskilin og erfið viðfangs. Líklega skýrist það af því að mansalsbrot eru í eðli sínu afar flókin og hafa margvíslegar birtingarmyndir. Ekki síst í því ljósi er mikilvægt að þekking ríki á meðal þeirra sem að mansalsmálum koma um hvað í mansalsbrotinu felist. Hér verður því verknaðarlýsing 1. mgr. 227. gr. a. ítarlega rakin. Í samhengi ritgerðar þessarar verður einkum litið til þess hvernig vinnumansal fellur að verknaðarlýsingunni og hvernig greina megi vinnumansal frá annars konar brotum eða háttsemi.

Eins og áður hefur verið vikið að þá felur mansal í sér þrjá meginþætti, þ.e. verknað, verknaðaraðferð og tilgang verknaðar. Séu allir framangreindir þættir ekki til staðar telst háttsemin ekki vera mansal.[69] Í lögskýringargögnum með 227. gr. a. hgl. er þó ekki að finna skilgreiningar á einstökum hugtökum verknaðarlýsingarinnar. Þess í stað er í lögskýringargögnum sérstaklega vísað til Palermó-bókunarinnar og Evrópuráðssamningsins og tekið fram að 227. gr. a. hgl. sæki fyrirmynd sína til framangreindra samninga. Skýra beri því ákvæðið til samræmis við þá samninga.[70] Í frumvarpi til laga nr. 79/2021 er þó stuttlega vikið

[67] Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[68] Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[69] Flosi H. Sigurðsson, (n. 13) 566–567.
[70] Alþt. 2002–2003, A-deild, þskj. 918–567. mál; Alþt. 2009–2010, A-deild, þskj. 16–16. mál.

að verknaðarlýsingu mansals, en sú umfjöllun takmarkast einkum við þær breytingar sem gerðar voru á ákvæði 227. gr. a. hgl. með umræddum lögum.[71] Í ljósi framangreinds er því nauðsynlegt við umfjöllun um verknaðarlýsingu mansals að horfa til lögskýringargagna og fræðiskrifa um Palermó-bókunina og Evrópuráðssamninginn.

3.3.1. Verknaður

Fyrsti þáttur verknaðarlýsingar mansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl., þ.e. verknaðurinn, felst í að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi, en orðalag þetta er bein þýðing úr 3. gr. Palermó-bókunarinnar.[72] Verknaðinum, eins og honum er lýst í 1. mgr. 227. gr. a hgl., er ætlað að ná til mansalsferlisins allt frá upphafi þess til enda, þ.e. frá útvegun þolenda mansals til hagnýtingar viðkomandi.[73] Svo víðtæk upptalning og lýsing á mansalsverknaðnum gerir það að verkum að hægt er að refsa öllum þeim sem að einhverju leyti koma að mansalsferlinu, óháð því hvort um sé að ræða hlutdeildarmenn eða aðalmenn.[74]

Fyrst kemur til skoðunar verknaðurinn að „útvega“. Að útvega í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. felur í sér að einstaklingur er dreginn inn í ákveðið ferli, sem heldur svo áfram.[75] Hvernig sá einstaklingur er dreginn inn í ferlið getur birst á margvíslegan hátt og er ekki bundið við tilteknar aðstæður.[76] Þannig getur þolandi mansals hafa verið útvegaður augliti til auglits, skriflega, símleiðis eða í gegnum auglýsingar, þ.m.t. atvinnuauglýsingar.[77] Auk þess getur þolandi mansals hafa verið útvegaður fyrir tilstilli internetsins, t.d. í gegnum samfélagsmiðla, tölvupósta, fjölmiðla og hvers konar auglýsinga á internetinu.[78] Mikilvægt er að hafa í huga í þessu samhengi að sú aðferð sem beitt hefur verið við að útvega einstakling í mansal þarf hvorki að fela í sér ólöglega starfsemi eða háttsemi, né þarf hún að fara gegn vilja þess einstaklings sem útvegaður er í mansal. Þannig kann til að mynda einstaklingur að hafa verið útvegaður

[71] Alþt. 2020–2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[72] Verknaðurinn samkvæmt 3. gr. Palermó-bókunarinnar er á ensku „recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of persons“.
[73] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 78.
[74] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 568.
[75] Sama heimild.
[76] Arthur Caplan o.fl, „Trafficking in organs, tissues and cells and trafficking in human beings for the purpose of the removal of organs“ (Council of Europe og United Nations 2009) 78 < https://rm.coe.int/16805ad1bb> skoðað 20. október 2022.
[77] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 568.
[78] UNODC, „The International Legal Definition of Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (n. 27) 29.

fyrir tilstilli ráðningarskrifstofu sem starfar á löglegum grundvelli eða fyrir tilstilli atvinnurekanda og sjálfur samþykkt að ráða sig til vinnu.[79]

Hugtakið að „flytja“ samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. virðist við fyrstu sýn nokkuð einfalt, enda meining þess skýr í almennri orðnotkun. Þannig þykir sjálfgefið að sá sem stjórnar bifreið, bát eða flugvél sé talinn hafa flutt þolanda mansals í skilningi ákvæðisins. Aftur á móti tekur hugtakið ekki aðeins til þeirra sem stjórna tilteknu farartæki, heldur jafnframt til þeirra sem skipuleggja flutning eða fylgja einstaklingi á milli staða. Af því leiðir að gerandi mansals getur verið talinn hafa flutt einstakling hafi hann til að mynda greitt fyrir fargjald með rútu eða flugvél,[80] eða komið á annan hátt að skipulagningu ferðar. Mikilvægt er að árétta að ekki er skilyrði að þolandi mansals sé fluttur yfir eða á milli landamæra.[81] Ákvæði 227. gr. a. hgl. gildir óháð því hvort einstaklingur er fluttur til landsins eða úr landi eða hvort brotið hafi að öllu leyti farið fram hér á landi.[82] Sömuleiðis er ekki skilyrði að þolandi mansals hafi verið fluttur hingað til lands með ólögmætum hætti eða að hann dvelji hér ólöglega.[83] Þolandi mansals getur þannig hafa fengið útgefið dvalar- og atvinnuleyfi.[84]

Verknaðurinn að „afhenda“ í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. felur í sér að þolandi mansals er afhentur öðrum einstaklingi sem þannig öðlast yfirráð yfir honum. Ástæða þess að verknaður þessi var gerður refsiverður er sú að algengt er að svokallaðir „milligöngumenn“ komi að mansalsmálum, sem hafa það hlutverk eitt að taka við þolanda mansals og afhenda hann öðrum gegn þóknun. Fyrir tilstilli þess sem tekur á móti þolanda er hann síðan hagnýttur. Það að afhending sé gerð refsiverð gerir það að verkum að mögulegt er að refsa þeim aðilum sem eingöngu koma að mansalsmálum með framangreindum hætti fyrir fullframið brot á ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.[85]

Verknaðurinn að „hýsa“ samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. vísar í raun til hvers konar dvalar þolanda á hverjum þeim stað sem gerandi hefur útvegað honum.[86] Skiptir í því samhengi ekki máli hvort húsnæðið sem honum er veitt sé í eigu þess aðila sem hýsir hann. Þannig getur til að mynda það að útvega þolanda hótelherbergi verið talið fela í sér að hýsa viðkomandi í

[79] UNODC, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 29.
[80] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 569.
[81] Arthur Caplan o.fl. (n. 76)
[82] Alþt. 2002-2003, A-deild, þskj. 918 – 567. mál.
[83] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 80.
[84] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 569.
[85] Sama heimild 570.
[86] Sama heimild.

skilningi ákvæðisins.[87] Sömuleiðis skiptir ekki máli á hvaða stigi mansalsferlisins þolandi er hýstur, þ.e. hvort hann sé hýstur áður en hagnýting fer fram eða á meðan.[88] Þá er ekki skilyrði að það húsaskjól sem þolanda hefur verið útvegað sé á einhvern hátt ómannúðlegt eða niðurlægjandi. Flest tilfelli mansalsmála fela í sér að þolandi sé hýstur á einhverjum tímapunkti, en ákveðið ósamræmi er þó í framkvæmd ríkja þegar kemur að verknaðinum að hýsa og er mismunandi hvers konar tilfelli falla þar undir. Í sumum ríkjum er til að mynda gerð krafa um að þolandi mansals sé hýstur til lengri tíma eða að þolandi sé ekki frjáls ferða sinna. Vert er að nefna hér að við gerð Palermó-bókunarinnar var áréttað að túlka ætti þann þátt skilgreiningar a-liðar 3. gr. bókunarinnar á mansali er lýtur að verknaði rúmt í því skyni að ná til mansalsferilsins í heild sinni. Allar takmarkanir á merkingu þeirra hugtaka sem fram koma í skilgreiningunni ætti því að forðast.[89] Þá hefur verknaður þessi samkvæmt Palermó-bókuninni og Evrópuráðssamningnum verið túlkaður á þann hátt að hann taki jafnframt til þess að aðili hylmi yfir með geranda hvar dvalarstaður þolanda mansals er.[90]Aftur á móti verður hugtakið að „hýsa“ í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. tæpast túlkað svo rúmt, enda takmarkast efnismerking hugtaksins samkvæmt íslenskri orðabók við það að veita einhverjum húsaskjól.[91]

Að „taka við einstaklingi“ í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. vísar einkum til þess að taka á móti þolanda mansals sem hefur verið afhentur honum. Verknaðurinn að taka við einstaklingi tengist því náið verknaðinum að afhenda.[92] Að taka við einstaklingi í skilningi ákvæðisins á ekki aðeins við þegar aðili tekur við þolanda mansals í eigin persónu, heldur á það einnig við um þær aðstæður þegar aðili tekur við umráðum þolanda og öðlast þannig hagnýtingarrétt yfir honum.[93] Þá getur það að fá fólk til sín til vinnu verið talið fela í sér að taka við einstaklingi í skilningi ákvæðisins. Verknaður þessi hefur jafnframt verið talin eiga við þegar aðstæður þolanda breytast á einhvern hátt án þess að eitthvert sérstakt ferli hafi verið sett af stað. Dæmi

[87] Slíkt leiðir t.d. af niðurstöðu í *Hrd. 224/2010* þar sem ákærðu voru m.a. taldir hafa hýst brotaþola þegar þeir tóku á leigu fyrir hana herbergi á hóteli.
[88] UNODC, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 30.
[89] UNODC, „The Concept of ‘Harbouring’ in the Trafficking in Persons Protocol“ (United Nations 2021) 7-8 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/The_Concept_of_Harbouring_Issue_Paper.pdf> skoðað 24. október 2022.
[90] David McClean, Transnational Organized Crime: A Commentary on the UN Convention and its Protocols. (Oxford University Press 2007) 323.
[91] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 570.
[92] Sama heimild 571.
[93] Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 16–16. mál.

um slíkt er þegar vinnuaðstæður sem áður voru eðlilegar og ásættanlegar verða skyndilega þvingandi og vinnuafl viðkomandi hagnýtt.[94]

3.3.2. Verknaðaraðferð

Verknaðaraðferðir mansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. eru beiting ofbeldis, nauðungar, frelsissviptingar, brottnáms, hótunar, ólögmætra blekkinga, að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi viðkomandi eða að hagnýta sér yfirburðastöðu sína. Eins og áður hefur verið vikið að þurfa allir verknaðarþættir mansals að vera til staðar, að öðrum kosti telst háttsemin ekki vera mansal. Svo háttsemi teljist vera mansal verður því einhverjum af þeim verknaðaraðferðum sem taldar eru upp í ákvæðinu að hafa verið beitt. Hér athugast þó að samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er ekki skilyrði að tiltekinni verknaðaraðferð hafi verið beitt sé um einstakling yngri en 18 ára að ræða, en með 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. segir aðeins „að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára“.

Verknaðaraðferðin er sá þáttur mansalsákvæðisins sem einkum greinir mansal frá annars konar brotum eða háttsemi sem felst í hagnýtingu einstaklinga. Í dæmaskyni má nefna að einstaklingur sem hagnýttur er til vinnu og starfar við óviðunandi aðstæður telst líklega ekki þolandi mansals nema hann sé á einhverjum tímapunkti sé beittur t.d. hótunum, blekkingum eða nauðung.[95]

Á flestum verknaðaraðferðum mansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. er e.t.v. ekki frekari skýringa þörf en almennt leiðir af hefðbundinni efnismerkingu þeirra. Þá kunna sumar þeirra að skarast á við hver aðra. Í umfjöllun um verknaðaraðferðir mansals hér að neðan verður því frekar leitast við að fjalla um þær verknaðaraðferðir sem hvað mestum vafa kunna að valda við túlkun ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl.

Fyrsta verknaðaraðferðin sem talin er upp í ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er beiting ofbeldis. Árétta ber hér að ofbeldi getur samkvæmt ákvæðinu ekki aðeins verið líkamlegt, heldur einnig fjárhagslegt eða andlegt.[96] Þá athugast jafnframt að ekki er skilyrði að sjálfur

[94] UNODC,, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 30.
[95] UNOCD, „The International Legal Definition of Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (n. 27) 24.
[96] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.

þolandi mansals sé beittur ofbeldi. Þannig kann þriðji aðili, e.t.v. einhver nátengdur þolanda mansals, að vera beittur ofbeldi.[97]

Hótun í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. getur t.d. falist í hótun um að einstaklingur verði kærður til lögreglu, að hann verði látinn þola eitthvað sem hann er hræddur við eða hótun um að erlendum ríkisborgara verði vísað úr landi.[98] Hótun er því í raun hvers konar yfirlýsing sem er til þess fallin að vekja ótta hjá einstaklingi eða öðrum sem honum tengjast. Eðli hótunarinnar þarf þó að vera með þeim hætti að hún hafi tilætluð áhrif, þ.e. að hún veki sannarlega ótta hjá viðkomandi.[99]

Ólögmæt blekking samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er í raun hvers konar athæfi sem ætlað er að blekkja þolanda mansals. Algengt er í tilfelli vinnumansalsmála að þolandi sé beittur blekkingum. Slíkar blekkingar geta til að mynda varðað eðli þeirrar vinnu eða þjónustu sem viðkomandi er ætlað að veita, vinnuaðstæðurnar sjálfar eða hvers kyns aðstæður sem síðar leiða til hagnýtingar á einstaklingnum. Í dæmaskyni má nefna einstakling sem hefur verið lofað starfi hér á landi auk allra tilskilinna leyfa, þ.e. dvalar- og atvinnuleyfis, almennra launa og eðlilegs vinnutíma. Viðkomandi er hins vegar síðar neyddur til að vinna óvenjulanga vinnudaga án nokkurs endurgjalds, ferðaskilríki hans fjarlægð og hann beittur hótunum um einhvers konar refsingu reyni hann að fara gegn vilja gerandans.[100] Ljóst er að slíkur einstaklingur kann að hafa verið blekktur í því skyni að hneppa hann í mansal.

Verknaðaraðferðin að „notfæra sér bága stöðu þolanda mansals, fákunnáttu eða varnarleysi eða að hagnýta sér yfirburðastöðu“ sína samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. svarar til „abuse of power or of a position of vulnerability“ samkvæmt a-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar.[101] Samkvæmt lögskýringargögnum með Palermó-bókuninni ber að túlka verknaðaraðferð þessa með þeim hætti að hún eigi við um þau tilvik þegar þolandi mansals hefur enga aðra raunverulega kosti en að gangast undir vilja geranda.[102] Sýna þurfi fram á að þolandi mansals búi við einhvers konar fákunnáttu, varnarleysi eða bága stöðu og að gerandi hafi sannarlega og á alvarlegan hátt notfært sér þá stöðu þolanda eða hagnýtt sér yfirburðastöðu

[97]UNODC,, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 30.
[98] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[99] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 582.
[100]UNODC, „Model Law on Trafficking in Persons“ (United Nations september 2009) 11-12 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/UNODC_Model_Law_on_Trafficking_in_Persons.pdf> skoðað 29. janúar 2023.
[101] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[102] Interpretative notes for the official records (*travaux préparatoires)* of the negotiation of the United Nations Convention against Transnational Organized and the Protocols thereto (3. nóvember 2000) UN doc A 55/383/Add. 1. mgr. 63.

sína.[103] Þessar aðstæður þolanda geta birst með margvíslegum hætti, s.s. líkamlega, andlega, félagslega eða fjárhagslega.[104] Þannig kann t.d. að vera að þolandi mansals sé á einhvern hátt líkamlega eða andlega skertur, sé félagslega einangraður eða glími við mikla fátækt. Bág staða og varnarleysi þolanda mansals getur jafnframt átt við um einstakling sem dvelur eða starfar hér á landi án tilskilinna leyfa.[105] Þá getur yfirburðastaða geranda mansals t.d. falist í því að þolandi sé honum fjárhagslega háður.[106] Í samhengi vinnumansals má jafnframt velta því upp hvort yfirburðastaða geranda mansals geti falist í því að þolandi sé honum háður vegna þess að atvinnuleyfi viðkomandi er skilyrt við starf hjá geranda. Í slíkum aðstæðum getur dvalarleyfi viðkomandi að auki verið háð því skilyrði að atvinnuleyfi sé í gildi.[107] Framangreindar aðstæður geta augljóslega skapað ákveðið valdaójafnvægi milli þolanda og geranda mansals.

Sú verknaðaraðferð sem hefur valdið hvað mestum vandræðum við túlkun skilgreiningar a-liðar 3. gr. Palermó-bókunarinnar á mansali á heimsvísu er líklega nauðung.[108] Til einföldunar má segja að nauðung feli almennt í sér að einstaklingur er neyddur til að gera eða þola eitthvað, eða láta eitthvað ógert.[109] Í samhengi við mansal hefur hugtakið nauðung verið talið eins konar regnhlífarhugtak sem ætlað er að taka til hvers konar líkamlegs eða andlegs þrýstings af hálfu geranda mansals, ofbeldis eða hótunar um ofbeldi.[110] Nauðung getur þannig verið náð fram með margskonar hætti og nær ómögulegt er að telja upp allar þær tegundir nauðungar sem gerandi mansals kann að beita. Algengast er þó að beitt sé einhverskonar ofbeldi eða hótun um ofbeldi í því skyni að vekja ótta hjá þolanda mansals. Nauðung getur jafnframt falist í því að gerandi mansals fjarlægi ferða- og persónuskilríki þolanda í því skyni að takmarka ferðafrelsi hans. Þá kann að vera að gerandi mansals beiti þolanda hótunum um

---

[103] UNODC, „Model Legislative Provisions Against Trafficking in Persons“ (United Nations 2020) 19-20 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2020/TiP_ModelLegislativeProvisions_Final.pdf> skoðað 23. mars 2023.

[104] Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 15.

[105] UNODC, „Guidence Note on abuse of of a position of vulnerability as means of trafficking in persons in Article 3 of the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations 2012) 2 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2012/UNODC_2012_Guidance_Note_-_Abuse_of_a_Position_of_Vulnerability_E.pdf> skoðað 12. febrúar 2023.

[106] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.

[107] Öll atvinnuleyfi sem veitt eru á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 eru skilyrt við störf hjá tilteknum atvinnurekanda, nema þau atvinnuleyfi sem veitt eru á grundvelli 18. gr. laganna. Þá er í VI. kafla laga um útlendinga nr. 80/2016 kveðið á um dvalarleyfi sem eingöngu verða veitt hafi viðkomandi útlendingur fengið útgefið atvinnuleyfi. Slík dvalarleyfi eru þá að jafnaði bundin við gildistíma atvinnuleyfisins.

[108] The Warnath Group, „Coercion in the Human Trafficking Context“ (The Warnath Group ágúst 2020) 3 <https://www.warnathgroup.com/wp-content/uploads/2020/08/Practice-Guide-Coercion.pdf> skoðað 11. febrúar 2023.

[109] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 572.

[110] Anne T. Gallagher (n. 14) 31.

frávísun úr landi eða tilkynningu til lögregluyfirvalda reyni hann að sleppa úr greipum geranda.[111] Með vísan til framangreinds er ljóst að nauðung skarast að mörgu leyti við aðrar verknaðaraðferðir mansals, líkt og beiting ofbeldis eða hótunar.

3.3.3. Tilgangur verknaðar

Þriðja skilyrði mansals lýtur að tilgangi verknaðarins, þ.e. í hvaða tilgangi mansal er framið. Tilgangur mansals hefur alltaf það að markmiði að hagnýta þolanda. Gerandi mansals getur þannig hagnýtt sér þolanda í fjárhagslegum tilgangi eða á einhvern persónulegan hátt. Líkt og rakið var fyrr í þessum kafla voru töluverðar breytingar gerðar á þessum hluta verknaðarlýsingar ákvæðisins með lögum nr. 79/2021 og bætt við upptalningu ákvæðisins um hagnýtingartegundir.[112] Er nú í ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. kveðið á um að tilgangur mansals geti verið að misnota mann í vændi eða á annan kynferðislegan hátt, í nauðungahjónarband, í þrældóm eða ánauð, til nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þ.m.t. betls, til að fremja refsiverðan verknað eða til að nema á brott líffæri hans.

Frá því mansalsákvæði 227. gr. a. hgl. kom fyrst inn í almenn hegningarlög hefur athyglinni einkum verið beint að því sem nefnt hefur verið kynlífsmansal, eða mansal í þeim tilgangi að misnota einstakling í vændi eða á annan kynferðislegan hátt. Var þess konar mansal talið algengast hér á landi. Á undanförnum árum hefur þó breyting orðið þar á og sjónum jafnframt verið beint að annars konar birtingarmyndum mansals, einkum vinnumansals.[113] Í ljósi viðfangsefnis ritgerðar þessarar verður einungis fjallað um þann tilgang mansals sem nefndur hefur verið vinnumansal, en vinnumansal er sá tilgangur mansals að misnota einhvern til nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, í þrældóm eða ánauð.[114]

Fyrst kemur til skoðunar sá tilgangur mansals að misnota einhvern til nauðungarvinnu. Hvorki í lögskýringargögnum með ákvæði 227. gr. a. hgl., Palermó-bókuninni né Evrópuráðssamningnum er hugtakið nauðungarvinna skilgreint. Þess í stað er sérstaklega í lögskýringargögnum með Palermó-bókuninni og Evrópuráðssamningnum vísað til samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um nauðungar- eða skylduvinnu,[115] en þar er að finna

[111] The Warnath Group (n. 108) 5, 12-13.
[112] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[113] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[114] Group of Experts on Action Against Trafficking in Human beings (GRETA), „Human Trafficking for the Purpose of Labour Exploitation: Thematic Chapter of the 7th General Report on GRETA's Activities" (Council of Europe október 2019) 5 <https://rm.coe.int/labour-exploitation-thematic-chapter-7th-general-report-en/16809ce2e7> skoðað 9. janúar 2023.
[115] Forced Labour Convention, 1930 (No. 29) (samþykktur 28. júní 1930, tók gildi 1. maí 1932) (Hér eftir „samþykkt ILO").

skilgreiningu á hugtakinu nauðungarvinna.[116] Við túlkun hugtaskins nauðungarvinna samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. hafa íslenskir dómstólar litið til framangreindrar samþykktar ILO nr. 29.[117] Þess má jafnframt geta að í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944[118] kemur hugtakið nauðungarvinna fyrir. Í 2. mgr. 68. gr. stjskr. er kveðið á um að nauðungarvinnu skuli engum gert að leysa af hendi, en ákvæðið kom inn í stjórnarskrá með 6. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Ákvæði 2. mgr. 68. gr. stjskr. sækir fyrirmynd sína einkum til 2. mgr. 4. gr. mannréttindasáttmála Evrópu,[119] er öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, og kveður á um bann við þvingunar- eða nauðungarvinnu.[120] Hvorki í skýringum með 2. mgr. 4. gr. MSE, né 2. mgr. 68. gr. stjskr. er þó að finna skilgreiningu á hugtakinu nauðungarvinna.[121] Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í því skyni að skýra efni 2. mgr. 4. gr. MSE jafnframt litið til samþykktar ILO nr. 29.[122]

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO er nauðungarvinna öll sú vinna eða þjónusta sem krafist er af manni með hótun um einhvers konar refsingu og hann hefur ekki sjálfviljugur gefið sig fram til þess að inna af hendi.[123] Í skilgreiningu 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO á nauðungarvinnu felast þrír þættir. Í fyrsta lagi þarf að vera um einhvers konar vinnu eða þjónustu að ræða, en slík vinna eða þjónusta getur verið af hvaða toga sem er.[124] Þannig skiptir til að mynda ekki máli hvort vinnan sem unnin er sé lögmæt eða ekki eða hvort hún sé t.d. líkamlega erfið.[125] Í öðru lagi þarf þeirrar vinnu eða þjónustu sem um ræðir að vera krafist með hótun um einhvers konar refsingu. Með því er átt við að vinnuveitandi hóti starfsmanni tilteknum refsingum eða afleiðingum í þeim tilgangi að halda honum í nauðungarvinnu. Þær refsingar sem vinnuveitandi kann að hóta starfsmanni geta verið af margvíslegum toga. Algengt er þó að vinnuveitandi beiti t.d. einhvers konar ofbeldi eða hótun um ofbeldi, hótun um að tilkynna um ólöglega dvöl eða vinnu viðkomandi í landinu, skerði ferða- og athafnafrelsi eða fjarlægi ferða- og persónuskilríki viðkomandi. Þá kann vinnuveitandi að halda eftir stórum

[116] UNODC, „Model Law on Trafficking in Persons“ (n. 100) 14; Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (n. 39) 16.
[117] Dómur Landsréttar 17. febrúar 2023 í máli nr. 324/2022, mgr. 46.
[118] Hér eftir „stjskr.“ eða „stjórnarskrá“ eftir atvikum.
[119]Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms (European Convention on Human Rights, as amended) (hér eftir „MSE“).
[120] Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (Codex 2008) 186.
[121] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 605-606.
[122] Sjá t.d. *Siliadin g. Frakklandi* ECHR 2005-VII 333 mgr. 115-116, og *Van Der Mussele g. Belgíu* (1986) Series A nr. 70 mgr. 32-33.
[123] Alþt. 1956-1957, A-deild, þskj. 197–101. mál.
[124] UNODC, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 35.
[125] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 606.

hluta launa eða alfarið neita að greiða starfsmanni laun fyrir vinnu sem hann hefur innt af hendi.[126] Jafnframt getur það að hóta starfsmanni um missi tiltekinna hlunninda eða réttinda falið í sér hótun um refsingu í skilningi 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO.[127] Á sama hátt getur hótun um uppsögn, verði starfsmaður ekki við kröfu vinnuveitanda um fjölda vinnu- eða yfirvinnutíma sem er umfram það sem tilgreint er í samningi við viðkomandi eða leyfilegt er samkvæmt lögum, falið í sér hótun um refsingu í skilningi 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO.[128] Þriðja skilgreiningaratriði nauðungarvinnu lýtur að því að viðkomandi hafi ekki sjálfviljugur gefið sig fram til að inna þjónustuna af hendi. Samþykki viðkomandi fyrir því að ganga í ráðningarsamband þarf að vera upplýst og óþvingað og frelsi hans til að yfirgefa ráðningarsambandið að vera ótvírætt. Að öðrum kosti telst viðkomandi ekki hafa sjálfviljugur gefið sig fram til að inna þjónustuna af hendi. Þannig kann að vera að vinnuveitandi hafi gefið einstaklingi fölsk loforð, s.s. hvað varðar vinnuaðstæður og launakjör, til þess eins að fá viðkomandi til að taka starfi sem hann hefði að öðrum kosti ekki tekið. Í slíkum aðstæðum verður að telja ljóst að viðkomandi hafi ekki sjálfviljugur gefið sig fram til að inna þjónustuna af hendi, enda liggur þá ekki fyrir upplýst samþykki viðkomandi.[129]

Mikilvægt er að árétta í ljósi efni ritgerðar þessarar að það að eitt að greiða starfsmanni laun undir lágmarkslaunum samkvæmt kjarasamningum, eða gera starfsmanni að vinna við aðstæður sem ekki samrýmast gildandi lögum og reglum, felur ekki í sér nauðungarvinnu í skilningi 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO.[130] Á sama hátt telst það ekki til nauðungarvinnu ef einstaklingur telur sig ekki geta sagt starfi sínu lausu vegna fjárhagslegra þrenginga eða vegna skorts á annars konar atvinnumöguleikum.[131] Framangreindar aðstæður geta að sjálfsögðu haft áhrif þegar mat er lagt á hvort um nauðungarvinnu sé að ræða, en það sem mestu máli skiptir er þó hvort samband vinnuveitanda og viðkomandi starfsmanns sé óvenjulegt á fleiri vegu. Þannig þarf t.d. að meta hvort vinnuveitandi neyði starfsmanninn til að vinna á óvenjulágum launum eða við óviðunandi aðstæður, og beiti í þeim efnum hótunum um einhvers konar

[126] International Labour Office, *Human Trafficking and Forced Labour Exploitation: Guidelines for Legislation and Law Enforcement* (International Labour Organization 2005) 20-21
[127] International Labour Office, *Eradication of Forced Labour (*International Labour Organization 2007) 20.
[128] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 606-607.
[129] International Labour Office, *ILO Standards on Forced Labour: The new Protocol and Recommendations at a Glance* (International Labour Organization 2016) 5.
[130] International Labour Office, *Human Trafficking and Forced Labour Exploitation: Guidelines for Legislation and Law Enforcement* (n. 126) 19.
[131] International Labour Office, *A Global Alliance against Forced Labour: Global Report under the Follow-up to the ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work (*International Labour Organization 2005) 5.

refsingu.[132] Gengið hefur verið út frá því að starfsmaður þurfi að vera undir svo miklum þrýstingi frá vinnuveitanda að hann geti ekki annað en látið undan þeim þrýstingi.[133]

Samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. getur tilgangur mansals jafnframt verið að misnota mann í nauðungarþjónustu, þ.m.t. betl. Nauðungarþjónusta er hugtak náskylt nauðungarvinnu og tekur skilgreining 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO jafnframt til þess hugtaks.[134] Undir nauðungarþjónustu fellur t.d. þjónusta sem veitt er á heimilum, s.s. aðstoð við heimilisstörf.[135]

Sá tilgangur mansals að misnota einhvern í þrældóm er líklega sú birtingarmynd mansals sem telja má hvað alvarlegasta. Víða er að finna bann við þrældómi í alþjóðasamningum, s.s. í 1. mgr. 8. gr. alþjóðsamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi,[136] 1. mgr. 4. gr. MSE og 1. gr. samnings frá 1926 um bann við þrælahaldi.[137] Þá tekur ákvæði 2. mgr. 68. gr. stjskr. jafnframt til þrældóms og þrælkunarvinnu, en ekki þótti ástæða við setningu stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 að tilgreina að með ákvæði 2. mgr. 68. gr. stjskr. væri jafnframt lagt bann við þrældómi og þrælkunarvinnu, enda væri augljóst að slíkt gengi mun lengra en nauðungarvinna.[138] Skilgreining framangreindra samninga á hugtakinu þrældómur er hins vegar ekki eins í öllum tilvikum, en hér gefst þó ekki tækifæri til að fjalla ítarlega um inntak allra þeirra skilgreininga. Í samhengi mansals hefur hugtakið þrældómur einkum verið talið vísa til þess að farið sé með einstakling sem eins konar eign[139] og að hann sé algjörlega háður boðvaldi „þrælahaldarans“.[140] Einstaklingnum er gert að vinna og fær fyrir slíka vinnu engin laun eða umbun nema e.t.v. húsaskjól og fæði. Jafnframt er ferðafrelsi einstaklings á einhvern hátt skert og hann beittur alvarlegum þvingunaraðferðum, líkt og ofbeldi.[141] Þá er eitt helsta einkenni þrældóms að einstaklingurinn upplifir ástand sitt sem varanlegt og að hann eigi sér enga undankomuleið.[142]

Að lokum kemur til skoðunar sá tilgangur mansals að misnota einhvern í ánauð. Hugtökin ánauð og þrældómur tengjast náið, en ákveðinn stigsmunur greinir hugtökin þó að. Ánauð er talin fela í sér einkar grófa hagnýtingu á einstaklingi, sem þó telst ekki jafn alvarleg og

[132] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 608.
[133] Dómur Landsréttar 17. febrúar 2023 í máli nr. 324/2022, mgr. 47.
[134] International Labour Organization, *ILO Standards on Forced Labour: The new Protocol and Recommendation at a Glance* (n. 129) 5.
[135] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[136] International Covenant on Civil and Political Rights (samþykktur 16. desember 1966, tók gildi 23. mars 1976) 999 UNTS 171.
[137] Slavery Convention (samþykktur 26. september 1926, tók gildi 9. mars 1927) 60 LNTS 253.
[138] Björg Thorarensen (n. 120) 186-187.
[139] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 609.
[140] International Labour Office, *A Global Alliance against Forced Labour: Global Report under the Follow-up to the ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work (*n. 131) 8.
[141] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 609.
[142] John Winterdyk, Benjamin Perrin og Philip Reichel (n. 15) 76.

þrældómur.[143] Einkenni ánauðar er að þolanda er gjarnan gert að dvelja og starfa á eign geranda og þar skyldaður til að veita honum tiltekna þjónustu. Þolandi er í því skyni beittur einhverskonar þvingun og hann gerður undirgefinn geranda.[144] Skuldaánauð hefur verið talin ein tegund ánauðar, en í því felst að einstaklingur er gerður skuldugur við geranda og síðar gert að vinna þá skuld upp. Oftar en ekki verður slík skuld hins vegar aldrei greidd að fullu og einstaklingurinn því knúinn til að vinna án þess að nokkur endir þeirrar vinnu sé í sjónmáli.[145]

Rétt er að taka hér fram að skilyrði um tilgang er huglægt. Í því felst að tilganginum þarf ekki að hafa verið náð fram svo hægt sé að refsa fyrir mansal. Ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er tjónsbrot með fullframningarstigið fært fram og því er ekki nauðsynlegt að tjón hafi hlotist af háttseminni. Hafi gerandi mansals þannig útvegað, afhent, flutt, hýst eða tekið við þolanda og beitt einhverri þeirra verknaðaraðferða sem kveðið er á um í 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er því hægt að refsa fyrir fullframið brot gegn 1. mgr. 227. gr. a. hgl. þótt þolandi hafi t.d. ekki verið byrjaður að vinna nauðungarvinnu, svo lengi sem ásetningur geranda hafi staðið til þess að hagnýta viðkomandi til nauðungarvinnu.[146]

3.3.4. Samþykki brotaþola

Mikilvægt er að árétta í sambandi við verknaðarlýsingu mansals að samþykki þolanda hefur ekki gildi sem refsileysisástæða hafi einhverri þeirra verknaðaraðferða sem taldar eru upp í ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. verið beitt. Slíkt kemur fram í b-lið 3. gr. Palermó-bókunarinnar og b-lið 4. gr. Evrópuráðssamningsins. Af því leiðir jafnframt að samþykki þolanda mansals sem er barn getur aldrei talist sem gild refsileysisástæða.[147] Rökin að baki þessu eru þau að þolandi mansals getur ekki veitt frjálst og upplýst samþykki hafi einhverri þeirra verknaðaraðferða sem kveðið er á um í ákvæðinu verið beitt.[148] Er þetta í samræmi við gildandi kenningar í íslenskum refsirétti þess efnis að samþykki geti ekki talist gilt hafi það verið fengið fram með beitingu hótunar, misneytingar eða ofbeldis. Aðeins samþykki sem gefið er af fúsum og frjálsum vilja getur þannig talist gilt.[149] Það að samþykki skipti ekki máli er mikilvægur

[143] UNODC, „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (n. 29) 37.
[144] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 610.
[145] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917–550. mál.
[146] Flosi H. Sigurðsson (n. 13) 616-617; Til skýringar má vísa til dóms *Hæstaréttar í máli nr. 224/2010,* en þar var brot ákærðu gegn þágildandi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. talið fullframið þótt brotaþoli hafi ekki verið byrjuð að stunda vændi.
[147] UNODC, „Issue Paper: the Role of Consent in the Trafficking in Persons Protocol“ (United Nations 2014) 25 <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2014/UNODC_2014_Issue_Paper_Consent.pdf> skoðað 3. apríl 2023.
[148] UNODC, „Model Law on Trafficking in Persons“ (n. 100) 26.
[149] Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiábyrgð III* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2002) 168.

þáttur skilgreiningar mansals, enda er alþekkt að gerendur mansals tefli oft fram þeirri vörn að þolandi hafi verið samþykkur því að gangast undir hagnýtinguna.[150]

3.4. Íslensk dómaframkvæmd er varðar mansal

Afar fá mál er varða mansal hafa ratað á borð íslenskra dómstóla og hefur mansalsákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. því lítið verið beitt í framkvæmd. Frá því ákvæði 227. gr. hgl. kom fyrst inn í almenn hegningarlög með lögum nr. 40/2003 hafa aðeins fjögur mansalsmál komið til kasta dómstóla. Í þremur þeirra var ákært fyrir misnotkun í kynferðislegum tilgangi, en aðeins eitt þeirra mála leiddi til sakfellingar fyrir mansal.[151] Í apríl árið 2022 féll svo í fyrsta skipti á Íslandi dómur er varðaði vinnumansal. Var þar ákærðu gefið að sök að hafa misnotað fjóra einstaklinga til nauðungarvinnu, en öll voru þau börn. Ákærða var í héraði sakfelld fyrir mansal og dæmd til fjögurra ára fangelsisrefsingar.[152] Þeim dómi var síðar áfrýjað til Landsréttar og var ákærða þar sýknuð af sakargiftum vegna mansals.[153] Embætti ríkissaksóknara óskaði áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar á grundvelli 1. mgr. 216. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála[154] en beiðni þess efnis var hafnað af Hæstarétti.[155]

Hér að neðan verður fjallað um ofangreinda dóma. Þótt meginumfjöllunarefni ritgerðar þessarar sé vinnumansal er samt sem áður nauðsynlegt að fjalla um alla þá dóma er fallið hafa um ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Eins og áður segir hefur aðeins eitt mál komið til kasta dómstóla er varðar vinnumansal og verða hér því jafnframt rakin þau mál er fjalla um mansal í kynferðislegum tilgangi til þess að öðlast betri þekkingu á túlkun dómstóla á ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl.

3.4.1. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 105/2010

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 105/2010 kom ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. í fyrsta skipti til kasta dómstóla. Ákærða hafði í máli þessu m.a. verið ákærð fyrir mansal, hótanir og ólögmæta nauðung sem varðað gæti við þágildandi 1. mgr. 227. gr. a. hgl., 225. og 233. gr. hgl., en til vara við 5. mgr. 206. gr., 225. og 233. gr. sömu laga. Í ákæru er broti ákærðu lýst á þann veg að hún hafi með ólögmætum blekkingum fengið E hingað til lands í þeim tilgangi að misnota

[150] The Warnath Group, „The Consent Defense in Trafficking in Persons Cases“ (The Warnath Group desember 2020) 3 <https://www.warnathgroup.com/wp-content/uploads/2020/12/Warnath-Group-Practice-Guide-The-Consent-Defense-in-Trafficking-in-Persons-Cases.pdf> skoðað 24. febrúar 2023.
[151] Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010.
[152] Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. apríl 2022 í máli nr. S-2066/2021.
[153] Dómur Landsréttar 17. febrúar 2023 í máli nr. 324/2022.
[154] Hér eftir „sml.“
[155] Ákvörðun Hæstaréttar 5. maí 2023 nr. 2023–42.

hana kynferðislega, en E hafi verið þeirrar trúar að hún væri á leið í frí. Ákærða hafi hýst E við komu hennar til landsins og neytt hana til að stunda vændi. Ákærða hafi í því skyni beitt E hótunum um líflát og líkamsmeiðingar og fjarlægt fatnað hennar og skilríki.

Við meðferð málsins fyrir héraði var ákærða sýknuð af mansali, þar sem ekki þótti sannað að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. væru uppfyllt. Í dómi héraðsdóms er rakið að mansal samkvæmt þágildandi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. feli í sér þrjá meginþætti, þ.e. verknað, verknaðaraðferð og tilgang og að aðeins geti verið um mansal að ræða séu allir þessir þrír þættir til staðar. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að ljóst sé að ákærða hafi greitt fyrir farmiða E hingað til lands og þá hafi hún sömuleiðis hýst hana. Skilyrði mansals um verknað væri því uppfyllt. Þá þótti ljóst að ákærða hefði haft milligöngu um að fjöldi manna hefði samræði eða önnur kynferðismök við E og haft af því hagnað. Telja verður að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um tilgang verknaðar, þ.e. hvers konar misnotkun, hafi því verið metið uppfyllt. Í ljósi þess að E þótti hins vegar ekki nógu skýr og stöðug í framburði sínum var að mati héraðsdóms ekki talið sannað að skilyrðið um beitingu tiltekinnar verknaðaraðferðar væri uppfyllt. E kvaðst hafa verið beitt blekkingum til þess að hún yrði fengin hingað til lands til að stunda vændi fyrir ákærðu, en þessu neitaði ákærða og sagði E stunda vændi á eigin vegum. Ákærða gaf þær skýringar að hún hefði boðið E hingað til lands því E hafi átt í hjónabandserfiðleikum. Ennfremur kvaðst E hafa stundað vændi á eigin vegum eftir að hún fór frá ákærðu. Þá var framburður E, þess efnis að henni hefði verið haldið nauðugri og m.a. bannað að eiga vini og kærasta, ekki metinn trúverðugur af héraðsdómi. Rannsóknargögn sýndu aftur á móti fram á það að ákærða hefði fjarlægt ferðaskilríki E, en þau fundust við húsleit á heimili ákærðu. Í ljósi ofangreinds þótti ekki sannað að öll skilyrði mansals væru uppfyllt. Var ákærða því sýknuð af mansali. Að auki var hún sýknuð af varakröfu ákæruvaldsins um brot gegn 5. mgr. 206. gr., 225. og 233. gr. hgl. Með dómi héraðsdóms var ákærða þó sakfelld fyrir brot gegn 3., 6. og 7. mgr. 206. hgl.

Ofangreind niðurstaða héraðsdóms um sýknu var staðfest af Hæstarétti í máli nr. 105/2010. Vísaði rétturinn í dómi sínum til þess að mat héraðsdóms á sönnunargildi framburðar E gæti ekki komið til endurmats fyrir Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 208. gr. sml. Af þeirri ástæðu bæri að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Í dómi sínum tók Hæstiréttur því ekki efnislega afstöðu til skilyrða ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl.[156]

[156] Hrd. 3. júní 2010 í máli nr. 105/2010.

3.4.2. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-190/2010

Í máli þessu var ákært m.a. fyrir mansal, en athygli vekur að ákærða var sú sama og í dómi Hæstaréttar í máli nr. 105/2010 sem rakinn var hér að ofan. Ætluð brot ákærðu beindust að fjórum konum, B, C, D og E. Ætluðu broti ákærðu gegn B var lýst í ákæru á þann hátt að hún hefði neytt B til að stunda hér vændi ákærðu til framfærslu og viðurværis. Í þeim tilgangi hefði ákærða hótað B lífláti og líkamsmeiðingum, sparkað og slegið í líkama hennar, svipt hana frelsi og komið í veg fyrir samskipti hennar við aðra með því að læsa hana inni í herbergi og meina henni að yfirgefa íbúðina. Þá hafi ákærða bannað B að sofa, borða og að nota salerni nema með leyfi hennar. Ákærða hafi jafnframt beitt B ótilhlýðilegri aðferð, þegar hún tók af henni vegabréf hennar og peninga, sem og ólögmætum blekkingum er ákærða sagðist vera valdamikil hér á landi og hefði tengingar innan löggæslustofnana og glæpaheimsins. Hvað ætlað brot ákærðu gagnvart B varðar segir í dómi héraðsdóms að óumdeilt væri að ákærða hefði lagt út fyrir flugfari fyrir B hingað til lands og síðar hýst hana á heimili sínu. Verður af þessum orðum héraðsdóms að ætla að það hafi verið mat dómsins að uppfyllt væri skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknað. Aftur á móti taldi dómurinn ekki sannað að B hefði verið beitt einhverri þeirra verknaðaraðferða sem kveðið var á um í þágildandi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Taldi dómurinn sannað að ákærða hefði fjarlægt vegabréf B og geymt á heimili sínu, en aftur á móti taldi dómurinn að ekki væri hægt að útiloka það að B hefði ekki getað fengið vegabréf sitt afhent hefði hún farið fram á það. Þá taldi dómurinn framburð B og annarra vitna fyrir dómi, þess efnis að ákærða hafi beitt B harðræði, hótunum og meinað henni að yfirgefa húsið, of almennan og óljósan. Vísaði dómurinn m.a. í þessu sambandi til þess að óumdeilt væri að B hefði mátt fara ein í verslanir. Var það því niðurstaða dómsins að ekki væri hægt að slá því föstu að ákærða hafi beitt B ólögmætri nauðung í skilningi 225. gr. hgl. eða frelsissviptingu í skilningi 226. gr. hgl. Framburð vitnanna þess efnis að ákærða hefði sagt þeim sögur af því að hún væri valdamikil innan löggæslunnar og í glæpaheiminum taldi dómurinn trúverðugan. Hins vegar var það mat dómsins að í þeim orðum ákærðu hefði ekki falist hótun í skilningi ákvæðis 233. gr. hgl.[157] Þá leit dómurinn til þess hvernig tekjunum af vændi B hefði verið ráðstafað, en B hefði ýmist lýst því að ákærða hefði hirt allar tekjur hennar eða því sem nam allt að 50% af tekjunum. Taldi dómurinn að ekki væri hægt að líta framhjá því að framburður B í þessum efnum hefði verið reikull og óstöðugur. Að öllu framangreindu virtu var það niðurstaða

[157] Hér athugast að með breytingum á ákvæði 227. gr. a. hgl. með lögum nr. 79/2021 var fallið frá tilvísun til einstakra ákvæða hgl. í 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Ekki er því lengur gert að skilyrði að verknaðaraðferðirnar hótun eða ólögmæt nauðung falli að verknaðarlýsingu ákvæða 233. gr. og 225. gr. hgl.

héraðsdóms að ekki væru öll skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. uppfyllt og að sýkna bæri ákærðu af sakargiftum vegna mansals gagnvart B.

Gagnvart E og D var ákærðu jafnframt gefið að sök mansal. Líkt og í tilfelli B taldi dómurinn sannað að ákærða hefði greitt fyrir flugfarmiða E og D hingað til lands og að þær hefðu síðar verið fluttar í húsnæði á vegum ákærðu. Ætla verður því að skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknað hafi verið uppfyllt. Hins vegar var það mat dómsins að önnur skilyrði ákvæðisins væru ekki uppfyllt. Vísaði dómurinn í því samhengi til þess að bæði E og D hefðu komið hingað til lands til þess að stunda vændi á vegum ákærðu af fúsum og frjálsum vilja. Þótt ákærða hefði stöðugt fylgst með þeim og verið harður húsbóndi væri hins vegar ljóst að þær hefðu báðar verið frjálsar ferða sinna. Þá taldi dómurinn að sú staðreynd að E og D hefðu talið tekjur sínar af vændinu minni en ákærða hefði upphaflega gefið í skyn fæli ekki í sér blekkingar eða svik af hálfu ákærðu í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Með vísan til framangreinds var það mat dómsins að ósannað væri að öll skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. væri uppfyllt og var ákærða því sýknuð af sakargiftum vegna mansals gagnvart E og D.

Að lokum var ákærðu gefið að sök mansal gagnvart C. Á sama hátt komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri ákærðu af sakargiftum vegna mansals. Þótti sannað að mati réttarins að ákærða hefði hvorki beitt C ofbeldi né hótunum um slíkt. Ákærða hefði þó hótað að taka vegabréf ákærðu og fjölskyldu hennar og jafnframt hótað því að þau yrðu svipt ríkisborgararétti og þeim vísað úr landi. Dómurinn taldi framburð C, þess efnis að hún hefði trúað því að ákærða gæti í krafti valda sinna stuðlað að framangreindu ótrúverðugan. Þá var að mati dómsins ljóst að ákærða hefði ekki neytt C til að stunda vændi, þvert á móti hefði C sjálf ákveðið að stunda vændi. Jafnframt þótti ljóst að C hefði verið frjáls ferða sinna. Með vísan til framangreinds og í ljósi þess að framburður C þótti að mati dómsins bæði ótrúverðugur og ýkjukenndur var það niðurstaða dómsins að ósannað væri að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. væru uppfyllt. Var ákærða því sýknuð af sakargiftum vegna mansals gagnvart C.

Ákærða var þó sakfelld fyrir brot gegn 3., 5., 6. og 7. mgr. 206. gr. hgl. gagnvart B, D og E og fyrir brot gegn 3., 6. og 7. mgr. 206. gr. hgl. gagnvart C.[158]

3.4.3. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 224/2010

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 224/2010 var í fyrsta skipti á Íslandi sakfellt fyrir mansal. Fimm einstaklingar voru m.a. ákærðir fyrir brot gegn 1. mgr. 227. gr. a. hgl., en til vara ákærðir fyrir hlutdeild í broti gegn 1. mgr. 227. gr. a. hgl., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Í ákæru segir

[158] Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. júlí 2010 í máli nr. S-190/2010.

að brot þeirra hafi beinst að A, 19 ára litháískum ríkisborgara, sem beitt hafi verið ólögmætri nauðung, frelsissviptingu og ótilhlýðilegri aðferð áður en og þegar hún var send til Íslands, sem og í meðförum ákærðu hér á landi. Þá hafi ákærðu tekið við stúlkunni, flutt hana og hýst í því skyni að notfæra sér hana kynferðislega. Háttsemi ákærðu er nánar lýst í ákæru á þann hátt að A hafi verið svipt frelsi sínu í Litháen og verið neydd til að stunda vændi þar í landi. Síðar hafi hár hennar verið klippt og litað og í kjölfarið tekin mynd af henni sem sett var á fölsuð skilríki. Með umræddum skilríkjum og með farmiða hafi A verið send til Íslands með flugi. Ákærðu hafi síðar átt að taka á móti A á Keflavíkurflugvelli, en af móttökunni hafi ekki orðið því A hafi verið handtekin af lögreglu við komu hennar til landsins. A var í umsjá lögreglu þar til ákærðu sóttu hana og hýstu í tvo daga í húsnæði sem einn ákærðu hafði útvegað, en A var síðan skilin eftir á hóteli í Reykjavík.

Í dómi héraðsdóms, sem síðar var áfrýjað til Hæstaréttar í máli nr. 224/2010, voru fjórir af fimm ákærðu sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Sannað þótti að þeir hefðu í sameiningu flutt brotaþola til landsins með blekkingum og hýst hana, allt í þeim tilgangi að hagnýta sér hana kynferðislega. Því væri skilyrðum 1. mgr. 227. gr. a. hgl. fullnægt.

Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að ákærðu hefðu allir, hver með sínum hætti, átt hlut að því að flytja A bæði hingað til lands og á milli staða hér á landi, auk þess að hýsa hana á tilteknu tímabili. Þannig hefði A ferðast hingað til lands á farmiða sem keyptur var af einum ákærða, síðar verið sótt af þremur ákærðu á Keflavíkuflugvöll og flutt á milli staða hér á landi. Að auki hefðu ákærðu hýst A í íbúð í umsjá eins ákærða og síðar tekið á leigu herbergi fyrir hana á hóteli. Með vísan til framangreinds var talið að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknað væri uppfyllt.

Um skilyrði um verknaðaraðferð samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. segir í dómi Hæstaréttar að leggja mætti til grundvallar að A hafi verið beitt ólögmætri nauðung í skilningi 225. gr. hgl. og annarri ótilhlýðilegri aðferð áður en hún kom hingað til lands. Þannig hefði A m.a. verið rænt, haldið nauðugri í íbúð og þar neydd til þess að stunda vændi. Í ljósi þess að keyptur hafi verið farmiði fyrir A hingað til lands og henni útveguð fölsuð skilríki þótti jafnframt ljóst að mati Hæstaréttar að þessi nauðung og önnur ótilhlýðileg aðferð hafi enn varað þegar hún lagði upp í för sína til Íslands. Með vísan til framangreinds var það mat Hæstaréttar að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknaðaraðferð væri uppfyllt. Skipti í því samhengi engu máli þótt ákærðu væru ekki bornir sökum um að hafa átt hlut í ólögmætri nauðung og annarri ótilhlýðilegri aðferð sem A sætti. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir hins vegar að háttsemi ákærðu geti aðeins átt undir ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. hafi þeim verið ljóst að A hefði verið beitt nauðung eða annarri ótilhlýðilegri aðferð áður en hún lagði upp í för sína hingað til

lands.[159] Með vísan til framburðar A þess efnis að henni hafi hvorki verið ljóst að til stæði að hún færi úr landi fyrr en nokkrum dögum fyrir brottför sína frá Litháen né að för hennar væri heitið til Íslands þótti ljóst að hún hefði ekki haft ákvörðunarvald um hvert leið hennar ætti að liggja. Þá lá fyrir að ákærðu hefðu átt í samskiptum um komu A hingað til lands og keypt farmiða hennar, áður en henni sjálfri hefði verið kunnugt um að ferð hennar væri heitið til Íslands. Með vísan til framangreinds þótti ljóst að mati Hæstaréttar að ákærðu hefði ekki getað dulist að A hefði í aðdraganda komu sinnar hingað til lands a.m.k. verið beitt annarri ótilhlýðilegri aðferð í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl.

Hvað varðar skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um tilgang verknaðar segir í dómi Hæstaréttar að andstætt væri allri skynsemi að álykta annað en að A hefði verið flutt hingað til lands til þess að stunda vændi. Þótti að mati Hæstaréttar fjarstæðukennt að álykta að ákærði, maður alls ókunnugur A, skyldi borga fyrir hana fargjald hingað til lands til þess eins að hún gæti notið hér orlofs, líkt og ákærði hefði greint frá. Var jafnframt litið til þess að A voru lögð í hendur fölsuð skilríki. Með vísan til framangreinds og hvernig ákærðu báru sig að í tengslum við komu A hingað til lands þótti ljóst að mati Hæstaréttar að hún hefði verið flutt hingað í þeim tilgangi einum að stunda vændi. Var því skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um tilgang verknaðar talið uppfyllt. Þegar brot ákærðu áttu sér aftur á móti stað var sú krafa gerð í 1. mgr. 227. gr. a. hgl. að sá sem brotið fremdi hefði gert það til að notfæra sér sjálfur brotaþola kynferðislega.[160] Í málinu lá hins vegar ekkert því til sönnunar að ákærðu hefðu framið verknaðinn í eigin þágu eða hvort þeir væru hlutdeildarmenn í broti annarra manna sem ekki væri uppvíst um. Af þeirri ástæðu voru ákærðu aðeins sakfelldir sem hlutdeildarmenn fyrir brot gegn 1. mgr. 227. gr. a. hgl., sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Fjórir ákærðu hlutu fjögurra ára fangelsisrefsingu, en einn þeirra hlaut fimm ára fangelsisrefsingu. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að brot þeirra lutu að ungri konu sem þeir sviptu frelsi til að ráða ferðum og dvalarstað hennar í þeim tilgangi að láta hana stunda vændi hér á landi. Var háttsemi ákærðu að mati Hæstaréttar þaulskipulögð með einbeittum ásetningi.[161]

[159] Hér athugast að með lögum nr. 149/2009 voru gerðar breytingar á ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. þess efnis að ekki væri lengur þörf á því að sanna að brotaþoli hefði verið beittur tiltekinni verknaðaraðferð áður en verknaður færi fram.
[160] Samkvæmt núgildandi ákvæði 227. gr. a. hgl. er ekki gert að skilyrði að gerandi misnoti þolanda í eigin þágu, sbr. breytingar sem gerðar voru á ákvæðinu með lögum nr. 149/2009.
[161] Hrd. 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010.

3.4.4. Dómur Landsréttar í máli nr. 324/2022

Dómur Landsréttar í máli nr. 324/2022 er merkilegur, einkum fyrir þær sakir að þar kom í vinnumansal í fyrsta skipti til kasta dómstóla. Hér athugast þó að meintir brotaþolar í máli þessu voru öll börn, og varðaði sú háttsemi sem ákærðu var m.a. gefið að sök því við ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl., en þar er eins og áður segir ekki gert að skilyrði að tiltekinni verknaðaraðferð hafi verið beitt svo að um mansal sé að ræða.

Brotum ákærðu var lýst á þann hátt að hún hefði á tímabilinu apríl 2018 til nóvember 2020 misnotað stjúpbörn sín til nauðungarvinnu. Ákærða var sögð hafa útvegað börnunum dvalarleyfi og flutt þau landsins, hýst þau og útvegað þeim vinnu hjá E ehf., en ákærða starfaði þar sjálf sem verkstjóri og stýrði daglegum rekstri félagsins. Börnin A, B og C hefði ákærða látið vinna sex til sjö daga vikunnar, allt að 13 klukkustundir á dag. D hefði ákærða látið vinna þrjá daga vikunnar í allt að tvær klukkustundir á dag. Laun barnanna var ákærða sögð hafa nýtt til eigin þágu, en hún hefði ýmist millifært laun þeirra á eigin reikninga eða fengið þau til að taka fjármuni úr hraðbönkum og afhenda sér launin í reiðufé.

Í dómi héraðsdóms, sem síðar var áfrýjað til Landsréttar, var ákærða sakfelld fyrir mansal samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. gagnvart A, B og C, en sýknuð af broti gagnvart D. Var í dómi héraðsdóms rakið að ákærða hefði keypt flugmiða barnanna hingað lands og átt í samskiptum við Útlendingastofnun vegna öflunar dvalarleyfa. Þá væri upplýst að börnin hefðu flutt inn á heimili ákærðu og síðar í húsnæði er ákærða tók á leigu. Var því talið að skilyrði ákvæðis 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknað væri uppfyllt. Börnin A, B og C höfðu lýst fyrir dómi mikilli vinnu sinni hjá félagi ákærðu samhliða skóla, í sumarleyfum og um helgar. Launaseðlar og framlögð bankagögn um launagreiðslur til þeirra voru framburði þeirra til stuðnings. Taldi dómurinn sannað að börnin A, B og C hefðu að jafnaði unnið 6-7 daga vikunnar í allt að 13 klukkustundir á dag. Þá þótti dóminum jafnframt sannað að ákærða hefði ráðstafað launum barnanna í eigin þágu og að börnin hefðu á engan hátt fengið notið launanna. Með vísan til framangreinds var það mat dómsins að sannað væri, svo ekki yrði véfengt með skynsamlegum rökum, að ákærða hefði af ásetningi misnotað A, B og C til nauðungarvinnu í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Var ákærða því sakfelld fyrir brot gegn 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. gegn A, B og C. Ekki þótti þó sannað að ákærða hefði látið D vinna líkt og henni var gefið að sök í ákæru. Ákærða var því sýknuð af þeim sakargiftum. Ákærða var að auki sakfelld fyrir brot í nánu sambandi samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. hgl. og fyrir peningaþvætti samkvæmt 1. og 2. mgr. 264. gr. sömu laga, en sýknuð af broti gegn 1. mgr. 98. gr. og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ákærða var með dómi héraðsdóms dæmd til fjögurra ára fangelsisrefsingar og til að greiða brotaþolunum skaða- og miskabætur.

Með dómi Landsréttar í máli nr. 324/2022 var ákærða hins vegar sýknuð af mansali. Í dómi sínum rekur Landsréttur sögu ákvæðis 227. gr. a. hgl. og áréttar að í skilgreiningu á mansali felist þrír þættir, þ.e. verknaður, verknaðaraðferð og tilgangur. Hvað verknað varðar var ákærðu m.a. gefið að sök að hafa útvegað börnunum dvalarleyfi á Íslandi og útvegað þeim vinnu. Í dómi Landsréttar segir að „útvegun“ í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. felist í því að útvega einstakling til mansals. Í ákæru hafi útvegun hins vegar verið bundin við það að útvega börnunum dvalarleyfi og vinnu, en slíkt félli ekki að efnislýsingu ákvæðisins. Því næst kom til álita hvort ákærða hefði flutt börnin til landsins í þeim tilgangi að misnota þau til nauðungarvinnu. Taldi dómurinn ekki sannað að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að flytja börnin til Íslands í slíkum tilgangi, heldur hefði það einfaldlega verið sameiginleg ákvörðun ákærðu og föður barnanna að flytja til Íslands ásamt börnunum í leit að betra lífi. Þá taldi dómurinn vandséð hvernig ákærða átti að hafa hýst börnin í skilningi ákvæðisins. Vísaði dómurinn í því samhengi til þess að faðir barnanna hefði búið á heimilinu og að börnin hefðu getað haft af honum stuðning. Að mati dómsins væri fjarstæðukennt að álykta á þann veg að faðir barnanna hefðu litlu ráðið um málefni barnanna, þó hann hefði gefið slíkt í skyn í framburði sínum fyrir dómi. Með vísan til framangreinds taldi dómurinn skilyrði ákvæðis 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um verknað ekki uppfyllt.

Um skilyrði ákvæðisins um tilgang verknaðarins, þ.e. hvort ákærða hefði misnotað börnin til nauðungarvinnu, leit dómurinn til skilgreiningar 1. mgr. 2. gr. samþykktar ILO. Í dómi Landsréttar segir að nokkuð mikið þurfi að koma til svo um nauðungarvinnu sé að ræða, en í því felist að starfsmaður sé beittur einhvers konar þrýstingi, andlegum eða líkamlegum. Þrýstingurinn þurfi því að vera svo mikill að starfsmaður geti ekki annað en látið undan honum. Við mat á því hvort um nauðungarvinnu sé að ræða komi til skoðunar launakjör starfsmanns, frelsi hans til athafna og hvort hann sé einangraður. Þá komi jafnframt til skoðunar hvort starfsmaður hafi verið beittur einhvers konar valdi, hvort aðstöðumunur sé til staðar og hvort starfsmaðurinn sé á einhvern hátt háður geranda. Jafnframt beri að skoða hvort beitt hafi verið einhverskonar þvingunum eða viðurlögum, s.s. líkamlegu ofbeldi eða hótun um slíkt, skerðingu á athafna- og ferðafrelsi, skuldaþrælkun eða hótun um tilkynningu til yfirvalda um ólögmæta dvöl viðkomandi í landinu. Jafnframt geti þvinganir og viðurlög falist í því að vegabréf eða önnur skilríki séu fjarlægð eða að starfsmenn fái ekki greidd laun fyrir vinnu sína eða að vinnuveitandi haldi eftir stórum hluta launa. Sé hins vegar um börn að ræða segir í dómi Landsréttar að ekki séu gerðar eins strangar kröfur um þvinganir, heldur dugi að sýna fram á að barn hafi verið beitt þrýstingi af einhverju tagi af hálfu gerandans eða að rekja megi þrýsting til annarra sérgreindra aðstæðna. Í því skyni að ákveða hvort sönnun væri komin fram þess

efnis að ákærða hefði misnotað börnin til nauðungarvinnu framkvæmdi dómurinn heildstætt mat á aðstæðum barnanna. Fyrir lá að börnin hefðu hafið skólagöngu stuttu eftir að þau komu hingað til lands. Skólagangan hefði gengið vel og ástundun barnanna verið góð. Þá væri ekki annað séð en að aðbúnaður á heimili þeirra hefði verið góður. Dómurinn áréttaði í þessu samhengi að faðir barnanna hefði búið á heimilinu og að börnin hefðu getað leitað stuðnings frá honum. Meðal annars í ljósi þess var það mat Landsréttar að í orðum ákærðu þess efnis að börnin fengju ekki að borða ef þau myndu ekki vinna, eða að þau yrðu send aftur til síns heimalands, fælist ekki raunveruleg þvingun eða nauðung. Þá vísaði dómurinn til þess að fyrir lægi að börnin hefðu haldið áfram vinnu sinni í félagi ákærðu þegar hún ferðaðist erlendis í tvö skipti. Fyrir lá að mati Landsréttar að börnin hefðu unnið mikið, en rétturinn féllst þó ekki á að fjöldi vinnustunda þeirra hefði verið jafn mikill og tiltekinn var í ákæru. Ljóst var að launum barnanna var ráðstafað til byggingar íbúðarhúsnæðis í eigu ákærðu, en ákærða og faðir barnanna hefðu tekið sameiginlega ákvörðun um að hús þetta yrði byggt og hvernig það skyldi fjármagnað. Með vísan til alls framangreinds og heildstæðs mats á aðstæðum barnanna var það mat Landsréttar að varhugavert væri að telja það sannað að ákærða hefði gerst sek um mansal samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Var hún því sýknuð. Með dómi Landsréttar var ákærða jafnframt sýknuð af broti í nánu sambandi samkvæmt 218. gr. b. hgl. og barnaverndarlagabroti samkvæmt 1. mgr. 98 og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Einn dómari skilaði þó sératkvæði í máli þessu og taldi að staðfesta bæri dóm héraðsdóms um sakfellingu fyrir mansal. Var það mat dómarans að ákærða hefði hýst börnin í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl., en taldi hann í því samhengi engu máli skipta þótt ákærðu hefði borið skylda, sem stjúpmóður barnanna, til að veita þeim húsaskjól. Þá var það mat dómarans að ákærða hefði misnotað börnin til nauðungarvinnu. Vísaði hann í því sambandi til þess að ákærða hefði tekið laun barnanna og þau því að engu leyti fengið notið afraksturs launa sinna. Þá hefði ákærða beitt börnin þrýstingi til að halda vinnunni áfram, m.a. með því að hafa sagt þeim að þau fengju ekki að borða ef þau ynnu ekki vinnu sína og hótað því að þau yrðu send aftur til síns heimalands ef þau stæðu sig ekki. Taldi dómarinn að í þessum þvingunum ákærðu hefði falist nauðungarvinna. Áréttaði dómarinn að hafa bæri í huga að ekki væru miklar kröfur gerðar um þvinganir til þess að háttsemi fæli í sér nauðungarvinnu samkvæmt skilgreiningu samþykktar ILO þegar um börn væri að ræða. Með vísan til framangreinds var það mat dómarans að sannað væri að ákærða hefði hýst börnin í þeim tilgangi að misnota þau til

nauðungarvinnu í skilningi ákvæðis 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og að staðfesta bæri hinn áfrýjaða dóm.[162]

Eins og áður segir óskaði ríkissaksóknari leyfis Hæstaréttar til að áfrýja ofangreindum dómi Landsréttar, en þeirri beiðni var hafnað. Í ákvörðun Hæstaréttar um höfnun málskotsbeiðnarinnar segir að niðurstaða Landsréttar um sýknu ákærðu í málinu hefði að verulegu leyti verið byggð á sönnunargildi munnlegs framburðar, sem ekki geti komið til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 5. mgr. 215. gr. sml. Þá var það mat Hæstaréttar að málið varðaði ekki atriði sem hefðu verulega almenna þýðingu né að mikilvægt væri af öðrum ástæðum að fá úrlausn réttarins um þau þannig að fullnægt væri skilyrðum 2. málsl. 4. mgr. 215. gr. sml. Að auki þótti að mati Hæstaréttar ekki efni til að beita heimild 3. málsl. 4. mgr. 215. gr. sml., er kveður á um að Hæstiréttur geti veitt áfrýjunarleyfi ef málsmeðferð hafi verið stórlega ábótavant eða ef dómur er bersýnilega rangur að formi eða efni.[163]

3.5. Barátta Íslands gegn vinnumansali á villigötum?

Í þessum kafla hefur verið fjallað um tilurð og þróun ákvæðis 227. gr. a. hgl., auk skilyrða beitingar þess. Þá hafa hér verið rakin þau mansalsmál er komið hafa til kasta íslenskra dómstóla. Af umfjöllun um ákvæði 227. gr. a. hgl. virðist ljóst að ákvæðið er í góðu samræmi við alþjóðaskuldbindingar Íslands, einkum Palermó-bókunina og Evrópuráðssamninginn. Þá hefur athugasemdum GRETA er íslenska löggjöf varðar verið fylgt eftir og ákvæðið tekið breytingum í samræmi við þær athugasemdir. Hins vegar liggur fyrir að afar fá mansalsmál hafa komið til kasta dómstóla og enn færri leiða til sakfellingar. Þá vekur sérstaka athygli að aðeins eitt mál er varðar vinnumansal hefur ratað á borð dómstóla. Í samanburði við árangur Norðurlandanna í rannsókn og saksókn vinnumansalsmála má velta því upp hvort Ísland standi e.t.v. fremur aftarlega.[164] Í því samhengi má nefna að árið 2021 voru tíu vinnumansalsmál rannsökuð í Noregi og voru í kjölfarið sjö einstaklingar sakfelldir[165] fyrir brot gegn mansalsákvæði 257. gr. norsku hegningarlaganna.[166] Í Svíþjóð voru fjórir einstaklingar

[162] Dómur Landsréttar 17. febrúar 2023 í máli nr. 324/2022.
[163] Ákvörðun Hæstaréttar 5. maí 2023 nr. 2023-42.
[164] Nefna má þó að samkvæmt nýlegri TIP-skýrslu (e. *Trafficking in Persons Report*), gefinni út árið 2022 af bandaríska utanríkisráðuneytinu er Ísland flokkað í fyrsta þrep (e. *Tier 1)*. Þrepin eru samtals þrjú og er þeim ætlað að vera ákveðinn mælikvarði á árangur ríkja í baráttunni gegn mansali. Þau ríki sem flokkuð eru í fyrsta þrep eru talin fremst á meðal ríkja í baráttunni gegn mansali og talin uppfylla þær lágmarkskröfur sem settar eru fram í bandaríska Trafficking Victims Protection Act, en þær lágmarskröfur lúta m.a. að rannsókn og saksókn mansalsmála, vernd þolenda þess og forvörnum; „Trafficking in Persons Report“ (Department of State júlí 2022) 76 <https://www.state.gov/wp-content/uploads/2022/10/20221020-2022-TIP-Report.pdf> skoðað 11. febrúar 2023.
[165] „Trafficking in Persons Report“ sama heimild 424.
[166] Lov om Straff (straffeloven) 5 mai 2005 nr. 28.

sakfelldir fyrir vinnumansal samkvæmt mansalsákvæði 1a í fjórða kafla sænsku hegningarlaganna[167] árið 2021, en það ár voru 24 vinnumansalsmál til rannsóknar hjá lögreglu þar í landi.[168] Í Danmörku hafa hins vegar fá mansalsmál yfir höfuð komið til kasta dómstóla undanfarin ár, en á árunum 2019–2021 féllu engir sakfellingardómar[169] vegna brota á mansalsákvæði 262 gr. a. dönsku hegningarlaganna.[170] Fjögur vinnumansalsmál voru þó rannsökuð af dönskum lögregluyfirvöldum árið 2021.[171] Til samanburðar var aðeins eitt vinnumansalsmál rannsakað hér á landi árið 2021 og í fyrsta skipti í sögu mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. ákært fyrir vinnumansal sama ár,[172] en ákærða í því máli var eins og hér hefur verið rakið sýknuð af mansali. Hér þarf að sjálfsögðu að taka tillit til lítils fólksfjölda og landfræðilegrar stöðu Íslands, en sú staðreynd að aðeins einu sinni hafi verið ákært fyrir vinnumansal hér á landi frá setningu ákvæðis 227. gr. a. hgl. kann samt sem áður að gefa vísbendingar um að rannsókn og saksókn vinnumansalsmála hér að landi sé að einhverju leyti ábótavant.

Í skýrslu sinni árið 2019 vakti GRETA athygli á ofangreindum vanda Íslands í rannsókn og saksókn mansalsmála. Beindi GRETA þeim tilmælum til íslenskra yfirvalda að gera ráðstafanir til að tryggja að mansalsmál hlytu viðeigandi meðferð, bæði við rannsókn og fyrir dómstólum. Í því skyni þyrfti að efla þekkingu og þjálfun lögregluyfirvalda, saksóknara og dómara á einkennum og skilyrðum mansals.[173] Vísaði GRETA í því samhengi m.a. til þess að það virtist ríkja ákveðinn misskilningur og vanþekking á meðal dómara á Íslandi um hvað í mansali fælist og hversu ólíkar aðstæður þolenda mansals kunna að vera.[174] Sérstakar athugasemdir voru gerðar við árangur Íslands í tengslum við vinnumansal og í því sambandi var þeim tilmælum beint til íslenskra yfirvalda að auka þyrfti þekkingu og aðgerðir til að koma í veg fyrir vinnumansal.[175] Þá gerði GRETA athugasemdir við að hvergi væri að finna skilgreiningu á hugtakinu „nauðungarvinna“ í íslenskri löggjöf, en slíkt kynni að valda vandræðum við saksókn vinnumansalsmála. Við framangreindri athugasemd fékk GRETA þau svör frá íslenskum yfirvöldum að vinna væri hafin við það að athuga hvort tilefni væri til að

[167] Brottsbalken (1962:700).
[168] „Trafficking in Persons Report“ (n. 164) 519.
[169] Sama heimild 204.
[170] Lbkg nr. 1360 af 28.09.22 (straffeloven).
[171] „Trafficking in Persons Report“ (n. 164) 204.
[172] Sama heimild 277.
[173] GRETA, „Report concerning the implementation of the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings by Iceland“ (Council of Europe 15. mars 2019) 46 <https://rm.coe.int/greta-2019-02-fgr-isl-en/16809382d4> skoðað 11. febrúar 2023.
[174] Sama heimild 38.
[175] Sama heimild 42.

gera nauðungarvinnu að sérgreindu broti í almennum hegningarlögum. Sönnunarbyrði slíks brots yrði ekki eins þung og í mansalsmálum og þá yrði refsing jafnframt vægari.[176]

Í ljósi umfjöllunar hér að framan um túlkun íslenskra dómstóla á ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. virðast athugasemdir GRETA þess efnis að ákveðinn misskilningur og vanþekking ríki á meðal dómara á Íslandi um mansal vera að nokkru leyti á rökum reistar. Má í því samhengi m.a. vísa til *Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. S-190/2010*, en niðurstaða dómsins um sýknu virðist að einhverju leyti hafa verið byggð á vanþekkingu og skilningsleysi dómara á aðstæðum þolenda mansals. Að mati dómara þótti ekki sannað að ákærða hefði beitt B einhverjum þeirra verknaðaraðferða sem kveðið var á um í þágildandi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Framburðir vitna fyrir dómi virðast aftur á móti renna sterkum stoðum undir það að B hafi verið a.m.k. verið beitt nauðung í skilningi ákvæðisins. Sannað þótti að ákærða hefði fjarlægt vegabréf B, en aftur á móti taldi dómurinn að ekki væri hægt að útiloka að B hefði getað fengið vegabréf sitt afhent hefði hún farið fram á það. Ennfremur vísaði dómurinn til þess að B hefði mátt fara ein í verslanir, og því hafi hún verið nokkuð frjáls ferða sinna. Framangreind niðurstaða héraðsdóms lýsir að mati höfundar ákveðnu þekkingarleysi á mansali, einkum á stöðu þolenda mansals og þeim aðferðum sem gerendur mansals gjarnan beita til þess að halda þolendum í mansali. Jafnframt má benda á niðurstöðu meirihluta dómenda í *Lrd. 324/2022*, en þar virðist niðurstaða um sýknu vera byggð á frekar ströngu mati á skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Meðal annars taldi meiri hluti dómenda að ákærða hefði ekki hýst börnin í skilningi ákvæðisins. Vísaði rétturinn í því samhengi til þess að faðir barnanna hefði búið á heimilinu og að fjarstæðukennt væri að álykta að hann hefði litlu ráðið um málefni barnanna. Hér ber að árétta að samkvæmt lögskýringargögnum með Palermó-bókuninni skal leitast við að túlka þann þátt verknaðarlýsingar mansals er lýtur að verknaði rúmt í því skyni að ná til mansalsferlisins í heild sinni.[177] Virðist dómur Landsréttar í niðurstöðu sinni aftur á móti túlka verknaðinn að „hýsa“ nokkuð þröngt. Að mati höfundar þykir ljóst að ákærða hafi sannarlega hýst börnin í skilningi ákvæðisins og vandséð að hvaða leyti viðvera föður barnanna hefði áhrif á slíkt mat. Þá virðist meiri hluti dómenda í máli þessu beita fremur ströngu mati á því hvort skilyrði nauðungarvinnu hafi verið uppfyllt. Sannað þótti að ákærða hefði sagt börnunum að þau fengju ekki að borða og yrðu send aftur til síns heimalands ef þau ynnu ekki vinnu sína. Aftur á móti var það mat meiri hluta dómenda að í þeim orðum ákærðu hefði ekki falist raunveruleg þvingun eða nauðung. Hér athugast að í dómi Landsréttar segir samt sem áður að þegar um börn sé að ræða

[176] Sama heimild 34.
[177] UNODC, „The Concept of ‘Harbouring’ in the Trafficking in Persons Protocol“ (n. 89) 7-8.

séu ekki gerðar eins strangar kröfur um þvinganir, heldur dugi að sýna fram á að barn hafi verið beitt þrýstingi af einhverjum toga eða að rekja megi þrýsting til annarra sérgreindra aðstæðna. Í því ljósi þykir höfundi þessi niðurstaða meiri hluta dómenda heldur athyglisverð, en telja verður að í þessum orðum ákærðu hafi falist einhvers konar þvinganir eða þrýstingur af hennar hálfu, einkum í ljósi þess að um börn var að ræða sem voru ákærðu um margt háð. Með vísan til framangreinds þykir höfundi að sama skapi áhugaverð sú niðurstaða Hæstaréttar að hafna beiðni ríkissaksóknara um að áfrýja umræddum dómi Landsréttar.

Í ljósi ofangreinds má draga þá ályktun að margt mætti betur fara í baráttu Íslands gegn mansali, ekki síst í tengslum við vinnumansali. Áherslu þurfi að leggja á að auka þekkingu meðal þeirra sem að mansalsmálum koma í því skyni að efla getu til rannsóknar og saksóknar slíkra mála. Á þetta einkum við um vinnumansalsmál, því þrátt fyrir að aðeins eitt vinnumansalsmál hafi ratað á borð dómstóla er samt sem áður ljóst að hér á landi fyrirfinnist vinnumansal. Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur þannig vakið athygli á því að upp hafi komið tilfelli um grun um vinnumansal. Segir í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá árinu 2021 að árið 2020 hafi átta tilvik verið skráð hjá lögreglu um grun um vinnumansal. Umrædd tilvik hafi m.a. verið tengd ferðaiðnaði, byggingariðnaði og veitingaiðnaði.[178] Þá hefur á vettvangi íslenskra verkalýðsfélaga skapast umræða þar sem lýst er alvarlegum brotum á vinnumarkaði, svo alvarlegum að um vinnumansal kunni að vera að ræða.[179] Velta má því upp hvers konar meðferð slík mál hljóti leiði rannsókn í ljós að ekki sé um vinnumansal að ræða og hvort önnur ákvæði laga kunni mögulega að koma til álita. Á sama hátt kann að vakna sú spurning hvar mörkin liggja á milli vinnumansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og annars konar brotastarfsemi á vinnumarkaði. Við framangreindum spurningum verður leitað svara í næsta kafla.

[178] Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi: Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi“ (n. 3) 27.
[179] Hagdeild ASÍ (n. 10) 3.

4. Félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði

Samfélagsleg umræða um félagsleg undirboð (*e. social dumping*) hefur verið áberandi bæði hérlendis og erlendis undanfarin ár. Ekki er til nein almennt samþykkt skilgreining á hugtakinu en ljóst er að félagsleg undirboð geta átt sér margar birtingarmyndir. Því hefur þó verið lýst þannig að um sé að ræða háttsemi atvinnurekenda sem ætlað er að minnka framleiðslukostnað og í því skyni eru greidd laun og önnur kjör sem ekki standast þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum.[180] Meðal birtingarmynda félagslegra undirboða eru ólögleg sjálfboðaliðastarfsemi, ófullnægjandi ráðningarsamningar, misnotkun á starfsfólki og óviðunandi aðbúnaður. Það sem nefnt hefur verið „launaþjófnaður" hefur verið talið ein alvarlegasta birtingarmynd félagslegra undirboða.[181] Má því segja að í félagslegum undirboðum felist einhvers konar brot á vinnumarkaði í þeim tilgangi að hagnýta viðkomandi starfsmann og sniðganga réttindi hans atvinnurekanda til hagnaðar.[182]

Í fjölmiðlum undanfarin ár og á vettvangi stéttarfélaga hefur umfjöllun um félagsleg undirboð og alvarleg brot á vinnumarkaði aukist. Lýst hefur verið óásættanlegum aðstæðum starfsmanna á vinnustað, löngum vinnudögum og því sem nefnt hefur verið „launaþjófnaður". Hefur í sumum tilfellum verið talið að um vinnumansal kunni að vera að ræða. Í þessu sambandi kunna ýmsar spurningar að vakna. Þannig má velta því upp hvar draga megi mörkin á milli vinnumansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og annars konar brota á vinnumarkaði. Þá má á sama hátt velta því upp hvort einhver viðurlög eða refsingar samkvæmt íslenskri löggjöf liggi við alvarlegum brotum á vinnumarkaði, sem þó teljast e.t.v. ekki vinnumansal samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Í þessum kafla verður leitast við að svara framangreindum spurningum. Í því skyni verða rakin þau ákvæði laga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði. Jafnframt verður stuttlega vikið að áherslum stjórnvalda í tengslum við félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði og áformum þeirra um að auka betur vernd réttinda starfsmanna á vinnumarkaði. Að lokum verður fjallað um einstök mál sem ratað hafa í fjölmiðla og varða ætlaða brotastarfsemi á vinnumarkaði í því skyni að greina hvernig skilja megi vinnumansal samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. frá annars konar brotum á vinnumarkaði.

---

[180] Monika Kiss, „Understanding Social Dumping in the European Union" (European Union mars 2017) 2 < https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2017/599353/EPRS_BRI(2017)599353_EN.pdf> skoðað 8. febrúar 2023.
[181] Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi á Íslandi: Áhættumatsskýrsla greiningardeildar ríkislögreglustjóra" (n. 7) 13.
[182] Monika Kiss (n. 180) 2.

4.1. Ákvæði laga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði

Löggjöf á sviði vinnumarkaðar á Íslandi er nokkuð ítarleg og er að mörgu leyti ætlað að taka á því sem nefnt hefur verið innbyggður hagsmunaágreiningur starfsmanns og atvinnurekanda. Ljóst þykir jafnframt að ákveðið ójafnræði og valdaójafnvægi ríki á milli starfsmanna og atvinnurekanda og er löggjöfinni m.a. ætlað að taka á því.[183] Leggja því ýmis ákvæði laga ákveðnar skyldur á atvinnurekanda og tryggja tiltekin réttindi starfsmanna. Ekki gefst hér tækifæri til að fjalla ítarlega um ákvæði laga er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði, en tilefni þykir þó til að fjalla sérstaklega um tiltekin ákvæði laga þar sem varða kann viðurlögum eða refsingum séu þau ákvæði sem ætlað er að tryggja réttindi starfsmanna og koma í veg fyrir botastarfsemi á vinnumarkaði, virt að vettugi.

Áður en fjallað verður um ákvæði laga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði er mikilvægt að árétta að lágmarkslaun hér á landi eru ákveðin í kjarasamningum. Í kjarasamningum er að auki samið um annars konar launatengd réttindi, líkt og orlofs- og desemberuppbætur, yfirvinnu o.fl.[184] Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda[185] skulu laun og önnur starfskjör sem samið er um með kjarasamningum vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á því svæði er samningurinn tekur til. Er að auki kveðið á um í 1. gr. starfskjaralaga að einstakir samningar launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skuli ógildir. Mikilvægt er að árétta í þessu samhengi að af ákvæði 1. gr. starfskjaralaga leiðir að ekki skiptir máli hvort starfsmaður sé félagsmaður tiltekins stéttarfélags eða hvort atvinnurekandi sé aðili að samtökum atvinnurekanda. Kjarasamningur tekur til allra þeirra sem vinna þau störf á því svæði sem samningurinn tekur til, óháð félagsaðild.[186] Að meginstefnu til kemur það í hlut stéttarfélaga að hafa eftirlit með því að lágmarksréttindi samkvæmt kjarasamningum séu virt. Getur stéttarfélag þannig gert kröfu um vangoldin laun fyrir hönd starfsmanns sé farið á svig við ákvæði kjarasamnings um lágmarkslaun.[187]

---

[183] Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, „Vinnulöggjöfin (lög nr. 80/1938) í 70 ár“ (2008) 4(2) Stjórnmál og stjórnsýsla 181, 184.

[184] „Lágmarkslaun“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/laun-og-vinnutimi/laun/lagmarkslaun/> skoðað 22. apríl 2023.

[185] Hér eftir „starfskjaralög“.

[186] „Aðild að kjarasamningi“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettur/adild/> skoðað 27. apríl 2023

[187] „Réttindi félagsmanna“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/stettarfelog-og-vinnudeilur/stettarfelog/rettindi-og-skyldur/rettindi-felagsmanna/> skoðað 22. apríl 2023.

Um aðstæður á vinnustað, hvíldartíma og hámarksvinnutíma er kveðið á í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.[188] Er þar m.a. kveðið á um þá skyldu atvinnurekanda að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.[189] Í því felst til að mynda að starfsmenn fái viðeigandi hlífðarbúnað, að vélar og annar búnaður uppfylli öryggiskröfur, að við notkun þeirra sé fyllsta öryggis gætt og að ráðstafanir séu gerðar í tengslum við hættuleg efni og mengun á vinnustað.[190] Í IX. kafla vinnuverndarlaganna er kveðið á um hvíldartíma, frítíma og hámarksvinnutíma. Þannig er t.d. í 53. gr. og 54. gr. vinnuverndarlaganna kveðið á um að starfsmenn skuli fá a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum 24 klukkustundum og a.m.k. einn vikulegan frídag á hverju sjö daga tímabili. Þá er í 55. gr. vinnuverndarlaganna kveðið á um að hámarksvinnutími starfsmanna á viku, að yfirvinnu meðtalinni, skuli ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd vinnuverndarlaganna, sbr. a-lið 1. mgr. 75. gr. laganna, og fer í því skyni í svokallaðar eftirlitsheimsóknir. Verði Vinnueftirlitið vart við að lögunum sé ekki fylgt eru stofnuninni veittar heimildir til þess að beita ákveðnum úrræðum til þess að þvinga fram úrbætur. Þannig er stofnuninni heimilt á grundvelli 84. og 85. gr. vinnuverndarlaganna að stöðva vinnu eða loka starfsemi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Á grundvelli 87. gr. vinnuverndarlaganna er stofnuninni svo heimilt að beita dagsektum hafi lögin eða reglugerðir settar með stoð í þeim verið brotin og ákvörðun Vinnueftirlitsins um úrbætur ekki verið fylgt.

Í lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga[191] er að finna ákvæði sem m.a. virðast hafa þann tilgang að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði gagnvart erlendu vinnuafli. Er þannig til að mynda kveðið á um í c-lið 1. mgr. 7. gr. laú. að skilyrði fyrir útgáfu tímabundins atvinnuleyfis sé m.a. að fyrir liggi ráðningarsamningur sem tryggi útlendingi laun og önnur starfskjör í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga. Séu ákvæði laganna brotin af ásetningi eða gáleysi getur slíkt varðað sektum eða fangelsisrefsingu í allt að sex mánuði, sbr. a-lið 1. mgr. 27. gr. laú. Jafnframt getur samkvæmt a-lið 2. mgr. 27. gr. laú. varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi samkvæmt lögunum. Sömu refsingu varðar það samkvæmt b-lið 2. mgr. sömu greinar að hafa milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlendinga, eða að gefa út eða miðla yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til

[188] Hér eftir „vinnuverndarlögin“
[189] Sjá í þessu samhengi einkum 13. gr. vinnuverndarlaganna.
[190] Vísast hér aðallega til V. kafla, VII. kafla og VIII. kafla vinnuverndarlaganna.
[191] Hér eftir „laú.“ eða eftir atvikum „lög um atvinnuréttindi útlendinga“.

notkunar í máli samkvæmt lögunum, ef hann notfærir sér með því ótilhlýðilegar aðstæður útlendingsins af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þá er í c-lið 2. mgr. 27. gr. laú. kveðið á um sömu refsingu hafi maður af ásetningi tælt útlending með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, til að koma til landsins í atvinnuskyni. Þá er í 3. mgr. 27. gr. laú. kveðið á um að það varði sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis. Nær efnislega samhljóða ákvæði 27. gr. laga um laú. er að finna í 116. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga. Vinnumálastofnun fer með framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laú., auk eftirlits ásamt lögreglu, sbr. 26. gr. laú.

Ætla má að ofangreind ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga og laga um útlendinga kunni gjarnan að koma til skoðunar þegar um vinnumansal samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er að ræða, enda er með ákvæðunum lögð refsing við háttsemi sem oft jafnframt einkennir vinnumansal. Í því samhengi má m.a. vísa til *Lrd. 324/2022*, sem rakinn var hér að framan, en háttsemi ákærðu í því máli var til vara byggð á a- og b-lið 2. mgr. 27. gr. laú. og a- og b-lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga. Frá þeirri varakröfu féll ákæruvaldið hins vegar við meðferð málsins fyrir Landsrétti.[192]

Í lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og lögum nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda er jafnframt að finna ákvæði um viðurlög og refsingar, en tilgangur beggja þessara laga er m.a. að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna séu í samræmi við ákvæði reglna og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi, sbr. 1. gr. beggja laga. Þannig er til að mynda í 11. gr. a. og 11. gr. b. laga um starfsmannaleigur Vinnumálastofnun fengin heimild til að beita dagsektum og stjórnvaldssektum sé ekki farið að lögunum. Á sama hátt er Vinnumálastofnun fengin heimild í 15. gr. a. og 15. gr. b. laga um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustveitenda til að beita dagssektum og stjórnvaldssektum. Þá er í 13. gr. laga um starfsmannaleigur og 18. gr. laga um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda kveðið á um að brot gegn lögunum eða

[192] Hér vísast jafnframt til *dóms Landsréttar 4. október 2019 í máli nr. 655/2018*, en þar var Y ehf. og eiganda félagsins og stjórnarmanni þess, X, gefið að sök brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga með því að hafa ráðið þrjá einstaklinga til starfa og nýtt starfskrafta þeirra til landbúnaðarstarfa, án þess að þau hefðu tilskilin dvalar- og atvinnuleyfi. Var háttsemi þessi í ákæru talin varða við 2. mgr. 6. gr., sbr. a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr. og 4. mgr. 27. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og a-lið 2. mgr., sbr. 5. mgr. 57. gr., sbr. 9. gr. áður gildandi laga um útlendinga nr. 96/2002, sbr nú a-lið 2. mgr. 5. mgr. 116. gr., sbr. 2. mgr. 50. gr. laga um útlendinga. Með dómi Landsréttar voru þó Y ehf. og X sýknuð af öllum sakargiftum. Ljóst þótti að einstaklingarnir sem voru sagðir ráðnir til starfa voru sjálfboðaliðar og að þau hefðu haft frumkvæði að komu og dvöl sinni hingað til lands. Að mati réttarins þótti hins vegar hvorki sannað að ákærðu hefðu ráðið einstaklingana til starfa svo að til vinnuréttarsamabands hefði stofnast né að ákærðu hefðu nýtt starfskrafta þeirra með þeim hætti sem vísað væri til í ákvæðum þeirra laga sem tiltekin voru í ákæru.

reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hér hafa verið rakin helstu ákvæði laga er leggja einhvers konar viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði. Öll eiga þau það sameiginlegt að með þeim er leitast við að koma í veg fyrir að starfsmenn verði hagnýttir til vinnu og tryggja að réttindi og kjör þeirra séu virt. Því má hins vegar velta upp hvort núgildandi löggjöf sé til þess fallin að sporna gegn alvarlegri brotastarfsemi á vinnumarkaði. Hafa stjórnvöld í því sambandi hafið vinnu við að skoða hvort þörf sé breytinga á löggjöf er lýtur að þessu málefnasviði.

4.2. Áherslur stjórnvalda í tengslum við brotastarfsemi á vinnumarkaði

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á að sporna þurfi gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Vert er að nefna að haustið 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra samstarfshóp í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Hópurinn var skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og ráðuneyta, auk embættis ríkislögreglustjóra, ríkisskattstjóra, Vinnueftirlitsins og Vinnumálastofnunar. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum til ráðherra í janúar árið 2019.[193] Í skýrslu sinni lagði samstarfshópurinn sérstaka áherslu á að hindra og stöðva þyrfti brotastarfsemi á vinnumarkaði.[194] Í því skyni þyrfti að útfæra hvernig fyrirbyggja mætti alvarleg og ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsiábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna auk þess sem stjórnvöldum yrðu veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi þar sem verulega hefði verið farið á svig við kjarasamninga og kjör starfsmanna samkvæmt lögum, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.[195] Um það hvers konar þvingunarúrræði og stjórnvaldsviðurlög kæmu til álita í þeim efnum er ekki sérstaklega fjallað í umræddri skýrslu. Í skýrslunni er þó tiltekið að þær heimildir sem þegar eru til staðar, og hafa að mestu verið raktar hér í þessum kafla, séu bundnar við gildissvið tiltekinna laga og gildi því ekki með nægilega almennum hætti.[196] Var niðurstaða hópsins m.a. sú að rýna þyrfti alla löggjöf og það regluverk sem á þessu málefnasviði gildir svo hægt væri að beita skilvirkum aðgerðum sem skilað gæti tilætluðum árangri. Að auki var vinnumansal á meðal þess sem

[193] Samstarfshópur félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði, „Skýrsla samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði“ (Félagsmálaráðuneytið janúar 2019) 1 <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Skyrsla-um-felagsleg-undirbod.pdf> skoðað 22. mars 2023.
[194] Sama heimild 4.
[195] Sama heimild 5, 8.
[196] Sama heimild 7.

samstarfshópurinn ræddi um og í því samhengi áréttað að gera þyrfti bann við nauðungarvinnu að sérgreindu broti.[197]

Áherslur stjórnvalda í tengslum við félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði birtast jafnframt í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 4. apríl 2019, sem gefin var í tengslum við undirritun svokallaðra lífskjarasamninga. Þar birtust alls 11 aðgerðir sem ætlað var að sporna gegn félagslegum undirboðum. Þar á meðal átti að auka heimildir til refsinga ef atvinnurekandi bryti gegn lágmarkskjörum launamanns.[198] Þá birtast áherslur stjórnvalda um að sporna þurfi gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði einnig í gildandi sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfngarinnar - græns framboðs, þar sem fram kemur að „*[t]il að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði verða starfskjaralög endurskoðuð og varnir gegn kennitöluflakki styrktar með viðeigandi lagabreytingum*“.[199]

4.3. Mörk og skörun við vinnumansal

Í þessum kafla hafa verið rakin ákvæði laga er leggja viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði. Þótt slík brotastarfsemi á vinnumarkaði sé að miklu leyti eðlisólík vinnumansali, þá kann samt sem áður að eiga sér stað ákveðin skörun þeirra á milli. Þannig kunna e.t.v. ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga, ákvæði vinnuverndarlaga eða ákvæði útlendingalaga jafnframt að koma til álita þegar um vinnumansal samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. er að ræða. Með vísan til umfjöllunar í öðrum kafla um verknaðarlýsingu mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl., þ.e. verknað, verknaðaraðferð og tilgang, má hins vegar telja nokkuð ljóst að það eitt að greiða starfsmanni laun sem ekki samrýmast lágmarkslaunum eða gera starfsmanni að vinna við aðstæður sem ekki samrýmast gildandi lögum og reglum felur ekki í sér vinnumansal í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl.[200] Eins og áður segir er það einkum sá þáttur mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr a hgl. er lýtur að verknaðaraðferð sem aðgreinir vinnumansal frá annars konar brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þannig telst einstaklingur, sem hagnýttur er til vinnu og starfar við óviðunandi aðstæður, ekki þolandi mansals, nema hann sé á einhverjum

[197] Sama heimild 5.
[198] „Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“ (Stjórnarráð Íslands apríl 2019) <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/STUDNINGUR.4(vef).pdf > skoðað 3. febrúar 2023.
[199] „Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs“ (Stjórnarráð Íslands 28. nóvember 2021) 50 < https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf> skoðað 23. janúar 2023.
[200] International Labour Office, *Human Trafficking and Forced Labour Exploitation: Guidelines for Legislation and Law Enforcement* (n. 126) 19.

tímapunkti beittur t.d. hótunum, blekkingum eða nauðung.[201] Þá má vísa til fyrri umfjöllunar um verknaðarlýsingu 1. mgr. 227. gr. a. er lýtur að tilgangi vinnumansals, þ.e. nauðungarvinnu, nauðungarþjónustu, þrældóms eða ánauðar, en öll þessi hugtök virðast eiga það sameiginlegt að einstaklingur er á einhvern hátt neyddur eða þvingaður til að inna tiltekna þjónustu eða vinnu af hendi og frelsi hans til að slíta sig frá geranda að einhverju leyti takmarkað.[202]

Í dæmaskyni má nefna nokkur nýleg mál sem ratað hafa í fjölmiðla þar sem grunur hefur vaknað um alvarlega brotastarfsemi á vinnumarkaði. Voru brotin jafnvel talin svo alvarleg að í þeim gæti falist vinnumansal samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Þannig kann í sumum tilvikum að hafa verið álitaefni hvort um vinnumansal væri að ræða eða annars konar brotstarfsemi á vinnumarkaði. Rétt er þó að árétta að umfjöllun þessi er að mestu unnin úr upplýsingum úr fjölmiðlum og því sannleiksgildi hennar ekki hafið yfir allan vafa.

Í ágúst árið 2022 vaknaði grunur um stórfelldan „launaþjófnað“ á tveimur veitingastöðum í Reykjavík í eigu sama aðila, en málið hlaut mikla athygli í fjölmiðlum. Í fréttaumfjöllun segir að starfsmenn veitingastaðanna, sem voru erlendir ríkisborgarar, hafi aðeins fengið greidd lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi, en hafi þó unnið allt að 10–16 klukkustundir á dag, sex daga vikunnar. Starfsmennirnir hafi engin vaktaálög eða yfirvinnu fengið greidda, né orlof eða annars konar réttindi samkvæmt lögum og kjarasamningum.[203] Þá hafi starfsmennirnir sætt ýmiss konar óútskýrðum launafrádráttum. Jafnframt hafi komið í ljós að starfsmennirnir höfðu dvalið í íbúð í eigu atvinnurekandans.[204] Talið var að tjón starfsmanna veitingastaðanna beggja vegna þessa hefði numið allt að nokkrum milljónum íslenskra króna á hvern starfsmann. Mál þetta hefði verið tilkynnt lögreglu þar sem grunur hefði vaknað um að starfsmenn veitingastaðanna kynnu mögulega að vera þolendur vinnumansals.[205] Engin ákæra var hins vegar gefin út í máli þessu vegna ætlaðra brota gagnvart starfsmönnunum. Í kjölfarið

[201] UNOCD, „The International Legal Definition of Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (n. 27) 24.
[202] Hér vísast til fyrri umfjöllunar í kafla 3.3.3.
[203] Erla María Davíðsdóttir, „Veitingahúseigendur uppvísir um stórfelldan launaþjófnað“ *fréttablaðið.is* (Reykjavík, 25. ágúst 2022) < https://www.frettabladid.is/frettir/veitingahuseigendur-uppvisir-um-storfelldan-launathjofnad/> skoðað 2. nóvember 2022.
[204] „Grunur um stórfelldan launaþjófnað á Flame og Bambus“ *mbl.is* (Reykjavík, 25. ágúst 2022) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/08/25/grunur_um_storfelldan_launathjofnad_a_flame_og_bamb/> skoðað 2. nóvember 2022.
[205] Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir „Grunur um stórfelldan launaþjófnað á tveimur veitingastöðum tilkynntur til lögreglu“ *visir.is* (Reykjavík, 25. ágúst 2022) <https://www.visir.is/g/20222302650d> skoðað 2. nóvember 2022.

hafi starfsmenn veitingastaðanna gert kröfu um vangoldin laun sem samtals hljóðuðu upp á rúmlega 13.000.000 kr.[206]

Í byrjun árs 2016 var um það fjallað að grunur hefði vaknað um að karlmaður héldi þremur konum í vinnumansali á heimili sínu í Vík í Mýrdal. Rannsókn lögreglu hefði leitt í ljós að konurnar hefðu starfað við að sauma og prjóna flíkur á heimili karlmannsins, en þær engin laun fengið í hefðbundnum skilningi vegna vinnu sinnar. Var karlmaðurinn sagður hafa útvegað þær hingað til lands og hýst á heimili sínu og við það beitt ólögmætri nauðung. Stöðu kvennanna var lýst sem einkar bágri og þær sagðar algjörlega háðar karlmanninum. Karlmaðurinn var í nokkur skipti úrskurðaður í gæsluvarðhald og síðar farbann,[207] en þó aldrei ákærður fyrir mansal. Réttargæslumaður kvennanna lýsti því í fjölmiðlum að niðurstaða héraðssaksóknara um að ákæra umræddan karlmann ekki fyrir mansal væri byggð á því að konurnar hefðu dvalið endurgjaldslaust í húsnæði karlmannsins og að auki þegið hjá honum fæði. Þá var jafnframt deilt um umfang vinnuframlags kvennanna.[208] Að sögn héraðssaksóknara var málið fellt niður sökum þess að það var ekki talið líklegt til sakfellingar í ljósi skilyrða 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Í kjölfar þess að héraðssaksóknari felldi málið niður var málið rannsakað af lögreglu sem mögulegt brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, en engin ákæra var hins vegar gefin út á hendur karlmanninum.[209]

Að lokum má nefna mál sem gjarnan hefur verið kennt við starfsmannaleiguna *Menn í vinnu* og fyrirtækið *Eldum rétt,* en fyrirtækið hafði nýtt sér þjónustu starfsmannaleigunnar og leigt þaðan menn til starfa. Að sögn stéttarfélagsins Eflingar voru starfsmenn starfsmannaleigunnar tældir hingað til lands með gylliboðum um atvinnu og dvöldu þeir í húsnæði á vegum starfsmannaleigunnar, en um iðnaðarhúsnæði hafi verið að ræða. Þá voru þeir sagðir hafa sætt ýmiss konar frádráttum frá launum sem í sumum tilvikum varð til þess að þeir fengu engin laun greidd. Voru starfsmennirnir sagðir hafa verið beittir hótunum af starfsmannaleigunni um uppsögn, brottrekstur úr húsnæðinu og líkamsmeiðingar í því skyni að

[206] Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, „Krefja Bambus og Flame um 13 milljónir“ *mbl.is* (Reykjavík 1. september 2022) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/01/krefja_bambus_og_flame_um_13_milljonir/> skoðað 1. desember 2022.
[207] Hrd. 23. febrúar 2016 í máli nr. 143/2016; Hrd. 9. mars 2016 í máli nr. 177/2016; Hrd. 8. apríl 2016 í máli nr. 259/2016; Hrd. 30. maí 2016 í máli nr. 403/2016; Hrd. 1. júlí 2016 í máli nr. 478/2016.
[208] Þorsteinn Ásgrímsson, „Ekki mansal vegna fris fæðis og húsnæðis“ *mbl.is* (Reykjavík 12. desember 2016) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/12/12/ekki_mansal_vegna_fris_faedis_og_husnaedis/> skoðað 5. desember 2022.
[209] Hallgrímur Indriðason, „Vík: Brot á atvinnuréttindum útlendinga skoðuð“ *ruv.is* (Reykjavík 8. desember 2016) <https://www.ruv.is/frettir/innlent/vik-brot-a-atvinnurettindum-utlendinga-skodud> skoðað 5. desember 2022.

koma í veg fyrir að þeir leituðu réttar síns.[210] Atvik þetta var tilkynnt mansalsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en engin ákæra var þó gefin út.[211] Vinnumálastofnun hins vegar sektaði starfsmannaleiguna um 2.500.000 kr. fyrir brot á lögum um starfsmannaleigur, sbr. 11. gr. b. laganna.[212] Þá stefndu starfsmenn starfsmannaleigunnar bæði fyrirtækinu og starfsmannaleigunni,[213] auk eiganda, framkvæmdastjóra og fyrirsvarsmanni starfsmannaleigunnar, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og kröfðust vangoldinna launa auk miskabóta á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í ljósi óhóflegra og ósanngjarnra frádrátta frá launagreiðslum þeirra töldu starfsmennirnir sig hafa unnið þvingunar- eða nauðungarvinnu. Að auki töldu starfsmennirnir sig hafa verið beitta vanvirðandi meðferð og ólögmætum blekkingum. Vísuðu þeir máli sínu til stuðnings m.a. til mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Með *dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3209/2019* var kröfum starfsmannanna vísað frá dómi, en þegar mál þetta var höfðað hafði gjaldþrotaskiptum starfsmannaleigunnar Menn í vinnu þegar verið lokið og því yrði engum kröfum komið fram gagnvart félaginu. Þá voru eigandi, framkvæmdastjóri og fyrirsvarsmaður starfsmannaleigunnar sýknuð af kröfum starfsmannanna, en að mati héraðsdóms þótti ljóst að þeir aðilar gætu ekki borið ábyrgð á kröfum þeirra. Jafnframt var það mat dómsins að í þeim frádráttum frá launum sem starfsmönnunum var gert að sæta fælist ekki ólögmæt meingerð í skilningi 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Að öðru leyti tók dómurinn ekki efnislega afstöðu til ætlaðra brota gagnvart starfsmönnum starfsmannaleigunnar.[214]

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar má draga þá ályktun að skilin á milli vinnumansals samkvæmt 1. mgr. 227. gr. a. hgl. og annars konar brotastarfsemi á vinnumarkaði kunni í sumum tilvikum að vera óskýr. Ljóst er að í málum sem varða brotastarfsemi á vinnumarkaði kunna aðstæður að vera nokkuð flóknar og vandkvæði við sönnun kunna jafnframt að valda því að óljóst sé hvort háttsemi falli að skilyrðum 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Þegar svo háttar til, þ.e. ef óljóst er hvort háttsemi teljist vera vinnumansal eða ef mál þykir ekki líklegt til sakfellingar, kann að vera að viðurlagaákvæði sérlaga komi til álita, s.s. ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga. Þá kann starfsmaður eftir atvikum að beita

[210] „Eldum rétt og Mönnum í vinnu stefnt til greiðslu bóta vegna nauðungarvinnu“ (Efling 2. júlí 2019) <https://www.efling.is/2019/07/eldum-rett-og-monnum-i-vinnu-stefnt-til-greidslu-bota-vegna-naudungarvinnu/> skoðað 5. desember 2022.
[211] „Efling mun styðja áfrýjun í máli rúmenskra félagsmanna gegn Eldum rétt og starfsmannaleigu“ (Efling 25. febrúar 2021) <https://www.efling.is/2021/02/efling-mun-stydja-afryjun-i-mali-rumenskra-felagsmanna-gegn-eldum-rett-og-starfsmannaleigu/> skoðað 7. desember 2022.
[212] Úrskurður félagsmálaráðuneytisins 10. júní 2020 í máli nr. 002/2020.
[213] Samkvæmt b-lið 7. mgr. 4. gr. laga um starfsmannaleigur skal starfsmaður starfsmannaleigu sem höfðar mál vegna ábyrgðar notendafyrirtækis einnig stefna hlutaðeigandi starfsmannaleigu.
[214] Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2021 í máli nr. E-3209/2019.

einkaréttarlegum úrræðum og krefjast vangoldinna launa. Því má hins vegar velta upp hvort þau ákvæði sem í þessum kafla hafa verið rakin hafi tilætluð varnaðaráhrif og séu til þess fallin að sporna gegn alvarlegri brotastarfsemi á vinnumarkaði. Við háttsemi sem verulega vegur að réttindum starfsmanns á vinnumarkaði samkvæmt lögum og kjarasamningum, sem þó e.t.v. telst ekki fela í sér vinnumansal eða óljóst er hvort skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. séu uppfyllt, liggja samkvæmt núgildandi löggjöf engin eða frekar væg viðurlög og refsingar. Áherslur stjórnvalda um að sporna þurfi gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði með breytingum á löggjöf virðast skýrar, en litlar breytingar hafa þó litið dagsins ljós. Í ljósi framangreinds má velta því upp hvort rétt væri að gera breytingar á almennum hegningarlögum í því skyni að tryggja að betur sé unnt að sporna gegn brotastarfsemi og alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði.

5. Er tilefni til frekari breytinga á almennum hegningarlögum?

Í þessum kafla verður leitað svara við því hvort frekari breytinga sé mögulega þörf á almennum hegningarlögum í því skyni að koma í veg fyrir og uppræta brot á vinnumarkaði sem felast í alvarlegri hagnýtingu einstaklinga með skilvirkari hætti. Rakin verður sú umræða sem skapaðist við meðferð frumvarps til laga nr. 79/2021 um nýlegar breytingar á 227. gr. a. hgl., en þar var m.a. kallað eftir því að refsilöggjöf yrði skoðuð með tilliti til alvarlegrar hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Þá verður fjallað um nýlegar breytingar á refsilöggjöf Norðurlandanna, einkum Svíþjóðar, og því velt upp hvort tilefni sé fyrir Ísland að gera sambærilegar breytingar á almennum hegningarlögum.

5.1. Ákall um refsingu við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði

Eins og rakið var í öðrum kafla ritgerðar þessarar voru töluverðar breytingar gerðar á ákvæði 227. a. gr. hgl. með lögum nr. 79/2021. Markmið þeirra breytingar var að útvíkka mansalsákvæðið með þeim hætti að það tæki frekar til þekktra birtingarmynda mansals hér á landi, og auðvelda framgang mansalsmála innan réttarvörslukerfisins.[215] Nær óumdeilanlegt hefur verið á meðal sérfræðinga, hagsmunaaðila og annarra sem láta sig mansalsmál varða að umræddar breytingar hafi verið af hinu góða. Flestir hafa því fagnað breytingunum og talið þær til þess fallnar að auka betur við réttarvernd þolenda mansals og auðvelda um leið málsókn á hendur þeim sem kunna að hafa gerst brotlegir við 1. mgr. 227. gr. a. hgl.[216]

Við þinglega meðferð frumvarps til laga nr. 79/2021 bárust Alþingi umsagnir frá ýmsum hagsmunaaðilum, sem allir lýstu yfir ánægju sinni með þær tillögur að breytingum sem gerðar voru á ákvæði 227. a. hgl. Þó bar á athugasemdum við orðalag og efni breytinganna. Þannig lýsti Vinnueftirlitið þeim áhyggjum að ákvæðið kynni mögulega ekki að taka með nægilega skýrum hætti til allra birtingarmynda mansals, þá einkum vinnumansals.[217] Í frumvarpinu segir að vinnumansal nái yfir „nauðungarvinnu, þrælkun, þrældóm eða aðra misnotkun á vinnuafli að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 227. gr. a“.[218] Vinnueftirlitið benti hins vegar á það í umsögn sinni að hvergi væri í ákvæðinu að finna orðalagið „aðra misnotkun á vinnuafli“ og lagði í því samhengi til að umrætt orðalag hlyti skýrari stoð í ákvæðinu sjálfu. Taldi Vinnueftirlitið jafnframt ástæðu til þess að tekið yrði til skoðunar hvort fella ætti undir ákvæðið þá háttsemi

[215] Alþt. 2020-2021, B-deild, 550. mál, 61. fundur (Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir) skoðað 2. desember 2022.
[216] Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2017; Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Rauða krossins á Íslandi við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2313; Alþt. 20202-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Vinnueftirlitsins við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2243.
[217] Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Vinnueftirlitsins við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2243.
[218] Alþt. 2020-2021, A-deild, þskj. 917-550. mál.

þar sem einstaklingi er gert að vinna við bersýnilega óásættanlegar vinnuaðstæður, sem m.a. ógna heilsu og öryggi viðkomandi, að því gefnu að önnur skilyrði ákvæðisins væru uppfyllt. Vísaði Vinnueftirlitið máli sínu til stuðnings til nýlegs ákvæðis sænsku hegningarlaganna, þar sem m.a. er lögð refsing við því að gera starfsmanni að vinna við bersýnilega óásættanlegar aðstæður. [219] Alþýðusamband Íslands tók undir framangreindar tillögur Vinnueftirlitsins og taldi að umsögn Vinnueftirlitsins ætti að kalla á frekari skoðun, enda mikilvægt að vandað yrði til verka.[220]

Í umræðum á Alþingi við þinglega meðferð frumvarps til laga nr. 79/2021 voru jafnframt gerðar athugasemdir við efni og orðalag ákvæðisins að þessu leyti. Þannig var því velt upp hvort ekki væri tilefni til að kveða með skýrari og nákvæmari hætti á um að það að vinna við bersýnilega óásættanlegar aðstæður og njóta ekki fullra réttinda í starfi kynni að fela í sér vinnumansal. Með slíkum hætti hefði verið hægt að standa betri vörð um vinnuafl á Íslandi, einkum erlent vinnuafl.[221] Þá var því velt upp hvernig bregðast ætti við stöðu þess fólks sem starfar við ýmsar óviðunandi aðstæður, en eru e.t.v. ekki þolendur mansals í skilningi 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Var í því samhengi m.a. vísað til ólöglegrar sjálfboðaliðastarfsemi, ófullnægjandi ráðningarsamninga, misnotkunar á starfsmönnum, ófullnægjandi hvíldartíma eða aðbúnaðar og „launaþjófnaðar“,[222] en eins og áður segir eru þetta allt birtingarmyndir félagslegra undirboða. Kallað var m.a. eftir því að framangreindir þættir yrðu skoðaðir með heildstæðum hætti og í samhengi við markmið og tilgang frumvarps til laga nr. 79/2021.[223] Hvað framangreindar athugasemdir varðar má nefna að í nefndaráliti meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga nr. 79/2021 segir að ekki hafi þótt ástæða til að rýmka ákvæðið frekar en gert væri með umræddum breytingum. Í ljósi kröfunnar um skýrleika refsiheimilda kynni frekari rýmkun á ákvæðinu að leiða til þess að úr gildi refsiheimildarinnar yrði dregið og að erfiðara yrði að beita ákvæðinu í framkvæmd. Frekari rýmkun á ákvæðinu kynni því að torvelda markmið breytinganna.[224]

Af ofangreindum umsögnum sem bárust Alþingi og þeim umræðum sem fram fóru við þinglega meðferð frumvarps til laga nr. 79/2021 má ráða að ákall virðist hafa verið eftir því að refsilöggjöf yrði skoðuð með tilliti til alvarlegrar hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Var í því samhengi vísað til löggjafar annarra Norðurlanda, einkum Svíþjóðar.

---

[219] Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Vinnueftirlitsins við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2243.
[220] Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, umsögn Alþýðusambands Íslands við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2268.
[221] Alþt. 2020-2021, B-deild, 550. mál, 107. fundur (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir) skoðað 2. desember 2022.
[222] Alþt. 2020-2021, B-deild, 550. mál, 105. fundur (Bergþór Ólason) skoðað 2. desember 2022.
[223] Alþt. 2020-2021, B-deild, 550. mál, 105. fundur (Bergþór Ólason) skoðað 2. desember 2022.
[224] Alþt. 2020-2021, A-deild, 550. mál, nefndarálit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal), Þ 151/1541.

5.2. Nýlegar breytingar á Norðurlöndunum

Við mat á því hvort tilefni sé til frekari breytinga á almennum hegningarlögum þykir nærtækast að líta til löggjafar á Norðurlöndunum, en þar hafa nýlega átt sér stað breytingar á refsilöggjöf í því skyni að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og auka vernd þeirra sem alvarlega eru hagnýttir til vinnu. Þannig hafa ríki á borð við Svíþjóð og Danmörku lögfest ný ákvæði í hegningarlög sín, þar sem refsing er m.a. lögð við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði. Samkvæmt áherslum norskra stjórnvalda í tengslum við félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði virðast jafnframt vera áform um að gera slíkt hið sama í norskri refsilöggjöf.[225]

5.2.1. Svíþjóð

Þann 1. júlí árið 2018 voru gerðar breytingar á sænsku hegningarlögunum[226] þess efnis að nýtt ákvæði kom inn, ákvæði 1b, í fjórða kafla laganna.[227] Með umræddu ákvæði er refsing lögð við hagnýtingu á vinnumarkaði eða við betl (s. *Människoexploatering*), en ákvæðið kemur til viðbótar við ákvæði 1a í fjórða kafla laganna um mansal.[228] Ákvæði 4:1b BrB. er svohljóðandi:

> **1 b §** Den som, i annat fall än som avses i 1 eller 1 a §, genom olaga tvång, vilseledande eller utnyttjande av någons beroendeställning, skyddslöshet eller svåra situation exploaterar en person i tvångsarbete, arbete under uppenbart orimliga villkor eller tiggeri, döms för människoexploatering till fängelse i högst fyra år.
>
> Den som begår en gärning som avses i första stycket mot en person som inte har fyllt arton år döms till ansvar även om det inte förekommit något olaga tvång, vilseledande eller utnyttjande av någons beroendeställning, skyddslöshet eller svåra situation. Detta gäller även om den som begår en sådan gärning inte haft uppsåt till men varit oaktsam beträffande omständigheten att den andra personen inte fyllt arton år.
>
> Är ett brott som avses i första eller andra stycket att anse som grovt, döms för grov människoexploatering till fängelse i lägst två och högst tio år. Vid bedömningen av om brottet är grovt ska det särskilt beaktas om gärningen avsett en verksamhet som bedrivits i större omfattning, medfört betydande vinning eller inneburit ett särskilt hänsynslöst utnyttjande av annan.

Með ákvæðinu er lögð allt að fjögurra ára fangelsisrefsing fyrir þann sem með nauðung, blekkingum eða með því að misnota ósjálfstæði, varnarleysi eða erfiðar aðstæður einstaklings, hagnýtir hann til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls. Í 2.

---

[225] Regjeringen Støre, „Handlingsplan mot sosial dumping og arbeidslivskriminalitet“ (Departementene 1. október 2022) 7, 13 <https://www.regjeringen.no/contentassets/d7c0a27fb108424eae30bed75041c2aa/action-plan-to-combat-social-dumping-and-work-related-crime-2022.pdf> skoðað 29. apríl 2023.
[226] Brottsbalken (1962:700) (hér eftir „BrB.“., eða eftir atvikum „sænsku hegningarlögin“).
[227] Lag (2018:601) om ändring i brottsbalken. Hér eftir vísað til ákvæðisins sem „4:1b BrB.“.
[228] Hér eftir vísað til mansalsákvæðis sænsku hegningarlaganna sem „4:1a BrB.“.

mgr. ákvæðisins er kveðið á um að hafi brot beinst að einstaklingi yngri en 18 ára sé ekki skilyrði að viðkomandi hafi verið beittur tiltekinni verknaðaraðferð, s.s. nauðung eða blekkingum. Í 3. mgr. er svo kveðið á um að sé brot samkvæmt 1. eða 2. mgr. ákvæðisins stórfellt skuli refsing ákveðin a.m.k. tveggja ára fangelsisrefsing og allt að 10 ára fangelsisrefsing.

Í skýringum með breytingarlögunum er rakið að á síðustu árum hafi hagnýting á einstaklingum færst í aukana í Svíþjóð. Slík hagnýting hafi einkum verið áberandi í byggingariðnaði, ræstingargreinum, á veitingastöðum og í landbúnaði. Þeir einstaklingar sem líklegri væru til að verða fyrir hagnýtingu á vinnumarkaði séu erlendir ríkisborgarar, sem kunna að hafa búið við fátækt í heimalandi sínu og koma gjarnan til Svíþjóðar í þeim tilgangi að leita betri lífskjara.[229] Aftur á móti þóttu ákvæði sænsku hegningarlaganna, sem leggja refsingu við háttsemi sem felst í hagnýtingu einstaklinga, þ.m.t. ákvæði 4:1a BrB. um mansal, ekki veita nægilega mikla vernd, einkum þeim sem höllum fæti stæðu í samfélaginu. Var að mati sænskra yfirvalda ekki hægt að leysa það vandamál með öðrum hætti en að lögfesta sérgreint refsiákvæði í hegningarlög.[230]

5.2.1.1. Verknaðarlýsing ákvæðis 4:1b sænsku hegningarlaganna

Verknaðarlýsing ákvæðis 4:1b BrB. felur í sér þrjá meginþætti, sem uppfylltir þurfa að vera svo hagnýting á vinnumarkaði teljist refsiverð. Fyrsti þátturinn lýtur að verknaðaraðferðinni, en samkvæmt ákvæðinu eru verknaðaraðferðirnar ólögmæt nauðung, blekking, misnotkun ósjálfstæðis, varnarleysis eða erfiðra aðstæðna einstaklings. Annar þáttur verknaðarlýsingarinnar lýtur að hagnýtingunni sjálfri, þ.e. að viðkomandi hafi verið hagnýttur. Þá lýtur þriðji þáttur verknaðarlýsingarinnar að því að viðkomandi hafi verið hagnýttur til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls.[231]

Verknaðaraðferðum ákvæðis 4:1b BrB. svipar að mörgu leyti til verknaðaraðferða mansals samkvæmt og fela sumar þeirra í sér sömu háttsemi. Þannig er til að mynda tekið fram í skýringum með breytingarlögunum að verknaðaraðferðirnar nauðung og blekking beri sömu efnislegu merkingar og samsvarandi verknaðaraðferðir í mansals. Það að misnota ósjálfstæði, varnarleysi eða erfiðar aðstæður einstaklings samkvæmt ákvæði 4:1b BrB. er að mestu leyti samsvarandi þeim verknaðaraðferðum mansals að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða

[229] Regeringens proposition 2017/18:123, 33.
[230] Regeringens proposition 2017/18:123, 37.
[231] Erik Sjödin, „Criminalisation as a Response to low wages and labour market exploitation in Sweden“ (2021) 12(4) European Labour Law Journal 529, 539.

varnarleysi viðkomandi. Í skýringum með breytingarlögunum er þó tekið fram að meginmunur þessara verknaðaraðferða felist í því að ekki er gert að skilyrði að þolanda hagnýtingar á vinnumarkaði samkvæmt 4:1b BrB. hafi ekki staðið neinir aðrir kostir til boða en að gangast undir hagnýtinguna, líkt og gert er að skilyrði þegar um mansal er að ræða.[232] Við samningu ákvæðis 4:1b BrB. þótti mikilvægt að þessi munur yrði gerður, að öðrum kosti kynnu sönnunarkröfur að verða of strangar og líkur á að ákvæðið myndi ekki grípa þá háttsemi sem því væri ætlað að ná til.[233] Þessi grundvallarmunur undirstrikar því til hvers konar háttsemi ákvæði 4:1b BrB. er ætlað að ná til. Þannig kann einstaklingur að vera talinn hagnýttur til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður í skilningi 4:1b BrB. þótt þolandi hagnýtingarinnar hafi unnið vinnu af frjálsum vilja og án þess að einhverskonar neyð eða þvingun hafi verið til staðar.[234] Framangreindar verknaðaraðferðirnar ákvæðis 4:1b BrB. eru því töluvert víðtækari en samsvarandi verknaðaraðferðir mansals. Þannig hafa verknaðaraðferðirnar að misnota ósjálfstæði eða varnarleysi einstaklings samkvæmt 4:1b BrB. verið túlkaðar á þann veg að þær geti í raun átt við um hvers konar ráðningar- eða vinnusamband. Rökin þar að baki eru þau að vinnuveitandi búi eðlilega yfir ákveðinni yfirburðastöðu og þá kann starfsmaður að vera töluvert háður honum.[235]

Annar þáttur verknaðarlýsingar ákvæðis 4:1b BrB. lýtur að hagnýtingunni sjálfri, þ.e. að einstaklingur hafi sannarlega verið hagnýttur. Við mat á því hvort um hagnýtingu samkvæmt ákvæðinu sé að ræða er einkum litið til þess hvort einstaklingur hafi verið nýttur á óviðunandi eða óviðeigandi hátt.[236] Algengast er að vinnuveitandi hagnýti vinnuafl einstaklings í hagnaðartilgangi. Hins vegar segir í skýringum með breytingarlögunum að ákvæðið einkennist ekki aðeins af því að einstaklingur sé hagnýttur í hagnaðartilgangi, heldur verði jafnframt að hafa í huga að hagnýtingin feli í sér að verulega sé vegið að friði og mannlegri reisn þolanda. Því sé ekki skilyrði að hagnaður hafi hlotist af háttseminni.[237]

Þriðji þáttur verknaðarlýsingar ákvæðis 4:1b BrB. er að þolandi hafi verið hagnýttur til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða til betls. Í skýringum með breytingarlögunum segir að nauðungarvinnu skuli skýra í samræmi við samþykkt ILO nr. 29.[238] Það hugtak sem einkum kann að valda vandkvæðum við túlkun ákvæðis 4:1b BrB. er hagnýting

[232] Regeringens proposition 2017/18:123, 59.
[233] Regeringens proposition 2017/18:123, 43.
[234] Michela Semprebon og Isabelle Johansson, *Strenghts and Weaknesses of the Swedish Anti-trafficking System* (UNESCO Chair SSIIM 2020) 33.
[235]Erik Sjödin, „Människoexploatering – en analys av ett straffbuds förhållande till regleringen av arbetsmarkaden“ (2020) 31(3) Juridisk Tidskrift 696, 700.
[236] Regeringens proposition 2017/18:123, 59.
[237] Regeringens proposition 2017/18:123, 34.
[238] Regeringens proposition 2017/18:123, 60.

vinnu við „bersýnilega óásættanlegar aðstæður“. Hefur ein stærsta gagnrýni þessa nýja ákvæðis beinst að umræddu hugtaki og gerðar hafa verið athugasemdir við það að hvergi sé fyllilega skilgreint hvað felist í vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður.[239] Í skýringum með breytingarlögunum er tekið fram að við mat á því hvort vinna sé við bersýnilega óásættanlegar aðstæður sé einkum hægt að horfa til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi getur kemur til skoðunar hvort vinna sé unnin án þess að nokkurt endurgjald komi fyrir eða afar lítið endurgjald. Í öðru lagi er hægt að líta til þess hvort vinnudagar séu óhóflega langir og í þriðja lagi hvort vinnuaðstæður séu bersýnilega ósanngjarnar eða öryggisatriðum verulega ábótavant. Þá er í fjórða lagi hægt að horfa til þess hvort ósanngjarnir eða óhóflegir frádrættir frá launum séu til staðar. Við mat á því hvort framanagreindir þættir séu fyrir hendi beri að líta til þess hvort aðstæður víki frá því sem almennt teljist ásættanlegt á vinnumarkaði.[240] Ekki er í skýringum þó sérstaklega vitnað til þess hvað teljist ásættanlegt á vinnumarkaði, þ.e. hvort hægt sé að notast við einhvers konar gildandi reglur og viðmið. Hæstiréttur Svíþjóðar hefur við mat á því hvort aðstæður teljist bersýnilega óásættanlegar litið til sænskra laga um vinnutíma[241] og lágmarkslauna samkvæmt gildandi kjarasamningum.[242] Á sama hátt má ætla að líta beri til annarra laga sem á vinnumarkaði gilda, t.d. sænskra laga um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum.[243] Í skýringum með breytingarlögunum er aftur á móti ekki sérstaklega vikið að því hversu mikið aðstæðurnar þurfa að víkja frá því sem ásættanlegt telst á vinnumarkaði. Ætla verður þó að frávikið þurfi að vera töluvert, enda er í ákvæði 4:1b BrB. gerður áskilnaður um að aðstæðurnar séu *bersýnilega* ósanngjarnar.[244]

Í 3. mgr. 4:1b BrB. er kveðið á um stórfellt brot gegn 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Við mat á því hvort brot teljist vera stórfellt í skilningi 3. mgr. segir í ákvæðinu að líta beri til þess hvort hagnýtingin hafi leitt til umtalsverðs hagnaðar til geranda, hvort brotið hafi verið umsvifamikið eða hvort um hafi verið að ræða sérlega vægðarlausa hagnýtingu á einstaklingnum. Til viðbótar við framangreint segir í frumvarpi til laganna að við mat á því hvort brot teljist til stórfelldrar hagnýtingar í skilningi 3. mgr. ákvæðisins beri að líta til þess hvort brotið hafi verið framið á einkar grimman eða ómannúðlegan hátt. Í dæmaskyni er í frumvarpi til laganna tekið fram að brot sem beinist gegn barni verði að teljast mun ómannúðlegra en þegar brot beinist gegn

[239] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 33.
[240] Regeringens proposition 2017/18:123, 60.
[241] Arbetstidslag (1982:673).
[242] NJA 2022 s. 23.
[243] Erik Sjödin, „Criminalisation as a Response to low wages and labour market exploitation in Sweden“ (n. 231) 544; Arbetsmiljölag (1977:1160).
[244] Sjödin, sama heimild 544.

fullorðnum einstaklingi.[245] Refsing skal ákveðin a.m.k. tveggja ára fangelsisvist sé um að ræða stórfellt brot samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins, og allt að 10 ára fangelsisvist. Ákvæði 3. mgr. leggur því sömu refsingu og lögð er samkvæmt ákvæði 1.a. um mansal. Í skýringum með breytingarlögunum segir að ástæða hafi þótt að leggja sömu refsingu við stórfelldu broti samkvæmt 3. mgr. 4:1b BrB. og lögð er samkvæmt mansalsákvæði 4:1a BrB., enda væri slík háttsemi ekki síður alvarlegri en mansal.[246]

5.2.1.2. Skil og mörk við vinnumansal

Sú háttsemi sem refsing er lögð við samkvæmt ákvæði 4:1b BrB. kann við fyrstu sýn að virðast ekki svo ólík þeirri háttsemi sem viðhöfð er við vinnumansal. Ákvæði 4:1b BrB. á það sameiginlegt með mansali að í brotunum felst einhverskonar hagnýting fyrir tilstilli ákveðinnar verknaðaraðferðar. Þá eru verknaðaraðferðir samkvæmt ákvæði 4:1b BrB. margar hverjar þær sömu og notaðar eru við mansal. Bæði mansal og ákvæði 4:1b BrB. varða jafnframt þau mikilvægu réttindi einstaklinga til friðar og mannlegrar reisnar.[247]

Eins og rakið var hér að ofan var ákvæði 4:1b bætt við sænsku hegningarlögin því önnur ákvæði sænskra laga, þar á meðal mansalsákvæði 4:1a BrB., þóttu ekki veita fullnægjandi vernd.[248] Hinar miklu sönnunarkröfur í mansalsmálum ollu því jafnframt að fá mál leiddu til sakfellingar í Svíþjóð.[249] Munur mansals og ákvæðis 4:1b BrB. birtist þ.a.l. að miklu leyti í því að ákvæði 4:1b BrB. er m.a. ætlað að leysa þann vanda sem Svíþjóð á við að etja í tengslum við rannsókn og saksókn vinnumansalsmála. Þó er um að ræða ákveðinn stigsmun í alvarleika brotanna, þar sem ákvæði 4:1b BrB. er ætlað að taka til brota sem teljast ekki eins alvarleg og mansal.[250]

Til einföldunar má segja að ákvæði 4:1b BrB. sé í raun ætlað að ná til þeirra tilvika þar sem um einhvers konar hagnýtingu er að ræða, en skilyrði mansals teljast ekki uppfyllt.[251] Meginmunur mansals og ákvæðis 4:1b BrB. felst einkum í því að við mat á því hvort um mansal samkvæmt sé að ræða er aðaláherslan lögð á verknaðinn sem notaður er í upphafi ferlisins, þ.e. að útvega, flytja o.s.frv., sem að lokum leiðir til hagnýtingar einstaklingsins fyrir tilstilli tiltekinna verknaðaraðferða. Aftur á móti er með ákvæði 4:1b BrB. lögð ríkari áhersla á

[245] Regeringens proposition 2017/18:123, 48.
[246] Regeringens proposition 2017/18:123, 47.
[247] Regeringens proposition 2017/18:123, 42.
[248] Regeringens proposition 2017/18:123, 37.
[249] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 33.
[250] Regeringens proposition 2017/18:123, 47.
[251] Regeringens proposition 2017/18:123, 41.

hagnýtinguna sjálfa. Þannig er til að mynda ekki sérstakt skilyrði þegar um hagnýtingu á vinnumarkaði samkvæmt 4:1b BrB. er að ræða að þolandi hafi verið fluttur, útvegaður, hýstur o.s.frv.[252] Jafnframt liggur munurinn í því að þegar um mansal ræðir er ekki skilyrði að hagnýting hafi átt sér stað svo hægt sé að refsa fyrir fullframið brot fyrir mansal. Aftur á móti gerir ákvæði 4:1b BrB. þá kröfu að sýnt sé fram á að hagnýting hafi sannanlega átt sér stað.[253] Þá felst munur á ákvæðunum tveimur í því að ákvæði 4:1b BrB. gerir aðeins refsiverða hagnýtingu til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls. Ákvæði 4:1b BrB. varðar þar með ekki hagnýtingu í kynferðislegum tilgangi eða í tengslum við fjarlægingu líffæra líkt og mansal.[254]

Það er þekkt vandamál í tengslum við mansalsmál að tilhneiging er til þess að heimfæra brot, sem réttilega ætti að flokkast sem mansal, til annars konar brota, s.s. ólögmæta nauðung og vændi. Talið hefur verið að það sé afleiðing þess að sönnunarkröfur í mansalsmálum eru einkar þungar og þá er oft á tíðum skortur á þekkingu til þess að greina og sækja mansalsmál.[255] Því voru hafðar uppi áhyggjur þess efnis að hið nýja ákvæði 4:1b BrB. kynni að hafa þær afleiðingar að mál sem sækja ætti sem mansal yrði fremur sótt sem hagnýting á vinnumarkaði samkvæmt ákvæði 4:1b BrB. Var í því samhengi vísað til þess að ákvæði 4:1a BrB. um mansal og ákvæði 4:1b BrB. væru að mörgu leyti mjög sambærileg, m.a. að uppbyggingu og orðalagi. Það kynni því að vera freistandi að heimfæra atvik máls undir ákvæði 4:1b BrB., í stað ákvæðis 4:1a BrB. um mansal, þar sem skilyrði ákvæðis 4:1b BrB. eru e.t.v. ekki eins flókin og erfið til sönnunar.[256] Í skýringum með breytingarlögunum er framangreint áhyggjuefni sérstaklega tekið til umfjöllunar. Er þar áréttað að ákvæði 4:1b BrB. sé ekki ætlað að koma í stað mansalsákvæðis 4:1a BrB. og að áherslu verði að leggja á að lögfesting ákvæðis 4:1b BrB. valdi því ekki að mansalsákvæðinu verði síður beitt. Verði einhvers konar skörun á milli ákvæðanna, þ.e. ef hægt er að heimfæra atvik máls undir bæði ákvæði 4:1a BrB. og 4:1a BrB. beri ávallt að sækja slíkt mál sem mansal samkvæmt ákvæði 4:1a BrB.[257] Við rannsókn mála ber því fyrst að athuga hvort hægt sé að sækja mál sem mansal. Falli atvik máls ekki að skilyrðum mansalsákvæðisins er þá fyrst hægt að horfa til þess hvort ákvæði 4:1b BrB. eigi

[252] Regeringens proposition 2017/18:123, 34.
[253] Regeringens proposition 2017/18:123, 59-60.
[254] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 32.
[255] Swedish National Audit Office, „Government initiatives to combat labour exploitation: Regulations, inspections, information and support to victims“ (Swedish National Audit Office 30. nóvember 2020) 36 <https://www.riksrevisionen.se/download/18.3833c2e817715662b0220bc6/1611154706421/RiR_2020_27_en-GB_full.pdf> skoðað 5. febrúar 2023.
[256] Regeringens proposition 2017/18:123, 38, 49.
[257] Regeringens proposition 2017/18:123, 49-50.

við.[258] Ákvæði 4:1b BrB. kemur því einungis til viðbótar við mansalsákvæðið, en ekki í stað þess. Til þess að undirstrika framangreint er í upphafi ákvæðis 4:1b BrB. sérstaklega kveðið á um að ákvæðið eigi aðeins við í þeim tilvikum þegar ákvæði 4:1a BrB. um mansal á ekki við.[259]

5.2.1.3. Túlkun Hæstaréttar Svíþjóðar á ákvæði 4:1b sænsku hegningarlaganna

Ákvæði 4:1b BrB. er fremur nýtt af nálinni og hefur því ekki oft komið til kasta sænskra dómstóla. Nýlega, eða þann 15. febrúar árið 2022, féll hins vegar *dómur í máli nr. B 1770-21 í Hæstarétti Svíþjóðar*, þar sem umrætt ákvæði 4:1b BrB. kom í fyrsta skipti til umfjöllunar á æðsta dómstigi. Dómur þessi hefur verið talinn fela í sér mikið fordæmisgildi hvað varðar túlkun og beitingu ákvæðis 4:1b BrB.[260]

Ákærða í máli þessu, sem var eigandi veitingastaðar í Svíþjóð, var gefið að sök hagnýtingu á vinnumarkaði með því að hafa með blekkingum og misnotkun erfiðra aðstæðna FZ og IA hagnýtt þau til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður. Var háttsemi ákærða talin varða við 4:1b BrB. Málsatvik í máli þessu voru þau að hjónin FZ og IA fluttust til Svíþjóðar, en bæði voru þau frá Bangladess. Þau höfðu fengið útgefið dvalarleyfi af sænskum yfirvöldum og var ætlun þeirra að starfa og stunda nám í Svíþjóð. Bæði réðu þau sig til vinnu á veitingastað í eigu ákærða og samkvæmt ráðningarsamningi var tímakaup ákveðið 100 sænskar krónur.[261] FZ starfaði á umræddum veitingastað í rúmar tvær vikur, en IA tæplega tvo mánuði. Ákærði greiddi FZ og IA hins vegar aldrei umsamin laun. Eina endurgjaldið fyrir vinnu þeirra var húsnæði og fæði sem ákærði hafði útvegað þeim. IA og FZ óskuðu ítrekað eftir því að þeim yrðu greidd umsamin laun, sem að lokum leiddi til þess að þeim báðum var sagt upp störfum og gert að yfirgefa íbúðina sem ákærði hafði útvegað þeim.

Að mati Hæstaréttar þótti ljóst að ákærði hefði beitt IA og FZ ólögmætum blekkingum í skilningi 4:1b BrB. Ákærði hefði lofað þeim launum vegna vinnu sinnar, umfram húsnæði og fæði, en þó aldrei ætlað sér að greiða slík laun. Þá var það mat réttarins að aðstæður FZ og IA hefðu verið erfiðar og að ákærði hefði misnotað þær erfiðu aðstæður í skilningi ákvæðisins. Erfiðar aðstæður þeirra birtust m.a. í því að FZ og IA hefðu hvorki þekkingu á sænsku samfélagi né tungumálinu. Jafnframt hefði þeim verið ljóst að þeir fjármunir sem þau höfðu með sér frá Bangladess myndu ekki duga þeim til lengri tíma. Þyngst vægi þó sú staðreynd að

[258] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 32.
[259] Regeringens proposition 2017/18:123, 50.
[260] Bo Ericson, „Är det människoexploatering att arbeta under orimliga arbetsvillkor?“ (JP Infonet 30. mars 2022) <https://www.jpinfonet.se/kunskap/nyheter4/2022/mars/ar-det-manniskoexploatering-att-arbeta-under-orimliga-arbetsvillkor/> skoðað 28. janúar 2023.
[261] Hér eftir „SEK“.

IA og FZ áttu erfitt með að finna húsnæði. Þótti að mati réttarins ljóst að loforð ákærða um húsnæði, auk launa í peningagreiðslu, hefði verið það sem drifið hefði þau í ráðningarsamband við ákærða. Með vísan til framangreinds taldi rétturin skilyrði 4:1b BrB. um verknaðaraðferð uppfylllt.

Næst kom til álita hvort ákærði hefði hagnýtt IA og FZ til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður. Vísaði rétturinn til þess að eðlilegast væri að líta til gildandi vinnulöggjöfar og kjarasamninga við mat á framangreindu skilyrði. Áréttaði dómurinn þó að aðstæður þyrftu að vera *bersýnilega* ósanngjarnar. Því þyrftu aðstæður IA og FZ að víkja verulega frá því sem almennt gildir samkvæmt löggjöf og kjarasamningum. Við mat á því hvort umrætt skilyrði 4:1b BrB. væri uppfyllt framkvæmdi rétturinn heildstætt mat á aðstæðum IA og FZ. Leit rétturinn fyrst til endurgjalds IA og FZ vegna vinnu þeirra og í því skyni var húsnæðið og fæðið sem ákærði hafði útvegað þeim metið til fjár. Er í dóminum rakið að endurgjald það er IA fékk vegna vinnu sinnar hafi samsvarað u.þ.b 19 SEK og endurgjald FZ um 56 SEK á hverja vinnustund. Við mat á því hvort slíkt endurgjald teldist bersýnilega óásættanlegt leit rétturinn til gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein, en þar voru lágmarkslaun ákveðin 124 SEK á vinnustund. Með vísan til framangreinds þótti réttinum ljóst að endurgjald þeirra væri bersýnilega óásættanlegt. Því næst leit rétturinn til fyrirkomulags vinnu IA og FZ, en fyrir lá að IA hafði unnið u.þ.b. 69 klukkustundir á viku. Í því samhengi leit rétturinn til sænskra laga um vinnutíma, en þar væri kveðið á um að hámarksvinnutími á viku skyldi ekki vera umfram 40 klukkustundir og yfirvinnutímar ekki umfram 50 klukkustundir í hverjum mánuði. Þá þótti jafnframt ljóst að IA hefði ekki notið lögbundins hvíldartíma. Fyrirkomulag vinnu FZ var þó ekki talið bersýnilega óásættanlegt, en fyrir lá að hún hafði unnið u.þ.b. 47 klukkustundir á viku. Að mati réttarins vék fyrirkomulag vinnu FZ ekki nægilega mikið frá ákvæðum sænskra laga um vinnutíma svo þær teldust bersýnilega ósanngjarnar í skilningi 4:1b BrB. Með vísan til framangreinds taldi rétturinn að skilyrði ákvæðis 4:1b BrB. um að FZ og IA hefðu verið hagnýtt til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður uppfyllt.

Hvað varðar skilyrði 4:1b BrB. um hagnýtinguna sjálfa er í dómi réttarins rakið að ákærði hefði verið drifinn áfram af eigin hagnaði. Taldi dómurinn að með háttsemi sinni hefði ákærði með svo alvarlegum hætti vegið að mannlegri reisn IA að telja yrði það til hagnýtingar í skilningi ákvæðis 4:1b BrB. Að mati réttarins voru þó aðstæður FZ töluvert skárri, enda hafði endurgjald vegna vinnu hennar numið meira en endurgjald IA og auk þess starfaði hún aðeins í tvær vikur á veitingastaðnum. Aftur á móti leit rétturinn til þess að IA og FZ voru gift og háð hvort öðru, bæði tilfinninga- og fjárhagslega. Með vísan til þess taldi rétturinn að FZ hefði

jafnframt verið hagnýtt í skilningi ákvæðisins. Skilyrði ákvæðis 4:1b BrB. um hagnýtingu var því talið uppfyllt. Ákærði var því sakfelld fyrir brot gegn 4:1b BrB. og var refsing hans ákveðin fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi. Við ákvörðun refsingar leit rétturinn til þess að tilgangur og markmið ákvæðisins væri að leggja refsingu við háttsemi sem verulega vegi að friði, frelsi og mannlegri reisn. Taldi rétturinn að brot ákærða hefði ekki vegið svo verulega að slíkum réttindum IA og FZ.[262]

Dómur þessi felur í sér mikilvægan leiðarvísi um það hvernig túlka beri ákvæði 4:1b BrB. Sérstaka athygli vekur umfjöllun réttarins um hvað teljist til bersýnilega óásættanlegra aðstæðna í skilningi ákvæðisins. Með dómi sínum hefur Hæstiréttur Svíþjóðar slegið því föstu að líta beri m.a. til sænskrar vinnulöggjafar, s.s. laga um vinnu- og hvíldartíma og til lágmarkskjara samkvæmt gildandi kjarasamningum. Jafnframt gefur dómur þessi ákveðnar vísbendingar um það hversu mikið aðstæður þurfa að víkja frá gildandi löggjöf og kjarasamningum svo þær teljist bersýnilega ósanngjarnar í skilningi 4:1b BrB.[263]

5.2.2. Danmörk

Danmörk hefur nýlega stigið sambærilegt skref og nágrannar hennar í Svíþjóð með breytingum á dönsku hegningarlögunum[264] og var í þeim efnum m.a. litið þeirra breytinga sem gerðar voru á sænsku hegningarlögunum með lögfestingu ákvæðis 4:1b BrB.[265] Í júní árið 2022 tók gildi nýtt ákvæði í dönsku hegningarlögunum, ákvæði 262.b,[266] en umrætt ákvæði kemur til viðbótar við ákvæði 262.a dönsku hegningarlaganna um mansal.[267] Ákvæði 262.b Strfl. er svohljóðandi:

> **§ 262 b.** For menneskeudnyttelse straffes med fængsel indtil 6 år den, der ved udnyttelse af en anden persons betydelige økonomiske eller personlige vanskeligheder, manglende indsigt, letsind eller et bestående afhængighedsforhold rekrutterer, transporterer, overfører, huser eller efterfølgende modtager vedkommende til arbejde under åbenlyst urimelige forhold. På samme måde straffes den, der under de i 1. pkt. nævnte omstændigheder udnytter en person til prostitution, optagelse af pornografiske fotografier eller film eller forestilling med pornografisk optræden.

[262] NJA 2022 s. 23.
[263] Bo Ericson (n. 260).
[264] Lbkg nr. 1360 af 28.09.22 (straffeloven) (hér eftir „Strfl." eða eftir atvikum „dönsku hegningarlögin".)
[265] Tværministerielle arbejdsgrupper om sårbare udenlandske arbejdstagere og bekæmpelse af menneskehandel, „Afrapportering fra de tværministerielle arbejdsgrupper om sårbare udenlandske arbejdstagere og bekæmpelse af menneskehandel" (Beskæftigelsesministeriet september 2021) 58, 51 <https://bm.dk/media/18480/afrapportering-fra-de-tvaerministerielle-arbejdsgrupper-om-saarbare-udenlandske-arbejdstagere-og-bekaempelse-af-menneskehandel.pdf> skoðað 25. apríl 2023.
[266] Lov nr. 696 af 24.05.22 om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven.
[267] Forslag til lov om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven (Styrket indsats mod menneskeudnyttelse) 2021/1 LSF 111, 18.

Í ákvæði 262.b Strfl. er kveðið á um að hver sá sem með því að notfæra sér fjárhagslega eða persónulega erfiðleika einstaklings, fákunnáttu hans eða yfirburðastöðu sína, útvegar, flytur, hýsir eða tekur við einstaklingi til þess að m.a. vinna við bersýnilega óásættanlegar aðstæður skuli sæta allt að sex ára fangelsisrefsingu.[268] Ákvæði þetta er að mörgu leyti frábrugðið ákvæði 4:1b BrB. Þannig er með ákvæði 262.b Strfl. ekki gerð refsiverð hagnýting til nauðungarvinnu eða betls, líkt og með ákvæði 4:1b BrB. Þá gerir ákvæði 4:1b BrB. ekki það að skilyrði að þolandi hafi verið útvegaður, hýstur o.s.frv., líkt og ákvæði 262.b Strfl. Tilefni og markmið ákvæðis 262.b Strfl. er þó hið sama og liggur að baki ákvæði 4:1b BrB. Er þannig rakið í frumvarpi til breytingarlaganna að hagnýting einstaklinga til vinnu hafi færst í aukana í Danmörku. Erfiðlega gengi hins vegar að sækja gerendur mansals til saka vegna skilyrða mansalsákvæðis dönsku hegningarlaganna. Til þess að auka refsivernd gegn hagnýtingu á vinnumarkaði hafi því þótt nauðsynlegt að gera breytingar á dönsku hegningarlögunum og lögfesta sérgreint ákvæði þar sem refsing væri lögð við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði. Þá þóttu önnur ákvæði danskra laga sem m.a. varða brotastarfsemi á vinnumarkaði ekki nægilega vel til þess fallin að taka á alvarlegri hagnýtingu einstaklinga, einkum þeirra sem höllum fæti stæðu í samfélaginu.[269] Ákvæði 4:1b BrB. og ákvæði 262.b Strfl. virðast því að mörgu leyti ætlað að leysa sama vandann og taka á sambærilegri háttsemi.

Ekki gefst hér tækifæri til að fjalla ítarlega um efni og skilyrði ákvæðis 262.b Strfl. Nefna má þó að líkt og í ákvæði 4:1b BrB. er í ákvæði 262.b Strfl. lögð refsing við því að hagnýta einstakling til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður, að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum. Við mat á því hvað teljist til bersýnilegra óásættanlegra aðstæðna ber líkt og samkvæmt ákvæði 4:1b BrB. að líta til þess sem almennt gildir á vinnumarkaði, s.s. laga, reglna og kjarasamninga.[270]

5.3. Ætti Ísland að fara sænsku leiðina?

Í fjórða kafla var því velt upp hvort ákvæði sérlaga, er leggja einhverskonar viðurlög eða refsingar við brotum á vinnumarkaði og félagslegum undirboðum, séu til þess fallin að sporna gegn alvarlegri brotastarfsemi á vinnumarkaði. Var í því samhengi tekið fram að þau viðurlög sem við brotunum liggja kunna að virðast fremur væg og varnaðaráhrif þeirra e.t.v. takmörkuð.

[268] Með ákvæðinu er jafnframt sama refsing lögð við því að hagnýta einhvern til vændis eða til gerðar hvers konar klámmyndefnis að öðrum skilyrðum ákvæðisins uppfylltum.
[269] Tværministerielle arbejdsgrupper om sårbare udenlandske arbejdstagere og bekæmpelse af menneskehandel (n. 265) 51, 58; Forslag til lov om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven (Styrket indsats mod menneskeudnyttelse) 2021/1 LSF 111, 5.
[270] Forslag til lov om ændring af straffeloven, retsplejeloven og udlændingeloven (Styrket indsats mod menneskeudnyttelse) 2021/1 LSF 111, 17.

Þá hefur jafnframt í ritgerð þessari verið rakinn sá vandi sem Ísland á við að etja í tengslum við vinnumansalsmál, en sá vandi lýtur m.a. að sönnun og rannsókn slíkra mála. Þá liggur fyrir að aðeins eitt mál er varðar vinnumansal hefur ratað á borð dómstóla. Meðal annars í ljósi framangreinds kann að vera rétt að skoða hvort tilefni sé til að gera breytingar á almennum hegningarlögum. Eðlilegt þykir í því samhengi að líta til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á refsilöggjöf Norðurlandanna sem hér að framan hafa verið raktar.

Að mati höfundar kynni áðurnefnt ákvæði 4:1b sænsku hegningarlaganna að vera fýsilegt til að taka á ofangreindri stöðu. Eins og áður segir var ákvæði 4:1b bætt við sænsku hegningarlögin því önnur ákvæði laganna þóttu ekki veita þeim sem hagnýttir eru til vinnu fullnægjandi vernd.[271] Ákvæði 4:1b BrB. er í raun ætlað að ná til þeirrar háttsemi þar sem um alvarlega hagnýtingu er að ræða, en skilyrði mansals teljast ekki uppfyllt.[272] Þá eru skilyrði beitingar ákvæðisins ekki eins erfið til sönnunar. Vísast í því samhengi m.a. til fyrri umfjöllunar um skilyrði beitingar ákvæðisins er lýtur að verknaðaraðferðunum að misnota ósjálfstæði, varnarleysi eða erfiðar aðstæður einstaklings. Umræddar verknaðaraðferðir 4:1b BrB. gera það ekki að skilyrði að einstaklingur hafi ekki staðið neinar aðrir kostir til boða en að gangast undir hagnýtinguna, líkt og gert er að skilyrði þegar um samsvarandi verknaðaraðferðir mansals er að ræða.[273] Því þarf ekki að sanna að einhverskonar neyð eða þvingun sé til staðar þegar metið er hvort umræddum verknaðaraðferðum 4:1b BrB. hafi verið beitt.[274] Þá vísast jafnframt til fyrri umfjöllunar um þann þátt verknaðarlýsingar ákvæðis 4:1b BrB. er lýtur að því að hagnýta einhvern til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður. Að kveða á um að refsivert sé að hagnýta einstakling til vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður, að öðrum skilyrðum ákvæðis 4:1b BrB. uppfylltum, er til þess fallið að ná til háttsemi sem felur í sér alvarlega hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði sem verulega vegur að réttindum þeirra samkvæmt lögum og kjarasamningum, en nær þó ekki neðri mörkum t.d. nauðungarvinnu.[275]

Aðilar sem starfa við og láta vinnumansalsmál sig varða hafa lýst þeirri skoðun við höfund að lögfesting sambærilegs ákvæðis og ákvæði 4:1b BrB. í íslensk hegningarlög kynni að vera jákvætt skref í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og á sama tíma gegn vinnumansali. Var í því sambandi m.a. vísað til þess að þau brot sem eiga sér stað á vinnumarkaði, þ.m.t. vinnumansal, geti verið af alls konar toga og þá getur alvarleiki þeirra verið mismikill. Hins vegar séu skilyrði mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. flókin, erfið til

[271] Regeringens proposition 2017/18:123, 37.
[272] Regeringens proposition 2017/18:123, 41.
[273] Regeringens proposition 2017/18:123, 59.
[274] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 33.
[275] Slíkt leiðir af áðurnefndum dómi Hæstaréttar Svíþjóðar í máli nr. B 1770-21.

sönnunar og þá er refsirammi ákvæðisins hár. Slíkt kann að valda því að saksóknarar hiki við að heimfæra atvik máls undir 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Meðal annars í ljósi þess gæti verið skynsamlegt að hafa aðgreint ákvæði, sem gerir alvarlega hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði refsiverða, en með slíkum hætti væri mögulegt að ná til fleiri brota á vinnumarkaði.[276] Jafnframt var sú skoðun höfð uppi að ef ríki sem Ísland lítur gjarnan til við þróun og mótun íslenskrar löggjafar, líkt og t.d. Svíþjóð og Danmörk, sjái tilefni til að gera breytingar af þessum toga í löggjöf sinni væri ríkt tilefni fyrir Ísland til að skoða hvort sambærilegra breytinga væri þörf í íslenskri löggjöf, ekki síst í ljósi þess að Ísland virðist glíma við sambærilegt vandamál og Svíþjóð og Danmörk við rannsókn og saksókn vinnumansalsmála. Áhyggjur voru þó jafnframt hafðar uppi þess efnis að mansalsákvæði almennra hegningarlaga kynni síður að vera beitt ef sambærilegt ákvæði og t.d. ákvæði 4:1b BrB. yrði sett í almenn hegningarlög og þar með yrði minni áhersla lögð á að uppræta og vinna gegn mansali. Ef til álita kæmi að innleiða sérgreint ákvæði þar sem alvarleg hagnýting á vinnumarkaði væri gerð refsiverð þyrfti því að vanda vel til verka og tryggja að sjónum yrði ekki alfarið beint frá rannsókn og saksókn vinnumansalsmála.[277] Þá var bent á það að með því innleiða sambærilegt ákvæði og ákvæði 4:1b BrB. í almenn hegningarlög gætu stjórnvöld loksins með skýrum hætti tekið afstöðu til þess að alvarleg hagnýting á vinnumarkaði eigi ekki að líðast í okkar samfélagi. Hingað til hafi alvarleg brot sem felast í hagnýtingu einstaklinga til vinnu að meginstefnu til verið afskrifuð sem „vandamál vinnumarkaðarins“, en með því að leggja við slíkum brotum refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum væri rannsókn og úrlausn slíkra mála færð á forræði lögreglu sem búi yfir nauðsynlegum rannsóknarúrræðum til þess að fyllilega rannsaka brot af þessu tagi. Með því að útvista rannsókn slíkra brota til lögreglu væri sömuleiðis á sama tíma undirstrikaður alvarleiki slíkra brota.[278]

Í fjórða kafla voru rakin nokkur mál sem ratað hafa í fjölmiðla og lýsa ætlaðri brotastarfsemi á vinnumarkaði. Var háttsemi atvinnurekenda þar í sumum tilfellum ekki talin uppfylla skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. eða málin ekki talin líkleg til sakfellingar í ljósi sönnunarkrafna. Í því samhengi mætti velta því upp hvort sambærilegt ákvæði og ákvæði 4:1b BrB. væri líklegt til að taka á slíkri háttsemi, eða þjóna sem eins konar millivegur þegar háttsemi er ekki talin falla að skilyrðum mansalsákvæðisins. Vísast í því sambandi til þess að sjónarmið að baki setningu ákvæðis 4:1b í sænsku hegningarlögin voru m.a. þau að

[276] Drífa Snædal, fyrrum forseti Alþýðusambands Íslands, viðtal við höfund (Reykjavík 2. nóvember 2022).
[277] Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur lögreglunnar á Suðurnesjum, viðtal við höfund (Reykjavík 17. nóvember 2022).
[278] Edda Bergsveinsdóttir, deildarstjóri atvinnuréttinda erlendra starfsmanna hjá Vinnumálastofnun, viðtal við höfund (Reykjavík 1. nóvember 2022)

mansalsákvæði sænsku hegningarlaganna þótti ekki veita fullnægjandi vernd og þá leiddu fá vinnumansalsmál til sakfellingar.[279] Var að mati sænskra yfirvalda ekki hægt að leysa slíkt vandamál með öðrum hætti en að lögfesta sérgreint ákvæði í hegningarlög þar sem refsing er lögð við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði.[280] Þótt ekki sé hægt að fullyrða að atvik þeirra mála sem fjallað var um í fjórða kafla hafi verið með þeim hætti sem lýst hefur verið í fjölmiðlum má ætla af lýsingum að um hafi verið að ræða nokkuð alvarlega háttsemi atvinnurekenda sem feli í sér brot á vinnumarkaði. Með hliðsjón af umfjöllun í þessum kafla um skilyrði ákvæðis 4:1b BrB. og af *dómi Hæstaréttar Svíþjóðar í máli nr. B 1770-21* má telja líkur á að setning sambærilegs ákvæðis og ákvæði 4:1b BrB. í almenn hegningarlög væri að einhverju leyti til þess fallið að taka á slíkri háttsemi.

Ljóst verður að þykja mansal er einkar flókið brot og þá eru oft vandkvæði við sönnun. Birtist það m.a. í þeim dómum sem fallið hafa hér á landi þar sem reynt hefur á ákvæði 1. mgr. 227. gr. a hgl. Í ljósi þess hefur verið talið mikilvægt að ríki geri ekki aðeins mansal refsivert í löggjöf sinni, heldur jafnframt háttsemi sem tengist mansali, s.s. nauðungarvinnu og alvarlega hagnýtingu einstaklinga til vinnu. Þannig sé betur hægt að tryggja skilvirka saksókn, enda þá ekki aðeins hægt að heimfæra háttsemi til ákvæða er gera mansal refsivert, heldur mögulega jafnframt til annarra refsiákvæða.[281] Í þessu samhengi má velta því upp hvort sambærilegt ákvæði og 4:1b BrB. kynni að þjóna hlutverki við saksókn vinnumansalsmála hér á landi. Eins og áður segir er ákvæði 4:1b BrB. að mörgu leyti ætlað að ná til þeirra tilvika þar sem skilyrði vinnumansals teljast ekki uppfyllt. Áréttað er þó að ákvæðinu sé ekki ætlað að koma í stað mansalsákvæðis 4:1a BrB., heldur aðeins til viðbótar, og því beri ávallt að sækja mál sem mansal falli háttsemi að ákvæði 4:1a BrB.[282] Væri sambærilegt ákvæði og ákvæði 4:1b BrB. lögfest í almenn hegningarlög kynni þó að koma til álita við saksókn vinnumansalsmála að hafa uppi varakröfu um refsingu við broti gegn slíku ákvæði. Þannig væri mögulega hægt að tryggja með betri hætti að þeim sem alvarlega hagnýta einstaklinga til vinnu verði gert að sæta viðeigandi refsingu fallist dómari ekki á að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. séu uppfyllt. Má í þessu samhengi vísa í áðurnefndan dóm *Landsréttar í máli nr. 324/2022* og velta því upp hvort ákærðu í því máli hefði mögulega verið gert að sæta refsingu væri sambærilegt ákvæði og ákvæði 4:1b BrB. að finna í almennum hegningarlögum og ef gerð hefði verið varakrafa um refsingu við slíku broti. Hér ber að árétta að samkvæmt 2. mgr. 4:1b BrB. er ekki skilyrði að

[279] Michela Semprebon og Isabelle Johansson (n. 234) 33.
[280] Regeringens proposition 2017/18:123, 38.
[281] Anne Gallagher og Paul Holmes, „Developing an Effective Criminal Justice Response to Human Trafficking“ (2008) 18(3) International Criminal Justice Review 318, 322.
[282] Regeringens proposition 2017/18:123, 41.

tiltekinni verknaðaraðferð hafi verið beitt sé brotaþoli yngri en 18 ára, en brotaþolar í máli þessu voru öll börn. Sé um börn að ræða þarf því aðeins að sýna fram á að einstaklingur hafi verið hagnýttur til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls. Þannig mætti í þessu sambandi velta því upp hvort aðstæður barnanna hafi verið bersýnilega óásættanlegar í skilningi 4:1b BrB.

Ljóst verður að telja að hér á landi fyrirfinnist alvarleg brot á vinnumarkaði sem felast í hagnýtingu einstaklinga, einkum einstaklinga sem höllum fæti standa í samfélagi okkar. Þá liggur fyrir að erfiðlega hefur gengið við rannsókn og saksókn vinnumansalsmála á Íslandi. Sama staða er uppi í bæði Svíþjóð og Danmörku og var að mati yfirvalda ekki hægt að leysa úr þeirri stöðu nema með lögfestingu sérgreinds ákvæðis þar sem alvarleg hagnýting á vinnumarkaði, sem ekki uppfyllir skilyrði vinnumansals, er gerð refsiverð. Áform virðast standa til að gera slíkt hið sama í Noregi. Með vísan til framangreinds og alls þess sem hér að ofan hefur verið rakið má færa sterk rök fyrir því að full ástæða sé til að skoða á sviði íslenskrar löggjafar hvort tilefni sé til að innleiða sambærilegt ákvæði og ákvæði 4:1b BrB. í almenn hegningarlög.

6. Lokaorð

Meginmarkmið ritgerðar þessarar var að leita svara við því hvort tilefni sé til að gera breytingar á almennum hegningarlögum svo betur sé unnt að sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Í því skyni var ítarlega fjallað um inntak og beitingu mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a hgl. og hvernig vinnumansal fellur að ákvæðinu. Var í þeim efnum að mestu stuðst við lögskýringargögn og fræðiumfjöllun um Palermó-bókunina og Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali. Jafnframt var litið til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla er ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. varðar, þótt takmörkuð sé. Þá var skoðað hvers konar viðurlög liggja við alvarlegum brotum á vinnumarkaði, sem þó teljast ekki til vinnumansals, og hvernig auka megi refsivernd gegn slíkum brotum.

Af umfjöllun um skilyrði beitingar ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl., þ.e. skilyrðin um verknað, verknaðaraðferð og tilgang, má ráða að mansal getur verið einkar flókið brot. Þá geta ýmis vandkvæði við sönnun valdið því að óljóst er hvort háttsemi falli að ákvæði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Af framkvæmd íslenskra dómstóla má draga þá ályktun að ákveðið þekkingarleysi ríkir á meðal dómara um skilyrði og beitingu ákvæðisins. Jafnframt virðist ákveðin vanþekking ríkja á meðal lögreglu og þeirra sem mansalsmál rannsaka. Ljóst virðist vera að þessi vanþekking hafi teljandi áhrif á árangur Íslands í baráttunni gegn mansali, en eins og rakið hefur verið í ritgerð þessari virðist Ísland e.t.v. standa fremur aftarlega hvað varðar rannsókn og saksókn vinnumansalsmála í samanburði við önnur Norðurlönd. Að mati höfundar verður ekki úr þessu bætt nema fræðsla og endurmenntun dómara og annarra sem að mansalsmálum koma verði aukin til muna. Hefur GRETA vakið athygli á ofangreindum vanda Íslands og beint þeim tilmælum að íslenskum yfirvöldum að auka þurfi þekkingu til þess að tryggja að vinnumansalsmál hljóti viðeigandi meðferð innan réttarvörslukerfisins.

Nokkuð ítarlega var fjallað um nýlegar breytingar á ákvæði 227. gr. a. með lögum nr. 79/2021. Fallast má á að þær breytingar sem gerðar voru á mansalsákvæði hegningarlaganna með umræddum lögum hafi verið stórt og nauðsynlegt skref í rétta átt í baráttunni gegn mansali. Telja verður að ákvæðið sé nú betur til þess fallið að taka á þekktum birtingarmyndum mansals hér á landi, einkum vinnumansals, og tryggja saksókn á hendur þeim sem gerst hafa sekir um mansal. Þá er óumdeilt að umræddar breytingar færðu ákvæðið nær alþjóðlegum skilgreiningum á mansali og gerðu Íslandi betur kleift að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Við meðferð frumvarps til laga nr. 79/202 á Alþingi voru þó áberandi vangaveltur þess efnis hvort ekki hefði verið tilefni til frekari

breytinga á almennum hegningarlögum í því skyni að betur sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði.

Fjallað var um helstu ákvæði sérlaga er einhverskonar viðurlög eða refsingar leggja við brotum á vinnumarkaði og athugað hvernig slík brot kunna að skarast á við vinnumansal. Sú athugun leiddi helst í ljós að atvik máls eru oft flókin og því óljóst hvort um vinnumansal sé að ræða. Hefur þá í framkvæmd háttsemi verið heimfærð til annarra ákvæða laga, s.s. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Ljóst sé þó að það eitt að greiða starfsmanni ekki laun eða laun sem ekki samrýmast lágmarkslaunum samkvæmt kjarasamningum, eða gera starfsmanni að vinna við óásættanlegar aðstæður, telst ekki eitt og sér fela í sér vinnumansal í ljósi skilyrða 1. mgr. 227. gr. a. hgl. Þá var dregin sú ályktun að þau viðurlög sem liggja við brotum á vinnumarkaði eru frekar væg, eða jafnvel engin. Áform stjórnvalda standa til þess að gera breytingar þar á í því skyni að hindra og stöðva alvarlega brotastarfsemi á vinnumarkaði. Hefur í því sambandi verið bent á að endurskoða þurfi þá löggjöf sem á þessu málefnasviði gildir svo hægt sé að beita skilvirkum aðgerðum sem skila muni tilætluðum árangri. Velti höfundur því upp hvort tilefni væri í því samhengi til að gera breytingar á almennum hegningarlögum þess efnis að refsing væri lögð við alvarlegri hagnýtingu á vinnumarkaði, en fyrirmynd slíkra breytinga væri hægt að sækja til nýlegs ákvæðis 4:1b sænsku hegningarlaganna.

Umrætt ákvæði sænsku hegningarlaganna var gert að sérstöku athugunarefni í ritgerð þessari, en með því er lögð allt að fjögurra ára fangelsisrefsing við alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Ástæðu þess að umræddu ákvæði var bætt við sænsku hegningarlögin má rekja til þess að önnur ákvæði sænsku hegningarlaganna, þ.á.m. mansalsákvæði 4:1a, þóttu ekki veita nægilega mikla vernd, einkum þeim sem líklegri væru til að verða fyrir hagnýtingu á vinnumarkaði. Þá var umræddu ákvæði jafnframt ætlað að bregðast við þeim vanda sem Svíþjóð á við að etja í tengslum við rannsókn og saksókn vinnumansalsmála, en með vísan til umfjöllunar í ritgerð þessari virðist Ísland glíma við sambærilegt vandamál. Ítarlega var fjallað um skilyrði ákvæðisins og hvernig það hefur verið túlkað af Hæstarétti Svíþjóðar. Þá var stuttlega vikið að sambærilegu ákvæði dönsku hegningarlaganna, ákvæði 262.b.

Ljóst verður að telja að hér á landi sé víða pottur brotinn og að alvarlega sé brotið gegn réttindum starfsfólks á vinnumarkaði, sem þó telst e.t.v. ekki fela í sér vinnumansal. Þá kann að vera óljóst hvort um vinnumansal ræðir eða ekki er hægt að færa sönnur á að öll skilyrði ákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. séu uppfyllt. Brot á vinnumarkaði sem felast í hagnýtingu einstaklinga til vinnu, sem ekki teljast vera vinnumansal, geta verið af ýmsum

toga og alvarleikastig þeirra mismikið. Því má telja eðlilegt að sum brot, sem e.t.v. eru ekki svo alvarleg, varði stjórnvaldsviðurlögum eða annarskonar viðurlögum, s.s. dagsektum. Hins vegar fyrirfinnast hér á landi alvarleg brot á vinnumarkaði, þar sem allverulega er farið á svig við réttindi starfsmanns. Slík brot kunna e.t.v. ekki að teljast vinnumansal eða ekki er hægt að færa sönnur á að öll skilyrði mansalsákvæðis 1. mgr. 227. gr. a. hgl. séu uppfyllt. Velta má því upp hvort núgildandi löggjöf sé til þess fallin að sporna gegn slíkum brotum og hafi tilætluð varnaðaráhrif. Að sama skapi má velta því upp hvort rétt og eðlilegt sé að við slíkum brotum liggi ekki þyngri viðurlög eða refsing samkvæmt íslenskum lögum. Almenn réttarvitund og samfélagsleg gildi hljóta að standa til þess að gera þeim sem stórlega hagnýta einstaklinga til vinnu, sem þó telst ekki vinnumansal, refsingu í samræmi við alvarleika slíkrar háttsemi.

Samkvæmt framansögðu mætti færa sterk rök fyrir því að gerðar yrðu breytingar á almennum hegningarlögum þess efnis að kveðið yrði á um refsingu við alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði. Slíka breytingu væri hægt að orða með eftirfarandi hætti, en tillaga þessi er nær efnislega samhljóða ákvæði 4:1b sænsku hegningarlaganna:

> *Á eftir 227. gr. a. laganna kemur ný grein, 227. gr. b., svohljóðandi:*
>
> *Hver sá sem, í öðrum tilvikum en um getur í 1. mgr. 227. gr. a., hagnýtir sér mann til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls og beitir í því skyni nauðung, blekkingum, misnotkun á ósjálfstæði, varnarleysi eða erfiðum aðstæðum hans, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.*
>
> *Sömu refsingu og í 1. mgr. skal sá sæta, sem hagnýtir einstakling yngri en 18 ára til nauðungarvinnu, vinnu við bersýnilega óásættanlegar aðstæður eða betls.*
>
> *Teljist brot skv. 1. mgr. eða 2. mgr. stórfellt skal það varða fangelsi allt að 10 árum. Við mat á grófleika brotsins skal litið til umfangs brotsins, hvort brotið hafi leitt til umtalsverðs hagnaðar eða falið í sér sérlega vægðarlausa hagnýtingu á einstaklingnum.*

Að mati höfundar yrðu breytingar af framangreindum toga betur til þess fallnar að sporna gegn alvarlegri hagnýtingu einstaklinga á vinnumarkaði, sem ekki telst til vinnumansals eða þegar ekki er hægt að færa sönnur á að skilyrði 1. mgr. 227. gr. a. hgl. séu uppfyllt. Með því að fylgja fordæmi Svíþjóðar og Danmerkur gætu íslensk stjórnvöld tekið skref í rétta átt og undirstrikað að alvarleg brot á vinnumarkaði sem felast í hagnýtingu einstaklinga eigi ekki að líðast í okkar nútímasamfélagi. Vanda þyrfti þó til verka og tryggja að breytingarnar yrðu þess ekki valdandi að minni áhersla yrði lögð á rannsókn og saksókn vinnumansalsmála hér á landi.

Heimildaskrá

„Aðild að kjarasamningi“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettur/adild/> skoðað 27. apríl 2023

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur lögreglunnar á Suðurnesjum, viðtal við höfund (Reykjavík 17. nóvember 2022)

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (Codex 2008)

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, „Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess“ (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Rannóknir & greining ehf. 2001) <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Vandi_a_islandi.pdf> skoðað 13. október 2022

Caplan A, Domíngues-Gil B, Matesanz R og Prior C, „Trafficking in organs, tissues and cells and trafficking in human beings for the purpose of the removal of organs: Joint Council of Europe/United Nations Study“ (United Nations og Council of Europe 2009) <https://rm.coe.int/16805ad1bb> skoðað 20. október 2022

Council of Europe, „Explanatory Report to the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings“ (CETS 197 2005) <https://rm.coe.int/16800d3812> skoðað 18. október 2022

— — „Chart of Signatures and ratifications of Treaty 197“ *(*Treaty Office*)* <https://www.coe.int/conventions/full-listsignatures-by-treaty&treaty197> skoðað 18. október 2022

Dómsmálaráðuneytið, „Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali tók gildi á Íslandi 1. júní 2012“ *Stjórnarráð Íslands* (8. júní 2012) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2012/06/08/SamningurEvropuradsins-um-adgerdir-gegn-mansali-tok-gildi-a-Islandi-1.-juni-2012/> skoðað 14. október 2022

— — „Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu“ (Dómsmálaráðuneytið mars 2019) <https://www.stjornarradid.is/aherslur-stjornvalda> skoðað 13. nóvember 2022

— — „Þekkir þú vísbendingar um mansal?“ *Stjórnarráð Íslands* (15. mars 2022) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/03/15/Thekkir-thu-visbendingar-um-mansal/> skoðað 12. apríl 2023

— — og utanríkisráðuneytið, „Svala Ísfeld kjörin í eftirlitsnefnd Evrópuráðsins gegn mansali (GRETA)“ *Stjórnarráð Íslands* (13. desember 2021) <https://www.stjornarradid.is/efst-a-

baugi/frettir/stok-frett/2021/12/13/Svala-Isfeld-kjorin-i-eftirlitsnefnd-Evropuradsins-gegn-mansali-GRETA/> skoðað 20. október 2022

Drífa Snædal, fyrrum forseti Alþýðusambands Íslands, viðtal við höfund (Reykjavík 2. nóvember 2022)

Edda Bergsveinsdóttir, deildarstjóri atvinnuréttinda erlendra starfsmanna hjá Vinnumálastofnun, viðtal við höfund (Reykjavík 1. nóvember 2022)

„Efling mun styðja áfrýjun í máli rúmenskra félagsmanna gegn Eldum rétt og starfsmannaleigu“ (Efling 25. febrúar 2021) <https://www.efling.is/2021/02/efling-mun-stydja-afryjun-i-mali-rumenskra-felagsmanna-gegn-eldum-rett-og-starfsmannaleigu/> skoðað 7. desember 2022

„Eldum rétt og Mönnum í vinnu stefnt til greiðslu bóta vegna nauðungarvinnu“ (Efling 2. júlí 2019) <https://www.efling.is/2019/07/eldum-rett-og-monnum-i-vinnu-stefnt-til-greidslu-bota-vegna-naudungarvinnu/> skoðað 5. desember 2022

Emilía Sara Ólafsdóttir, „735 fórnarlömb mansals á Íslandi“ *ruv.is* (Reykjavík 19. júlí 2018) <https://www.ruv.is/frettir/erlent/735-fornarlomb-mansals-a-islandi> skoðað 23. apríl 2023

Ericson B, „Är det människoexploatering att arbeta under orimliga arbetsvillkor?“ (JP Infonet 30. mars 2022) <https://www.jpinfonet.se/kunskap/nyheter4/2022/mars/ar-det-manniskoexploatering-att-arbeta-under-orimliga-arbetsvillkor/> skoðað 28. janúar 2023

Erla María Davíðsdóttir, „Veitingahúseigendur uppvísir um stórfelldan launaþjófnað“ *fréttablaðið.is* (Reykjavík 25. ágúst 2022) <https://www.frettabladid.is/frettir/veitingahuseigendur-uppvisir-um-launathjofnad/> skoðað 2. nóvember 2022

„Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali: Eftirlitskerfi“ (Council of Europe) <https://rm.coe.int/16805d58c0> skoðað 21. september 2022

Flosi H. Sigurðsson, „Hlutlæg og huglæg skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 227. gr. a. hgl. um mansal“ (2011) 64 Úlfljótur 555

Gallagher A, *The International Law of Human Trafficking* (Cambridge University Press 2010)

— — og Holmes P, „Developing an Effective Criminal Justice Response to Human Trafficking“ (2008) 18(3) International Criminal Justice Review 318

Greiningardeild ríkislögreglustjóra, „Skipulögð brotastarfsemi á Íslandi: Áhættumatsskýrsla greiningardeildar ríkislögreglustjóra“ (Ríkislögreglustjóri maí 2019)

<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/05/Skip.-gl%C3%A6past.-endanleg-2019.pdf> skoðað 25. nóvember 2023

— — „Skipulögð brotastarfsemi: Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi“ (Ríkislögreglustjóri desember 2021) <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/12/SKIPULOGTH_BROTASTARFSEMI_Skyrsla.pdf> skoðað 1. nóvember 2022

Group of Experts on Action against Trafficking in Human Beings, „Report concerning the implementation of the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings by Iceland“ (Council of Europe 15. mars 2019) <https://rm.coe.int/greta-2019-02-fgr-isl-en/16809382d4> skoðað 11. febrúar 2023

— — „Human Trafficking for the Purpose of Labour Exploitation: Thematic Chapter of the 7th General Report on GRETA‘s Activities“ (Council of Europe október 2019) <https://rm.coe.int/labour-exploitation-thematic-chapter-7th-general-report-en/16809ce2e7> skoðað 9. janúar 2023

„Grunur um stórfelldan launaþjófnað á Flame og Bambus“ *mbl.is* (Reykjavík 25. ágúst 2022) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/08/25/grunur_um_storfelldan_launathjofnad_a_flame_og_bamb/> skoðað 2. nóvember 2022

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, „Vinnulöggjöfin (lög nr. 80/1938) í 70 ár“ (2008) 4(2) Stjórnmál og stjórnsýsla 181

Hagdeild ASÍ, „Íslenskur vinnumarkaður 2019: Erlent launafólk og brotastarfsemi á vinnumarkaði“ (Aþýðusamband Íslands ágúst 2019) <https://www.asi.is/media/315797/islenskur_vinnumarkadur_2019_brotastarfsemi_130819_2.pdf> skoðað 12. janúar 202

Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir „Grunur um stórfelldan launaþjófnað á tveimur veitingastöðum tilkynntur til lögreglu“ *visir.is* (Reykjavík 25. ágúst 2022) <https://www.visir.is/g/20222302650d> skoðað 2. nóvember 2022

Hallgrímur Indriðason, „Vík: Brot á atvinnuréttindum útlendinga skoðuð“ *ruv.is* (Reykjavík 8. desember 2016) <https://www.ruv.is/frettir/innlent/vik-brot-a-atvinnurettindum-utlendinga-skodud> skoðað 5. desember 2022

Innanríkisráðuneytið, „Mansal: Áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali“ (Innanríkisráðuneytið apríl 2013)

International Labour Office, *A Global Alliance against Forced Labour: Global Report under the Follow-up to the ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work (*International Labour Organization 2005)

— — *Human Trafficking and Forced Labour Exploitation: Guidelines for Legislation and Law Enforcement* (International Labour Organization 2005)

— — *Eradication of Forced Labour (*International Labour Organization 2007)

— — *ILO Standards on Forced Labour: The new Protocol and Recommendations at a Glance* (International Labour Organization 2016)

International Labour Organization, Walk Free og International Organization for Migration, *Global Estimates of Modern Slavery: Forced Labour and Forced Marriage* (International Labour Organization september 2022)

Interpretative notes for the official records (*travaux préparatoires)* of the negotiation of the United Nations Convention against Transnational Organized and the Protocols thereto (3. nóvember 2000) UN doc A 55/383/Add. 1

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsiábyrgð III* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2002)

Kiss M, „Understanding Social Dumping in the European Union“ (European Union mars 2017) <https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2017/599353/EPRS_BRI(2017)599353_EN.pdf > skoðað 8. febrúar 2023

„Lágmarkslaun“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettarvefur-/lagmarkslaun/> skoðað 27. apríl 2023

McClean D, Transnational Organized Crime: A Commentary on the UN Convention and its Protocols. (Oxford University Press 2007)

Planitzer J og Sax H (ritsj.), *A Commentary on the Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings* (Edward Elgar Publishing Limited 2020)

Rainey B, Wicks E og Ovey E, *The European Convention on Human Rights* (7. útg., Oxford University Press 2017)

Regjeringen Støre, „Handlingsplan mot sosial dumping og arbeidslivskriminalitet“ (Departementene 1. október 2022) <https://www.regjeringen.no/contentassets/d7c0a27fb108424eae30bed75041c2aa/action-plan-to-combat-social-dumping-and-work-related-crime-2022.pdf> skoðað 29. apríl 2023

„Réttindi félagsmanna“ (Alþýðusamband Íslands) <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/rettindi-felagsmanna/> skoðað 22. apríl 2023

Samstarfshópur félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði, „Skýrsla samstarfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði“ (Félagsmálaráðuneytið janúar 2019) <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Skyrsla-um-felagsleg-undirbod.pdf> skoðað 22. mars 2023

„Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs“ (Stjórnarráð Íslands 28. nóvember 2021) <https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf> skoðað 23. janúar 2023

Semprebon M og Johansson I, *Strenghts and Weaknesses of the Swedish Anti-trafficking System* (UNESCO Chair SSIIM 2020)

Sjödin E, „Människoexploatering – en analys av ett straffbuds förhållande till regleringen av arbetsmarknaden“ (2020) 31(3) Juridisk Tidskrift 696

— — „Criminalisation as a Response to low wages and labour market exploitation in Sweden“ (2021) 12(4) European Labour Law Journal 529

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, „Krefja Bambus og Flame um 13 milljónir“ *mbl.is* (Reykjavík 1. september 2022) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/01/krefja_bambus_og_flame_um_13_milljonir/> skoðað 1. desember 2022

„Status of Treaties: Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children“ (United Nations Treaty Office) <https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=XVIII-12-a&chapter=18&clang=_en> skoðað 3. maí 2023

„Status of Treaties: United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations Treaty office) <https://treaties.un.org/pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=XVIII-12&chapter=18&clang=_en> skoðað 3. maí 2023

„Stuðningur stjórnvalda við lífskjarasamninga“ (Stjórnarráð Íslands apríl 2019) <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/STUDNINGUR.4(vef).pdf > skoðað 3. febrúar 2023

Swedish National Audit Office, „Government initiatives to combat labour exploitation: Regulations, inspections, information and support to victims“ (Swedish National Audit Office 30. nóvember 2020) <https://www.riksrevisionen.se/download/18.3833c2e817715662b0220bc6/1611154706421/RiR_2020_27_en-GB_full.pdf> skoðað 5. febrúar 2023

The Warnath Group, „Coercion in the Human Trafficking Context“ (The Warnath Group ágúst 2020) <https://www.warnathgroup.com/wp-content/uploads/2020/08/Practice-Guide-Coercion.pdf> skoðað 11. febrúar 2023

— — „The Consent Defense in Trafficking in Persons Cases“ (The Warnath Group desember 2020) <https://www.warnathgroup.com/wp-content/uploads/2020/12/Warnath-Group-Practice-Guide-The-Consent-Defense-in-Trafficking-in-Persons-Cases.pdf> skoðað 24. febrúar 2023

„Trafficking in Persons Report“ (Department of State júlí 2022) <https://www.state.gov/wp-content/uploads/2022/10/20221020-2022-TIP-Report.pdf> skoðað 11. febrúar 2023

Tværministerielle arbejdsgrupper, „Afrapportering fra de tværministerielle arbejdsgrupper om sårbare udenlandske arbejdstagere og bekæmpelse af menneskehandel“ (Beskæftigelsesministeriet september 2021) <https://bm.dk/media/18480/afrapportering-fra-de-tvaerministerielle-arbejdsgrupper-om-saarbare-udenlandske-arbejdstagere-og-bekaempelse-af-menneskehandel.pdf> skoðað 25. apríl 2023

United Nations Office on Drugs and Crime, „Model Law on Trafficking in Persons“ (United Nations september 2009) <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/UNODC_Model_Law_on_Trafficking_in_Persons.pdf> skoðað 29. janúar 2023

— — „Guidence Note on abuse of of a position of vulnerability as means of trafficking in persons in Article 3 of the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations 2012) <https://www.unodc.org/documents/humantrafficking/2012/UNODC2012_Guidance-Note_-_Abuse_of_a_Position_of_Vulnerability_E.pdf> skoðað 23. mars 2023

— — „Issue Paper: the Role of Consent in the Trafficking in Persons Protocol“ (United Nations 2014) <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2014/-UNODC_2014_Issue_Paper_Consent.pdf> skoðað 3. apríl 2023

— — „The International Legal Definition on Trafficking in Persons: Consolidation of research findings and reflection on issues raised“ (United Nations desember 2018) <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2018/Issue_Paper_International_Definition_TIP.pdf> skoðað 10. október 2022

— — „Legislative Guide for the Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, especially Women and Children, supplementing the United Nations Convention against Transnational Organized Crime“ (United Nations 2020) <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2020/TiP_LegislativGuide_Final.pdf> skoðað 20. október 2022

— — „Model Legislative Provisions Against Trafficking in Persons“ (United Nations 2020) <https://www.unodc.org/documents/human-trafficking/2020/TiP_ModelLegislativeProvisions_Final.pdf> skoðað 23. mars 2023

— — *Gobal Report on Trafficking in Persons 2022* (United Nations janúar 2023)

Vændisnefnd, „Skýrsla nefndar sem var falið að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis“ (Dómsmálaráðuneytið 16. apríl 2002) <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/vaendiogklam.pdf> skoðað 13. október 2022

Þorsteinn Ásgrímsson, „Ekki mansal vegna frís fæðis og húsnæðis“ *mbl.is* (Reykjavík 12. desember 2016) <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/12/12/ekki_mansal_vegna_fris_faedis_og_husnaedis/> skoðað 5. desember 2022

Winterdyk J, Perrin B og Reichel P, *Human Trafficking: Exploring the International Nature, Concerns and Complexitites* (Taylor & Francis Group 2011)